**DÚKKUHÚS Í HAFNARFIRÐI**

*Gamalt timburhús endurbyggt*

hús fasteignir

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**





**RAGNAR OG ÁSDÍS**

**MYNDLIST OG TÓNLIST RENNA SAMAN Í EITT**

Kenna ungu fólki á helgarnámskeiðum

**FÓLK 34**








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. febrúar 2006 — 57. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000




### Jafnréttissinni í hjarta

Sandra Frank lýkur í vikunni sinni fyrstu setu á Alþingi sem varaþingmaður.

**TÍMAMÓT 64**

### Vitlaust spurt



Hví skyldi það taka íslensk börn fjögur ár að læra það sem tekur jafnaldra þeirra á Norðurlöndum þrjú ár að læra? spyr Guðmundur Andri Thorsson. Svarið liggur í undirbúningnum - grunnskólanum.

**Í DAG 18**

### Konur og aðrar kvenverur

Magdalena Margrét Kjartansdóttir myndlistarkona hefur opnað sýningu á verkum sínum en þar má meðal annars sjá allt frá stúlkum og yngismeyja til forynja og pissudúkka.

**MENNING 23**

### Beðið eftir Alfreð



Landsliðsþjálfaramál handboltalandsliðsins eru enn í hnút. HSÍ bíður eftir Alfreð Gíslasyni, sem reynir að fá starfslokasamning við Magdeburg með litlum árangri. Hann er að falla á tíma því HSÍ vill klára málið í vikunni.

**ÍÞRÓTTIR 28**

### VEÐRIÐ Í DAG




**KÓLNANDI** Í dag verður norðlæg átt. Yfirleitt bjartviðri syðra en skýjað og stöku él á landinu norðanverðu. Hiti nálægt frostmarki fyrir norðan en lítið eitt yfir því syðra. Veður fer smám saman kólnandi.

**VEÐUR 4**

# Lést í sprungu á Hofsjökli

**Jeppi fór niður um sprungu í Hofsjökli á laugardag. Einn maður lést og annar slasaðist. Sá slasaði er á gjörgæsludeild en er ekki talinn beinbrotinn. Aðstæður voru erfiðar en björgunaraðgerðir gengu vel.**

**SLYS** Maður lést og annar slasaðist þegar bíll féll niður um sprungu skammt austan við Hásteina í Hofsjökli um þrjúleytið síðdegis á laugardaginn. Maðurinn sem lést hét Tómas Ýmir Óskarsson. Hann var 21 árs gamall og búsettur á Akureyri. Tómas lætur eftir sig unnustu.



**TÓMAS ÝMIR ÓSKARSSON** Lét lífið í slysinu á Hofsjökli á laugardag.

Maðurinn sem slasaðist liggur á gjörgæsludeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi en að sögn læknis á gjörgæsludeild verður í dag tekin ákvörðun um hvort hann verði útskrifaður. Hann var til rannsóknar í gær og var talinn mikið slasaður en ekki beinbrotinn.

Þrír jeppar voru á ferð á Hofsjökli á laugardag þegar ökumenn tveggja fyrstu jeppanna tóku skyndilega eftir því að þann síðasta vantaði. Þeir sneru við og komust að raun um að sá þriðji hafði fallið niður um sprungu.

Þeir hringdu í neyðarlínuna upp úr klukkan þrjú á laugardaginn og var strax hafist handa við að boða björgunarsveitir úr Eyjafirði, Skagafirði, Húnavatnssýlu, Árnes- og Rangárvallasýslum og Reykjavík. Vel á annað hundrað manns kom að björguninni.

Hvorug þyrla Landhelgisgæslunnar var til taks en þyrla á danska varðskipinu Titron var kölluð út og var hún tilbúin til flugtaks um fjögur. Þrír björgunarmenn fóru með henni. Þá komu þyrlur Varnarliðsins einnig að aðgerðum.

Björgunarmennirnir þrír voru komnir niður í sprunguna um sexleytið en aðstæður voru erfiðar og hættulegar. Bíllinn hafði fallið um tuttugu metra og var samanrekinn og skorðaður á hlið í sprungunni en manngengt var undir hann.

Björgunarmenn komust hvergi að mönnunum öðruvísi en að klippa af hurðirnar og voru þeir búnir að losa ökumanninn úr flakinu um ellefuleytið. Hann var orðinn kaldur og marinn eftir biðina í bílnum en hann lá þar í fósturstellingu samanherptur á hlið í átta tíma. Maðurinn var með meðvitund allan tímann og stóð sig mjög vel, að sögn björgunarmanna.

Maðurinn var kominn upp á brún jökulsins um miðnætti og lenti þyrla með hann á Landspítalanum í Fossvogi um eittleytið. Björgunarmenn voru búnir að pakka saman um eitt og héldu þá heim á leið. Þeir síðustu komu heim til sín skömmu fyrir hádegi í gærmorgun.

**Sjá síðu 4 / - ghs**



MYND/ÓMAR RAGNARSSON



MYND/BÖÐVAR FINNBOGASON

**HLÚÐ AÐ HINUM SLASAÐA** Maðurinn var kominn upp á brún jökulsins um miðnætti. Hann var kaldur og marinn en ekki talinn beinbrotinn. Hann var við meðvitund allan tímann.

Tugir þúsunda fylktu liði á götum Parísar til að andæfa gyðingahatri:

# Morð vekur mikinn óhug

**PARÍS, AP** Tugir þúsunda fylktu liði um götur Parísar í gær til þess að mótmæla gyðingahatri og kynþáttafordómum. Tilefni mótmælanna er morð á ungum gyðingi í París, Ilam Halimi, sem hafði verið pyntaður í þrjár vikur áður en hann fannst illa leikinn.

Ráðherrar og stjórnmálamenn úr öllum flokkum tóku þátt í mótmælagöngunni. Smærri mótmælagöngur voru farnar í öðrum borgum Frakklands, þar á meðal í Lyon og Bordeaux.

„Í dag verðum við að mótmæla, við verðum að rísa upp til þess að segja að í Frakkklandi á hver einasti okkar rétt á að lifa með reisn, hver svo sem Guð hans er, trúarbrögð eða húðlitur,“ sagði Philippe Douste-Blazy utanríkisráðherra.



**MÓTMÆLENDUR Í PARÍS** Morð á ungum gyðingi varð til þess að tugir þúsunda flykktust út á götur Parísar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ilam Halimi var 23 ára símasölumaður. Honum var rænt 21. janúar síðastliðinn og fannst nakinn, handjárnaður og þakinn brunasárum hinn 13. febrúar á járnbrautarteinum suður af París. Hann lést á leiðinni á sjúkrahús.

Óljóst er enn hvort rekja megi morðið til gyðingahaturs. Nicolas Sarcozy innanríkisráðherra sagði í gær að árásarmennirnir hefðu að öllum líkindum látið ágirndina stjórna sér. „En þeir trúðu því, og ég vitna í þá, „að gyðingar eigi peninga“,“ sagði hann. „Það kallast gyðingaandúð.“

Stjórnmálamaðurinn Philippe de Villiers var hrakinn úr göngunni með hrópum og pústrum. Stjórnmálaflokkur hans, sem heitir Hreyfing í þágu Frakklands, kennir innflytjendum um félagsleg vandamál í Frakklandi, rétt eins og Þjóðarfylkingin, annar hægriflokkur sem skipuleggjendur mótmælanna bönnuðu þátttöku. ■








## SPURNING DAGSINS

*Harpa, ertu Haukur í horni?*

„Nei, ég er skytta."

Harpa Melsteð er fyrirliði Hauka, sem urðu bikarmeistarar í handbolta á laugardag.

Tveir slösuðust þegar bíll þeirra steyptist niður þverhnípt berg við Hrafntinnusker:

# Gátu sjálfir kallað á hjálp

**SLYS** Tveir menn voru fluttir með þyrlu varnarliðsins eftir að bíll þeirra fór út af veginum við Hrafntinnusker í fyrrinótt. Bíll mannanna valt hátt í tuttugu metra.

Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli þykir mikil mildi að ekki fór verr í slysinu. Bíllinn er gjörónýtur eftir að hafa steypst niður þverhnípi.

Mennirnir náðu að koma sér út úr bílnum og ganga að skála í grenndinni. Þaðan sendu þeir út neyðarkall og stuttu seinna, um klukkan tvö, komu félagar úr björgunarsveitinni Ársæli á vettvang.

Björgunarsveitin hafði verið við æfingar í nágrenni slysstaðarins og var því fljót á vettvang og gat hlúð að mönnunum.

Þyrla varnarliðsins, sem stuttu áður hafði sinnt björgunarstörfum við Hofsjökul, var síðan send á slysstað. Flutti þyrlan mennina á Landspítalann í Fossvogi og lenti um fimmleytið í gærmorgun.

Þær upplýsingar fengust á Landspítala í gærkvöldi að mennirnir væru komnir af gjörgæslu. Þeir munu ekki í lífshættu og er líðan þeirra stöðug. - sha



**ÞYRLA VARNARLIÐSINS** Hafði í nógu að snúast um helgina.

Sjálfstæðismenn í Grindavík:

## Góð þátttaka í prófkjörinu

**PRÓFKJÖR** Sigmar Eðvarðsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Grindavík og formaður bæjarráðs, hlaut afgerandi kosningu í fyrsta sæti í prófkjöri flokksins sem fram fór á laugardag. Sigmar hlaut 125 atkvæði í fyrsta sætið og sagðist ánægður með úrslitin. Guðmundur Pálsson hreppti annað sæti, Guðbjörg Eyjólfsdóttir það þriðja og Pétur Guðmundsson það fjórða.

Sjálfstæðismönnum í Grindavík fjölgaði mikið fyrir prófkjörið, um sjötíu manns gengu í flokkinn á kjördag og alls kusu 156 í prófkjörinu. Sjálfstæðismenn eru í meirihlutasamstarfi með Samfylkingunni. ■

Ariel Sharon 75 ára:

## Batalíkur fara minnkandi

**JERÚSALEM, AP** Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, hefur verið í dái allt frá því hann hlaut alvarlegt heilablóðfall 4. janúar síðastliðinn. Læknar segja að með hverjum degi sem líði minnki líkurnar á því að hann komist aftur til meðvitundar.



**ARÍEL SHARON**

Í gær varð Sharon 75 ára og í tilefni dagsins heimsóttu báðir synir hans og helstu ráðgjafar sjúkrahúsið þar sem hann liggur. Starfsfólk sjúkrahússins sagði ástand Sharons stöðugt en alvarlegt.

Ehud Olmert, sem tók við embætti forsætisráðherra af Sharon, hóf ríkisstjórnarfund í gær með því að óska honum bata hið fyrsta. - gb

Keyrði á skilti í Hafnarfirði:

## Þrettán ára tekinn á bíl

**LÖGREGLA** Lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði í gærmorgun þrettán ára pilt sem hafði tekið bíl foreldra sinn ófrjálsri hendi. Pilturinn er búsettur í Grindavík og ók sem leið lá eftir Reykjanesbraut áleiðis til Hafnarfjarðar.

Ökuferð piltsins fékk skjótan endi í Hafnarfirði þar sem hann keyrði utan í tvö umferðarskilti. Pilturinn slapp ómeiddur en bíllinn er skemmdur eftir áreksturinn.

Lögreglan í Keflavík hyggst ekki aðhafast frekar í málinu og var piltinum komið til síns heima. - sha

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Slys í sumarbústað** Kalla þurfti út sjúkrabíl í sumarbústað í Svignaskarð rétt fyrir miðnætti á laugardagskvöldið. Þar hafði maður dottið og skorið sig illa á hálsi. Var maðurinn fluttur með hraði á gjörgæslu í Reykjavík þar sem hann var fljótlega útskrifaður.

# Sjö kennarar verða hugsanlega að víkja

**Menntamálaráðherra vonar að starfslok Ólínu Þorvarðardóttur leiði til þess að ró komist á í Menntaskólanum á Ísafirði. Í úttekt Félagsvísindastofnunar segir að náist ekki sættir í deilunni verði fleiri starfsmenn en skólameistari að víkja.**

**MENNTAMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra vonar að starfslok Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, leiði til þess að skólastarfið komist í eðlilegt horf. „Þetta er ákvörðun sem hún tekur í kjölfar atburða síðustu missera og það er ekkert við því að segja. Ég kann að meta að hún tekur þessa ákvörðun með hagsmuni skólans í huga og það sem skiptir mestu máli er að skólastarf komist í góðan farveg og skólinn blási til sóknar."

Aðspurð hvort menntamálaráðuneytið hafi átt frumkvæði að starfslokum Ólínu segir Þorgerður. „Ég ætla ekki að tjá mig um það. Hún er búin að lýsa því yfir að hún hafi sagt upp og ég móttek beiðni hennar."

Í úttekt Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið og kom út í desember í fyrra, segir að báðum deiluaðilum sé um að kenna og ýmislegt bendi til að sumir kennarar hafi verið í „kerfisbundinni andstöðu" við Ólínu árum saman. Lagðar eru til sáttaleiðir en gangi þær ekki upp og leiði deilurnar til þess að skólameistari verði að hætta, þurfi að tryggja að næsti skólameistari mæti ekki sama vanda. „Slíkt verður ekki gert nema viðkomandi kennarar láti af störfum við skólann. Um er að ræða sex til sjö kennara og aðra starfsmenn sem verða að víkja," segir í úttektinni.

Aðspurð hvort ráðuneytið muni fylgja þessum tillögum eftir segist Þorgerður ekki telja þær eiga við í þessu tilfelli, þótt Ólína segi að sér hafi ekki verið stætt á að starfa áfram innan skólans.



**MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI** Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands telur bæði skólameistara og kennara eiga sök á deilunum og lagði til sáttaleið.



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**

„Ráðuneytið er ekki að segja henni upp og það er ekki verið að ýta henni burt, heldur tekur hún sjálfstæða ákvörðun. Það er ennþá unnið að skólaþróunarverkefninu, sem var grundvöllur sáttaferlisins, og samkvæmt mínum upplýsingum hafa allir skrifað undir það eða lýst yfir vilja til að vinna eftir því. Áfram verður unnið að málefnum skólans og greinilegt að eitt og annað þarf að laga. Við megum hins vegar ekki dvelja of mikið við fortíðina heldur eigum við að horfa fram á veginn."

bergsteinn@frettabladid.is



**LÖGREGLAN Í HAFNARFIRÐI** Lagði hald á um fjörutíu grömm af fíkniefnum við venjubundið umferðareftirlit um helgina.

Tekinn við umferðareftirlit:

## Fundu fíkniefni við húsleit

**HAFNARFJÖRÐUR** Lögreglan í Hafnarfirði handtók um helgina mann á þrítugsaldri við venjubundið umferðareftirlit. Reyndist hann hafa í fórum sínum um fjörutíu grömm af amfetamíni og hassi. Lögreglan fékk dómsúrskurð til húsleitar hjá manninum og þar fundust sex grömm af fíkniefnum til viðbótar. Maðurinn játaði einungis að eiga hluta efnanna.

Manninum var seinna sleppt og telst málið að mestu upplýst. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu. - sha

Reglur brotnar í Rússlandi:

## Veitti úrgangi út í næsta fljót

**MOSKVA, AP** Vitalí Sadovnikov, yfirmaður stærstu kjarnorkuendurvinnslustöðvar Rússlands, hefur verið ákærður fyrir brot á öryggisreglum þegar hann heimilaði að tugir milljóna rúmmetra af fljótandi geislavirkum kjarnorkuúrgangi væri veitt út í ána Techa á árunum 2001 til 2004.

Endurvinnslustöðin hafði yfir nægu fé að ráða til þess að koma í veg fyrir þetta umhverfistjón, en yfirmaðurinn kaus að verja því fé heldur í skrifstofukostnað og greiðslur til sjálfs sín, að því er segir í yfirlýsingu rússneska saksóknarans. - gb


www.expressferdir.is

HEIMSBORGIN BERLÍN

27. JÚLÍ – 1. ÁGÚST

BORGARFERÐ TIL BERLÍNAR

59.900 kr.

Njótið Berlínar undir leiðsögn Hjálmars Sveinssonar sem gjörþekkir borgina. Í þessari fimm daga ferð verður farið á alla markverðustu staði Berlínar. Boðið upp á skemmtilega siglingu í gegnum borgina, farið á djasstónleika, kabarett og spennandi veitingahús. Heilsdagsferð til Potsdam og Wannsee, staðir sem eiga sér langa sögu og merkilega. Gist á Park Inn hótelinu á Alexanderplatz í hjarta borgarinnar.

INNIFALIÐ: Flug með sköttum, gisting í 5 nætur með morgunverði og íslensk fararstjórn. Fararstjóri Hjálmar Sveinsson, dagskrárgerðarmaður



» Nánar á www.expressferdir.is

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


Skýrsla starfshóps um reynslu af löggjöf um vændi, mansal og klámiðnað kynnt:

# Sænska leiðin afar umdeild

**STJÓRNMÁL** Starfshópur sem hefur skoðað reynslu af mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal og hefur skilað skýrslu klofnaði í afstöðu sinni til sænsku leiðarinnar, sem snýst um að gera vændiskaup refsiverð.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknarflokks og Vinstri grænna vilja fara sænsku leiðina hérlendis og segja margt benda til þess að vændi sé vaxandi vandamál. Þau telja reynslu Svía sýna að varnaðaráhrif þess að gera vændiskaup refsiverð séu líkleg til að fæla væntanlega vændiskaupendur frá áformum sínum. Fram kemur að verulega hafi dregið úr sýnilegu vændi í Svíþjóð í kjölfar lagasetningarinnar en erfitt sé að meta umfang neðanjarðarstarfseminnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og dóms- og kirkjumálaráðuneytis telja ekki ráðlegt að fara sænsku leiðina og meginrökin eru þau að erfiðara sé að fylgjast með vændinu við að það hverfi af yfirborðinu. Einnig verði sönnunarbyrði þyngri gagnvart vændismiðlurum þar sem kaupendur verði sakamenn með því að játa vændiskaup. Jafnframt er bent á að engin heildarúttekt hafi verið gerð á vegum sænskra stjórnvalda á áhrifum laganna. - sdg




**REFSIVERT ER AÐ STUNDA VÆNDI TIL FRAMFÆRSLU Á ÍSLANDI** Engin ákvæði eru í íslenskri löggjöf um að það sé refsivert að kaupa kynlíf af fullorðnum einstaklingi.


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
Virk Sam-
275 kr./kg.
Borgarnes Saltkjöt blandað
Mikið úrval af saltkjöti
Myllu bollur m/ súkkulaði
358 kr./pk.
Myllu vatnsdeigsbollur m/ súkkulaði
358 kr./pk.
Myllu vatnsdeigsbollur litlar
318 kr./pk.
25% afsláttur
Kexsmiðjan muffins skúffukaka
265 kr./pk.
Kexsmiðjan muffins með súkkulaðibitum
265 kr./pk.
Frón heimiliskex
199 kr./pk.
500 grömm
Garnier sjampó
249 kr./stk.
20% afsláttur
Grims Fiskibollur
Krónu appelsínusafi
158 kr./1l.
safi
Gulrætur 1 kg.
78 kr./pk.
30% afsláttur
Meira úrval
Laukur
29 kr./kg.
Rófur
99 kr./kg.
Eldhúsrúllur
99 kr./pk.
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 24.2.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,16 | 66,48 |
| Sterlingspund | 115,67 | 116,23 |
| Evra | 78,7 | 79,14 |
| Dönsk króna | 10,545 | 10,607 |
| Norsk króna | 9,753 | 9,811 |
| Sænsk króna | 8,355 | 8,403 |
| Japanskt jen | 0,5663 0, | 5697 |
| SDR | 95,11 | 95,67 |

*Gengisvísitala krónunnar*
110,7183

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sigurður Pétursson vann sigur í prófkjöri Í-listans í Ísafjarðarbæ:

# Jafnræði á milli kynjanna

**PRÓFKJÖR** Sigurður Pétursson, sagnfræðingur og kennari við Menntaskólann á Ísafirði, sigraði með yfirburðum í prófkjöri Í-listans í Ísafjarðarbæ sem haldið var í gær. Hann hlaut 192 atkvæði í fyrsta sæti og alls 294 atkvæði.

Sigurður sagðist afar ánægður með úrslitin og að kosningaþátttakan hefði uppfyllt björtustu vonir frambjóðenda. „Það er mjög gleðilegt að nú hafi verið stillt upp breiðum og öflugum hópi þar sem jafnræði er á milli kynja. Þarna er bæði nýtt fólk og sömuleiðis fólk með mikla reynslu,“ segir Sigurður.



**SKIPA EFSTU SÆTI LISTANS** Sigurður, Arna og Magnús voru ánægð með kosningaþátttökuna.

Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi Frjálslynda flokksins í Ísafjarðarbæ, fékk 122 atkvæði í annað sæti og 203 atkvæði alls. Arna Lára Jónsdóttir, stjórnmálafræðingur og verkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, hafnaði í þriðja sæti með 130 atkvæði og alls 160 atkvæði. Í-listinn er sameiginlegt framboð Frjálslynda flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri-hreyfingarinnar - græns framboðs. Sigurður og Arna Lára koma úr röðum Samfylkingarinnar í Í-lista samstarfið en Jóna Benediktsdóttir er fulltrúi Vinstri grænna.

Prófkjörið var öllum opið sem ekki eru flokksbundnir í öðrum stjórnmálaflokkum og alls greiddu 478 manns atkvæði. **- kbh**

Bæjarráð Reykjanesbæjar:

# Vill strætó til Reykjavíkur

**SAMGÖNGUR** Bæjarráð Reykjanesbæjar vill koma á strætisvagnasamgöngum milli Reykjanesbæjar og höfuðborgarsvæðisins ef sá möguleiki er fyrir hendi. Á síðasta fundi sínum samþykkti bæjarráð Reykjanesbæjar að fela bæjarstjóra að kanna möguleika þess að koma á samstarfi milli Strætós Reykjaness og Strætó á höfuðborgarsvæðinu.

Verði af þessu samstarfi verður það til þess að bæta enn frekar strætisvagnanet höfuðborgarsvæðisins en nýlega hófust strætisvagnasamgöngur á milli höfuðborgarsvæðisins og Akranesbæjar. **- sha**

## BJÖRGUNARAÐGERÐIR Á HOFSJÖKLI

Rás atburða og áætluð tímasetning þeirra




**15.14 >** Tilkynning berst Neyðarlínunni um að jeppi hafi fallið í sprungu á Hofsjökli.

**15.17 >** Stjórnstöð Landhelgisgæslu berast boð um að jeppi hafi farið niður um sprungu í Hofsjökli.

**15.30 >** Björgunarmenn úr Eyjafirði, Skagafirði, Húnavatnssýslu, Árnes- og Rangárvallasýslum og Reykjavík boðaðir.

**16.00 >** Þyrla danska varðskipsins Titron tilbúin til flugtaks með þrjá björgunarmenn. Leitar að staðnum í klukkutíma.

**17.05 >** Þyrla Varnarliðsins fer í loftið.



**17.50 >** Þyrla Tritons finnur slysstaðinn. Þyrla Tritons og þyrla Varnarliðsins lenda á slysstað um 18.

**18.10 >** Björgunarmenn komnir ofan í sprunguna.



**19.39 >** Flugvél Landhelgisgæslunnar, Sýn, fer í loftið til að vera endurvarpi fyrir fjarskipti milli björgunaraðila á slysstað.

**24.00 >** Flogið með sjúklinginn til Reykjavíkur.

**01.00 >** Lent með sjúklinginn við Landspítala - háskólasjúkrahús í Fossvogi.

# Lá í fósturstellingu í átta stundir og beið björgunar

**Tveir herir tóku þátt í björgunaraðgerðum á Hofsjökli á laugardaginn, sá bandaríski og sá danski, en íslensku þyrlurnar voru óvirkar. Eina til tvær þyrlur þarf til viðbótar, að sögn forstjóra Landhelgisgæslunnar. Svæðið var krosssprungið og erfitt um vik við björgun.**

**HOFSJÖKULL** „Bíllinn hafði fallið niður um tuttugu metra og lá samsíða íssprungunni á hliðinni, hann var skorðaður og var nálægt botninum en samt var gengt undir hann. Það var mannhæðarhátt,“ segir Jón Haukur Steingrímsson björgunarmaður, sem fyrstur seig ofan í sprunguna á Hofsjökli.

Jón Haukur var einn af björgunarmönnunum þremur sem fóru með dönsku þyrlunni upp á Hofsjökul. Hinir tveir heita Ari Jóhannes Hauksson og Guðmundur Gunnarsson en þeir komu fyrstir á staðinn ásamt vélsleðamönnum úr Varmahlíð, sem voru á ferð skammt frá, og þyrlu frá Varnarliðinu. Björgunarmenn urðu að leita að slysstaðnum í um klukkutíma þar sem sprungan var um átta kílómetrum austar en talið var.



**HERÞYRLUR AÐSTOÐA** Þyrlur frá danska og bandaríska hernum aðstoðuðu við björgunarstörfin en þyrlur Landhelgisgæslunnar voru í skoðun og bilaðar.
MYND/ÓMAR RAGNARSSON

Jón Haukur segir að björgunarmennirnir hafi byrjað á því að vinna sig inn í bílinn. „Við þurftum að vinna af honum báðar hurðirnar til að komast inn því það var ekki nokkur leið að komast að mönnunum nema með því að taka hurðirnar frá. Við vorum búnir að ná bílstjóranum út um ellefuleytið og hann var kominn upp á brún fljótlega eftir það.“

Hann segir að bílstjórinn hafi verið við meðvitund allan tímann en þeir hafi ekki getað talað við hann fyrr en þeir voru búnir að ná honum út úr flakinu. Hann hafi legið klemmdur innan um alls kyns járnabrak og verið orðinn illa marinn og blóðlaus en að mestu óbrotinn. Maðurinn var kominn á sjúkrahús skömmu eftir miðnætti og er á gjörgæsludeild.

Veður var gott á slysstað en aðstæður erfiðar. Þyrlurnar urðu að lenda talsvert frá slysstaðnum og urðu björgunarmenn að bera búnað sinn um 200 metra að sprungunni. Niðri í sprungunni var þröngt og dimmt og erfitt um vik. Jeppinn lá á hlið og erfitt að komast að honum. Það var erfitt með fjarskiptasamband á þessu svæði en Fokker Landhelgisgæslunnar var kominn í loftið um klukkan sjö til að tryggja fjarskiptin við þyrlurnar.

Björgunaraðgerðir gengu mjög vel. „Veður var mjög gott á jöklinum en þetta svæði er krosssprungið og ekki hægt að nálgast sprunguna með farartækjum sem öruggt væri nema í 200 metra fjarlægð, þannig að það þurfti að



**VIÐ BJÖRGUNARAÐGERÐIR Á HOFSJÖKLI** Björgunarmenn urðu að ganga 200 metra frá farartækjum að sprungunni og bera búnað sinn þangað. Þeir urðu síðan að vinna allar björgunaraðgerðir með höndunum. Sprungan var þriggja til fjögurra metra breið þar sem hún var breiðust.
MYND/ÓMAR RAGNARSSON

stöðva björgunartæki 200 metra frá slysstað og ganga með allan búnaðinn og vinna allt á höndum ofan í sprunguna,“ segir Kristján Maack, sem stjórnaði aðgerðum úr samræmingarstöðinni.

Þyrla af danska varðskipinu Titron og tvær þyrlur Varnarliðsins voru notaðar til björgunaraðgerða þar sem þyrlur Landhelgisgæslunnar voru ýmist bilaðar eða í 3.000 tíma skoðun. Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir það hafa komið í góðar þarfir að hafa samstarfssamning við Varnarliðið og Dani en auðvitað þyrfti Landhelgisgæslan eina til tvær þyrlur í viðbót og þá ekki síst ef Íslendingar ætti að taka við þyrlusveitinni á Keflavíkurflugvelli. „En það er spurning hvort við höfum efni á því,“ segir hann.

Ferðafélagar mannanna tveggja brugðust hárrétt við og stóðu sig mjög vel meðan á björgunaraðgerðum stóð.

**ghs@frettabladid.is**








Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**KÓLNANDI Í NORÐAN ÁTT**

Hann er að halla sér í norðanátt með kólnandi veðri. Í dag verður þó frostlaust syðra en við frosmark nyrðra. Síðan frystir um allt land en vindur verður þó yfirleitt áfram fremur hægur. Síðan er að sjá að seinnipartur þessarar viku verði kaldur, þ.e. með hita nokkuð undir frostmarki. Einhver él verða norðan og austan til en yfirleitt nokkuð bjart syðra.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg norðlæg átt. Yfirleitt bjartviðri. Hiti 0-3 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Strekkingur austan til, annars hægari.

*» miðvikudagur*



Hæg norðlæg átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -1°C léttskýjað | París | 7°C léttskýjað | Alicante | 15°C léttskýjað |
| Osló | -3°C hálfskýjað | Berlín | 0°C léttskýjað | Mílano | 9°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | -4°C léttskýjað | Frankfurt | 2°C léttskýjað | New York | 0°C léttskýjað |
| Helsinki | -9°C hálfskýjað | Madríd | 9°C léttskýjað | San Francisco | 16°C þrumur |
| London | 7°C léttskýjað | Barcelona | 12°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 19°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# viðbúin tilbúin stopp

**www.vidbuin.is**

Hættum að reykja saman í hóp þar sem allir fá styrk hver frá öðrum og enginn þarf að standa einn í baráttunni. Með sameiginlegu átaki drepum við í fyrir fullt og allt.

## Viðbúin:

Þú hefur tekið stóra og merkilega ákvörðun – að hætta að reykja.

## Tilbúin:

Í þessum þætti átaksins er lögð áhersla á undirbúning fyrir stóra daginn – daginn þegar þú hættir að reykja.

## Stopp:

Nú er skrefið stigið til fulls – við drepum í fyrir fullt og allt.

Skráðu þig í átakið á vidbuin.is
Þar er auk þess hægt að finna allar upplýsingar um málið.

Í lok átaksins verður einn heppinn þátttakandi, sem tekst að hætta að reykja, dreginn út og hlýtur stórglæsilegan ferðavinning.







## KJÖRKASSINN

*Er til fátækt á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 88% |
| Nei | 12% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að leyfa útlendingum að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Leiðtogi Hamas-hreyfingarinnar kveðst vilja semja við Ísraelsmenn:

# Viljum vopnahlé, ekki frið

**JERÚSALEM, AP** Ismail Haniyeh, leiðtogi Hamas-hreyfingarinnar í Palestínu, segir það mistúlkun á orðum sínum að Hamas geti hugsað sér að semja um frið við Ísrael að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hann segir að Hamas hafi eingöngu áhuga á að semja við Ísrael um vopnahlé til lengri tíma.

„Ég sagði ekki neitt um að viðurkenna Ísrael,“ sagði Haniyeh í gær, en á laugardaginn höfðu fjölmiðlar túlkað ummæli hans sem svo að Hamas myndi semja við Ísrael um „frið í áföngum“ ef Ísrael drægi herlið sitt að landamærunum frá 1967.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, fól Haniyeh það í síðustu viku að mynda nýja stjórn Palestínumanna í kjölfar þess að Hamas-hreyfingin vann sigur í kosningum.

Þá sagði Tzipi Livni, starfandi utanríkisráðherra Ísraels, í gær að Mahmout Abbas „skipti engu máli“ lengur, þar sem Abbas er fulltrúi Fatah-hreyfingarinnar, sem tapaði í kosningum Palestínumanna. Ísraelsmenn ættu fyrst og fremst kröfur á hendur Hamas um að hætta hryðjuverkum og viðurkenna tilverurétt Ísraels. ■



**ISMAIL HANIYEH** Leiðtogi Hamas og verðandi forsætisráðherra Palestínumanna brosti breitt þegar hann kom til Gaza-borgar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sólveig Pétursdóttir til New York:

## Fer á fund með kvenforsetum

**HEIMSÓKN** Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, sækir fund kvenþingforseta sem Alþjóðaþingmannasambandið skipuleggur í tengslum við 50. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna hinn 27. febrúar í New York. Á fundinum verður rætt um stöðu kvenna í stjórnmálum og aðgerðir til að auka þátttöku þeirra.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur jafnframt þingmannafund 1. mars um jafnrétti kynjanna og framlag þjóðþinga. Auk forseta Alþingis munu Ásta Möller og Jóhanna Sigurðardóttir sitja fundinn. - sha



**YOKO ONO** Vill halda árlega friðarviku á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ráðherra um friðarverðlaun:

## Hugmynd sem ber að skoða

**HEIMSFRIÐUR** Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur líst vel á um hugmyndir Yoko Ono, ekkju Bítilsins Johns Lennon, um að halda árlega friðarviku á Íslandi, tengda afmælisdegi Lennons hinn 9. október, þar sem þeim sem stuðlað hafa að heimsfriði væri veitt sérstök friðarverðlaun.

„Þetta er spennandi hugmynd sem snertir á mikilvægu málefni og allar slíkar hugmyndir ber stjórnvöldum að skoða og kanna hvort þær séu raunhæfar og skili árangri.“

Yoko Ono kynnti hugmyndina á Kjarvalsstöðum á laugardag, við sama tilefni og hún ánafnaði Reykjavíkurborg sérstaka friðarsúlu úr gleri. - bs

Risaránið í Bretlandi:

## Búið að finna hluta fengsins

**LONDON, AP** Breska lögreglan hefur fundið jafnvirði rúmlega 150 milljóna króna, sem hún telur að sé hluti af sex milljarða króna fengnum úr ráninu úr seðlageymslu Securitas í Kent í síðustu viku. Þýfið fannst í hvítum sendiferðabíl sem kom í leitirnar á föstudagskvöld. Í bílnum voru einnig byssur, lambhúshettur og hlífðarbúnaður. Þá fannst geymslubúr sem peningarnir voru í og rannsakar tæknideild lögreglu bílinn og búrinn. Tveir menn eru enn í haldi lögreglu vegna málsins.

# Fangar í uppreisn fastir innan múra

**Hermenn umkringdu rammgirt fangelsi í Afganistan eftir að fangar náðu stærstum hluta fangelsisins á sitt vald. Liðsmenn Al Kaída og talibana eru sagðir í forystu uppreisnarinnar en fangarnir voru mótfallnir nýjum búningum.**

**KABÚL, AP** Fangar í rammgirtasta öryggisfangelsinu í Kabúl í Afganistan gerðu uppreisn í gær og náðu byggingum fangelsisins að mestu leyti á sitt vald. Hundruð afganskra hermanna umkringdu fangelsið og voru þeir vopnaðir skriðdrekum og sprengjuvörpum.

Uppreisnin hófst á laugardagskvöldið í einni af álmum fangelsins, þar sem um það bil 1.300 af samtals 2.000 föngum eru hafðir í haldi. Uppreisnin braust út í kjölfar þess að fangarnir neituðu að fara í nýja fangabúninga, sem þeir áttu að klæðast til þess að koma í veg fyrir flóttatilraunir. Í síðasta mánuði tókst sjö föngum að sleppa með því að dulbúa sig sem gesti.

Afganskir embættismenn segja að meðal fanganna í þessari álmu séu um það bil 350 meðlimir Al Kaída og talibanahreyfingarinnar. Abdul Salaam Bakshi, yfirmaður fangelsismála í Afganistan, sakar þessa menn um að hafa hvatt hina fangana, sem flestir eru venjulegir glæpamenn, til þess að gera uppreisn.

Að sögn hans tókst föngunum ekki að sleppa út úr álmunni, en þeim tókst að neyða alla fangaverðina til þess að fara út. Byssuskot hljómuðu reglulega frá fangelsinu allan daginn í gær. Hundruð lögreglumanna og hermanna voru kölluð á staðinn til þess að koma í veg fyrir að föngunum tækist að brjótast út.

„Við höfum umkringt fangelsið. Það er vonlaust að sleppa út,“ sagði Mohammed Oasin Hashimzai, aðstoðardómsmálaráðherra landsins.



**VIÐ ÖRYGGISFANGELSIÐ Í KABÚL** Hermönnum tókst að umkringja fangelsið áður en föngunum tókst að sleppa út. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Engin vitneskja var um mannfall þar sem fangarnir höfðu stóra hluta fangelsins á sínu valdi. Afganskir fjölmiðlar héldu því fram að nokkrir hefðu látist og tugir manna væru særðir.

Hashimzai, sem jafnframt tekur þátt í samningaviðræðum við fangana, sagði enn fremur að um það bil hundrað uppreisnarmannanna hefðu komist yfir í næstu álmu fangelsisins, þar sem um það bil sjötíu konur væru hafðar í haldi.

Viðræður hafa engan árangur borið, en þeim verður haldið áfram í dag.

„Því miður er engin eining í röðum fanganna og þeir hafa ólíkar kröfur. Það er enginn leiðtogi sem getur talað við okkur,“ sagði Hashimzai. gudsteinn@frettabladid.is

VR og BeBe Vöruhús:

## Rima er farin heim til Litháen

**VINNUMARKAÐUR** Litháíska konan Rima Kasperaviciene, sem starfaði hjá BeBe Vöruhúsi í Kópavogi og leitaði til ASÍ vegna kjaramála sinna, er farin heim til Litháen.



**RIMA KASPERAVICIENE.**

VR hefur óskað eftir því að BeBe Vöruhús og Ágúst Grétarsson, vinnuveitandi konunnar í Litháen, leiðrétti kjör hennar en ekkert hefur gerst í því. Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramálasviðs VR, segir að litið sé svo á að henni hafi verið sagt upp fyrirvaralaust og verði látið reyna á það mál.

„Þetta er í lögfræðilegri innheimtu. Ef sáttir takast ekki verður því bara stefnt,“ segir hann. - ghs

Jafnaðarmenn í Svíþjóð:

## „Kjóstu barnaníðinginn“

**SVÍÞJÓÐ** Jafnaðarmaðurinn Tobias Gerdås hefur birt samsetta mynd af Fredrik Reinfeldt, leiðtoga Sænska hægriflokksins, á bloggsíðu sinni þar sem hann er gerður að barnaníðingi. Í texta segir „Greiddu barnaníðingnum þínum atkvæði“.

Reinfeldt hefur brugðist harkalega við myndinni en hann hefur orðið fyrir nafnlausum árásum af hendi annars jafnaðarmanns sem starfaði fyrir sænska jafnaðarmannaflokkinn upp á síðkastið. Báðir hafa þessir menn beðist afsökunar. - ghs

### LÖGREGLUFRÉTT

**Fimm teknir fyrir hraðakstur**

Lögreglan í Stykkishólmi stöðvaði fimm ökumenn fyrir of hraðan akstur í gær. Sá sem ók hraðast var 19 ára piltur sem mældist á 142 kílómetra hraða. Hann hefur áður verið sviptur ökuleyfi vegna hraðaksturs.




Barnahúsið hlýtur alþjóðleg verðlaun sem veitt eru fyrir framlag til barnaverndar:

# Hafa vakið eftirtekt í Evrópu

**BARNAVERND** Barnahúsið hefur fengið verðlaun alþjóðlegu barnaverndarsamtakanna ISPCAN sem veitt eru fyrir frumkvæði og framúrskarandi framlag á ýmsum sviðum barnaverndar. ISPCAN eru einu þverfaglegu heimssamtökin á sviði barnaverndar og hafa að markmiði að vinna gegn hvers konar ofbeldi og vanrækslu barna.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að tvær ástæður hafi verið taldir til rökstuðnings fyrir því að Barnstofa hlyti verðlaunin. Annars vegar hafi Barnahúsið valdið straumhvörfum á Íslandi í þverfaglegum starfsháttum við meðferð kynferðisbrota á börnum. Hins vegar hafi Barnahús vakið mikla eftirtekt í Evrópu, þá sérstaklega á Norðurlöndunum og stuðlað að fagþróun þar.



**BRAGI GUÐBRANDSSON** Segir verðlaun ISPCAN mikill heiður fyrir Barnahús en þau verða afhent í haust.

Bragi vonast til að verðlaunin verði til þess að Barnahús fái fullan stuðning bæði almennings og stjórnvalda. „Það er von mín að verðlaunin taki af tvímæli um hversu faglegt og gott úrræði Barnahúsið er og það fái meiri skilning, stuðning og traust.“ - sha

## Veldu Ford Transit

*Nýtt tákn um gæði*




# Ódýrastur í dag
# 1.658.000 kr.*



Góður árangur Transit á íslenskum markaði gefur okkur forskot og lægra verð en áður.

Enn og aftur tekst okkur að gera góða samninga við framleiðanda Transit. Tryggðu hagkvæman rekstur og auknar tekjur. Veldu núna Transit. Transit hefur aldrei verið á betra verði. Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér kjörin. Transit er ódýrastur í dag.

**Atriði af gæðalista staðalbúnaðar**

- Framdrif með spólvörn
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- Öryggispúði í stýri
- Olíumiðstöð með tímaliða
- Fjölstillanlegt upphitanlegt ökumannssæti
- Tvö farþegasæti frammí auk ökumannssætis
- Geislaspilari
- Hliðarhurð á hægri hlið
- Tvær afturhurðir með 180°opnun
- Samlæsing með fjarstýringu

**Skoðaðu tilboðs-körfu Brimborgar á Ford Transit ***

- Betri kjör en áður
- Hliðarhurðir á báðum hliðum
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Betra verð en áður
- Lægri útborgun, 10 prósent
- Staðgreiðsla fyrir gamla bílinn
- Lægri vextir en áður
- Engin stimpilgjöld
- Örugg og ennþá betri þjónusta en áður
- Búnaður án aukakostnaðar: Rennihurð beggja vegna
- Búnaður án aukakostnaðar: Gólfklæðning í hleðslurými
- Búnaður án aukakostnaðar: Rafknúnir, upphitanlegir hliðarspeglar
- Búnaður án aukakostnaðar: Gæða vetrardekk
- Án aukakostnaðar: Vetrardekkin undir og sumardekkin afturí

Glitnir

*Glitnir býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Transit.*

*Gildir aðeins til 28. febrúar eða meðan birgðir endast.*

## Nýttu þér betri tíð. Tilboðskarfa Transit er full af góðæri. Komdu í Brimborg. Veldu Transit.



Ford Transit 280S 2,0TD 85 hö. 5 gíra.*
Stærð hleðslurýmis (lxbxh): 2540x1762x1430 mm.

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð án vsk. | 1.658.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.<br>10% útborgun | 22.165 kr.<br>165.800 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði án vsk. | 31.780 kr. |



Ford Transit 300M 2,0TD 85 hö. 5 gíra.*
Stærð hleðslurýmis (lxbxh): 2905x1762x1745 mm.

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð án vsk. | 1.859.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.<br>10% útborgun | 24.793 kr.<br>185.900 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði án vsk. | 34.990 kr. |



Ford Transit 300L 2,0TDI 100 hö. 5 gíra.*
Stærð hleðslurýmis (lxbxh): 3355x1762x1985 mm.

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð án vsk. | 2.237.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.<br>10% útborgun | 29.734 kr.<br>223.700 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði án vsk. | 41.500 kr. |



Ford Transit 330L 2,0TDCi 125 hö. 5 gíra.*
Stærð hleðslurýmis (lxbxh): 3355x1762x1985 mm.

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð án vsk. | 2.490.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.<br>10% útborgun | 33.041 kr.<br>249.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði án vsk. | 45.800 kr. |

## Skoðaðu dæmin. Spurðu um fjármögnunarleiðirnar. Veldu leið sem hentar þér best.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Öll verð í auglýsingunni eru án virðisaukaskatts. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er fjármögnunarleiga með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 75.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



## VEISTU SVARIÐ

1. Hvar vill Yoko Ono reisa friðarsúlu?
2. Hvað heitir fráfarandi skólameistari Menntaskólans á Ísafirði?
3. Hverjir eru bikarmeistarar í handknattleik kvenna?

SVÖR Á BLS. 34

Nýr umferðaröryggissamningur undirritaður:

# Aukið eftirlit fækkar slysum

**UMFERÐARÖRYGGI** Vorið 2005 samþykkti Alþingi þingsályktun um sérstaka umferðaröryggisáætlun fyrir árin 2005-2008. Markmiðið var að reyna að fækka banaslysum og fjölda alvarlega slasaðra í umferðinni. Hluti þessarar öryggisáætlunar var samningur á milli Umferðarstofu og Ríkislögreglustjóra um sérstakt umferðareftirlit á þjóðvegum landsins en tvö af hverjum þremur banaslysum í umferðinni á Íslandi verða þar og yfirleitt er hraðakstri um að kenna. Niðurstöður þessa átaks fyrir árið 2005 voru kynntar í gær og tölur frá Umferðarstofu sýna að á því tímabili sem eftirlitið var aukið urðu töluvert færri slys borið saman við fimm ár þar á undan. Samningur fyrir árið 2006 var undirritaður og verður heildarkostnaður um 87 milljónir króna. Hvert banaslys í umferðinni kostar samfélagið sjötíu milljónir króna að meðaltali og slys þar sem einhver slasast alvarlega tuttugu milljónir að meðaltali.

Megináherslur lögreglunnar í fyrra voru eftirlit með hraðakstri, bílbeltanotkun og ölvunarakstri. Svo verður einnig nú. Keyptar verða myndavélar sem notaðar verða við eftirlit með hraðakstri og gerðir verða út sérstakir bílar til eftirlits með ölvunarakstri. **- shá**



**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Trúarleiðtogar í Kína:

## Sakaðir um tuttugu morð

**PEKING, AP** Í þessari viku mæta Xu Shuangfu og 16 aðrir leiðtogar kristilegs trúfélags í Kína fyrir dómstól þar í landi. Þeir eru sakaðir um að hafa átt þátt í dauða tuttugu leiðtoga annars kristilegs trúfélags í Kína.

Áður hafa borist fréttir af ofbeldi milli kristilegra trúfélaga í Kína, en ekkert þeirra nýtur þar opinberrar viðurkenningar.

Fréttir hafa borist af því að hinir handteknu leiðtogar hafi verið pyntaðir við yfirheyrslur.

Xu Shuangfu, hinn ákærði trúarleiðtogi, hefur áður setið í fangelsum og vinnubúðum samtals í tíu ár frá því árið 1976, sakaður um „ólöglegt trúboð“. **- gb**



**VEL VAR MÆTT** Bæði blindir og þeirra þörfustu þjónar verða á faraldsfæti á næstunni.

Nýr samningur undirritaður:

## Þjónusta við blinda bætt

**FATLAÐIR** Blindrafélagið og Hafnarfjarðarbær hafa gert með sér samning um ferðaþjónustu blindra í Hafnarfirði.

Samningurinn var undirritaður af Lúðvík Geirssyni bæjarstjóra og Halldóri S. Guðbergssyni, formanni Blindrafélagsins. Samkomulagið tryggir lögblindum í Hafnarfirði fjörutíu ferðir á mánuði með leigubílum á milli staða á höfuðborgarsvæðinu á sama verði og kostar að ferðast með strætó. **- shá**

### REYKINGAR

**Hundur til aðstoðar** Fyrirtækið Relay Recruitment í Bradford á Englandi hefur komið með heldur frumlega lausn til að hjálpa starfsfólki sínu við að hætta að reykja. Eiga þeir starfsmenn sem ætla út að reykja að viðra hund, sem fyrirtækið hefur ráðið til sín, í staðinn. Vonast fyrirtækið til þess að þetta verði einnig til þess að draga úr streitu starfsfólksins en breska blaðið Daily Mirror greindi frá.

# Keypti lík og seldi líffærin úr þeim

**Allsérstakt dómsmál er í uppsiglingu í New York. Fjórir menn hafa verið ákærðir fyrir ólögleg viðskipti með líffæri. Skurðlæknir og útfararstjóri keyptu lík á sjötíu þúsund krónur. Líffærin voru seld til líffærabanka.**

**BANDARÍKIN, AP** Eigandi líftæknifyrirtækis í New Jersey hefur ásamt útfararstjóra í New York og tveimur öðrum mönnum verið ákærður fyrir að stela líffærum og selja þau ólöglega. Mennirnir, sem allir hafa lýst sig saklausa, eru ákærðir fyrir hundrað brot á lögum sem banna ólögleg viðskipti með líffæri.

Eigandi líftæknifyrirtækisins heitir Michael Mastromarino og er skurðlæknir. Hann er talinn höfuðpaurinn í málinu en helsti samstarfsmaður hans var útfararstjórinn Joseph Nicelli, sem rekur útfararstofu í Brooklynhverfi í New York. Þeir félagar greiddu öðrum útfararstjórum sjötíu þúsund krónur fyrir lík. Síðan skar Mastromarino líkin upp og tók úr þeim bein, hjartalokur og önnur líffæri og líkamsvefi.

Mastromarino falsaði meðal annars gögn sem þurfa að vera fyrir hendi til að líffæragjafi geti talist lögmætur sem slíkur. Einnig falsaði hann gögn um aldur og dánarorsök líffæragjafans. Talið er víst að í nokkrum tilvikum hafi hann skrifað á þar til gerð skjöl að viðkomandi líffæragjafi, sem lést úr krabbameini, hafi látist vegna hjartaáfalls. Þegar Mastromarino var búinn að falsa öll gögn seldi hann líffærin síðan til líffærabanka sem keyptu þau í góðri trú.



**TILKYNNT UM ÁKÆRURNAR** Josh Hanshaft aðstoðarríkissaksóknari tilkynnir á blaðamannafyndi í New York að fjórir menn hafi verið ákærðir fyrir að stela líffærum. Á röntgenmyndinni má sjá pípur sem Mastromarino setti í lík eftir að hann var búinn að fjarlægja úr því bein. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna hefur lokað fyrirtæki Mastromarino og beðið fimm líffærabanka sem vitað er að áttu í viðskiptum við hann að afhenda öll líffæri sem þeir fengu frá honum. Eftirlitsstofnunin hefur óskað eftir því að allir líffæraþegar sem hafi fengið líffæri frá fyrirtæki Mastromarinos verði prófaðir fyrir HIV-, lifrarbólgu- og sárasóttarsmiti. Þegar hafa nokkrir líffæraþegar höfðað mál.



**MICHAEL MASTROMARINO**

Ekki er vitað hversu margir fengu líffæri frá fyrirtæki Mastromarinos en þegar hafa nokkrir þeirra höfðað mál á hendur því. Jeffrey Lisabet, lögmaður eins líffæraþegans, segir málið vera bæði ótrúlegt og viðbjóðslegt. Skjólstæðingur hennar óttist verulega um heilsu sína.

trausti@frettabladid.is

Stóriðjuskóli í Straumsvík:

## Alcan útskrifar nemendur

**MENNTUN** Stóriðjuskólinn, sem rekin er í álveri Alcan í Straumsvík fyrir starfsmenn þar, mun í dag útskrifa ellefu nemendur í framhaldsnámi skólans.



**ANNA JÓNA ÁRMANNSDÓTTIR STÓRIÐJUNEMI**

„Ég er mjög þakklát fyrir að fá tækifæri til að mennta mig að kostnaðarlausu á meðan ég er að vinna,“ segir Anna Jóna Ármannsdóttir en hún er eina konan í þessum ellefu manna hópi.

Stóriðjuskólinn býður einnig upp á grunnnám og hafa 160 starfsmenn lokið slíku námi.

Einnig hefur Alcan á Íslandi hleypt af stokkunum verkefni undir yfirskriftinni Stærðfræðisnillingarnir. Ellefu þúsund krakkar sem fæddir eru á árunum 1997 til 1999 geta tekið þátt í verkefninu með því að leysa stærðfræðiþrautir sem finna má á heimasíðu fyrirtækisins. **- jse**

### ÚGANDA

**Endurkjörinn** Yoweri Musaveni var um helgina endurkjörinn forseti Úganda í þriðja sinn eftir að tölur úr kosningum sýndu að hann hefði hlotið 59 prósent greiddra atkvæða.

### LÖGREGLUFRÉTT

**Ungmenni sluppu vel** Bíll valt rétt fyrir utan Dalvík á laugardagsnótt eftir að ökumaður hafði misst stjórn á bifreiðinni. Fjögur ungmenni voru í bílnum og að sögn lögreglu á Dalvík sluppu þau öll mjög vel og án meiðsla. Talið er að belti hafi komið í veg fyrir meiriháttar meiðsli. Bíllinn er töluvert skemmdur.



VIÐSKIPTAFRÆÐI
TÖLVUNARFRÆÐI
TÆKNIFRÆÐI
VERKFRÆÐI
IÐNFRÆÐI
LÖGFRÆÐI
KENNSLUFRÆÐI
LÝÐHEILSUFRÆÐI
FRUMGREINASVIÐ

# HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK 2006-2007
# OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Háskólinn í Reykjavík býður metnaðarfullt og spennandi nám með áherslu á hagnýt verkefni og sterk tengsl við atvinnulífið. Stefna Háskólans í Reykjavík gagnvart nemendum og starfsfólki er einföld: Að allir hlakki til að koma í skólann á hverjum degi til þess að leggja sig fram.

Hringdu og fáðu sent upplýsingaefni eða bókaðu tíma hjá námsráðgjafa í síma 599 6200. Kíktu á www.ru.is

FABRIKAN 2006



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is



**TVEGGJA KÍLÓMETRA LÖNG PYLSA** Kjötiðnaðarmenn í bænum Turija í Serbíu leggja þarna síðustu hönd á ógnarlanga pylsu, sem þeir segja þá lengstu í heimi, alls 2.022 metra langa. Þeir buðu fulltrúm heimsmetabókar Guinness til þess að meta afraksturinn.

Condoleezza Rice í óvænta heimsókn til Líbanons:

# Líbanar slíti Sýrlandstengsl

**LÍBANON, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kom fyrir helgina í óvænta heimsókn til Beirút, höfuðborgar Líbanons. Sagði hún þar að Bandaríkjastjórn myndi styðja við bakið á Líbanonstjórn í þeirri ólgu sem nú ríkir í landinu. Hún hvatti stjórnina til að stíga frekari skref í átt að því að slíta tengsl við Sýrland og að því að afvopna „uppreisnarheri“. Þar átti hún við Hezbollah-samtökin, sem eiga tvo fulltrúa í ríkisstjórninni en hafa neitað að afvopnast.

Rice tjáði fréttamönnum að Líbanonstjórn væri að ganga í gegnum umbreytingatíma. Almenningur í landinu skiptist í fylkingar með og á móti því að koma Sýrlandshollum forseta landsins frá, en honum er borið á brýn að bera ábyrgð á morðinu á hinum vinsæla fyrrverandi forsætisráðherra Rafik Hariri fyrir ári.

„Ég er viss um að þetta tímabil mun leiða af sér lýðræðislegra Líbanon (...) sem er staðráðið í að það eigi ekki að una erlendum afskiptum né áhrifum ofbeldisafla,“ sagði hún. **- aa**



**Á GÖTUM BEIRÚT** Condoleezza Rice og líbanski forsætisráðherrann Fuad Saniora í Beirút á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Atvinnulíf í Finnlandi:

# Tíu prósenta vöxtur umsvifa

**FINNLAND** Vöxtur stærstu finnsku fyrirtækjanna nam um tíu prósentum á síðasta ári og er það mun meiri vöxtur en árin þar á undan.

Í vefútgáfu Helsingin Sanomat kemur fram að vöxturinn hafi að mestu komið frá starfsemi í löndum utan Finnlands, til dæmis í Kína, Indlandi, Eystrasaltsríkjunum og öðrum löndum þar sem vinnuafl er ódýrt.

Félög í finnsku kauphöllinni réðu sautján þúsund nýja starfsmenn. Um 488 þúsund menn störfuðu þar með hjá þessum félögum. Nokia er enn stærsta fyrirtækið í Finnlandi. **- ghs**

Félagsmálaráðherra á þingi:

# Trúfélög stofna samráðshóp

**ALÞINGI** Staða útlendinga hér á landi var til umræðu á Alþingi í síðustu viku. Tilefnið var sú ólga sem verið hefur um allan heim vegna teikninga sem voru birtar í Jótlandspóstinum.



**ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA**

Árni Magnússon félagsmálaráðherra kvaðst ekki vita til þess að nein ólga væri hér á landi milli manningarheima eða að sérstök hætta væri á því.

Árni sagði að í undirbúningi væri stofnun samráðshóps trúfélaga með minnst 150 félaga og þar gæti skapast umræðu- og samstarfsvettvangur svipað og í Noregi. **- ghs**

Fjármálaráðherra spurður um stimpilgjöld:

# Segir stimpilgjöld verða endurskoðuð

**ALÞINGI** Ríkissjóður þarfnast tekna til að standa undir þeim útgjöldum sem ríkissjóði ber að greiða, meðal annars í velferðarkerfinu, sagði Árni Mathiesen fjármálaráðherra á Alþingi í liðinni viku þegar hann var spurður af hverju stimpilgjald væri rukkað af fólki við gjaldbreytingu á lánum hjá Íbúðalánasjóði.

„Það má auðvitað hugsa sér að Alþingi aflaði þessara tekna á einhvern annan hátt og sjálfsagt mun það koma til skoðunar í framtíðinni þegar við endurskoðum tekjuöflunarkerfi ríkisins,“ sagði Árni.

Kristján Möller, varaþingflokksformaður Samfylkingarinnar, spurði hvað réttlætti að gjaldið væri rukkað í annað sinn vildu menn nýta sér lægri lánavexti en voru fyrir nokkrum árum.



**KRISTJÁN MÖLLER**

Árni Mathiesen sagðist ekki átta sig á því að Kristján sæi ekki samhengið við gjaldtöku og ríkisreksturinn. Endurskoða þyrfti útgjöld ríkisins, eins og leiðina við tekjuöflunina. „Mig grunar þó helst að þetta sé ein af þeim hugmyndum sem háttvirtur þingmaður fær til að vekja athygli á sjálfum sér og reyna að gera lítið úr því sem verið er að vinna í ríkisfjármálunum. Hann telur sjálfsagt að þetta sé til skammtímavinsælda fallið.“ **- gag**




**DAUÐAREFSINGUM MÓTMÆLT Í BANDARÍKJUNUM** Bandaríski varnarliðsmaðurinn Calvin Eugene Hill hefur verið kærður fyrir morð að yfirlögðu ráði en það var framið á svæði varnarliðsins á Miðnesheiði. Ólíklegt þykir að Hill fái dauðadóm fyrir morðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dauðadómur ekki líklegur

**Fá fordæmi eru fyrir því að menn séu dæmdir til dauða fyrir brot á herréttarlögum. Dauðarefsing er því ólíkleg í máli varnarliðsmannsins Calvins Hill, sem varð ungri konu að bana á Keflavíkurvelli.**

**DÓMSMÁL** Ekki er talið líklegt að bandaríski varnarliðsmaðurinn Calvin Eugene Hill verði dæmdur til dauða fyrir að hafa banað tvítugri konu, Ashley Turner, í herstöðinni á Miðnesheiði í ágúst á síðasta ári.

Hill hefur verið ákærður fyrir morð af yfirlögðu ráði en þyngsta mögulega refsing fyrir það brot er dauðadómur samkvæmt bandarískum herréttarlögum.

Carla Gleason, sem sér um upplýsingagjöf fyrir Bandaríkjaher í herstöðinni í Lakenheath í Englandi, segir fá fordæmi fyrir beitingu dauðarefsingar á grundvelli bandarískra herréttarlaga. „Það er afar sjaldgæft að dauðarefsingu sé beitt í svona málum en þó eru örfá fordæmi fyrir því. Þau tilfelli eru þó ekki sambærileg við þetta mál.“

Björg Thorarensen, prófessor í mannréttindalögfræði við Háskóla Íslands, segir það afdráttarlaust í varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna að refsilögsaga sé alltaf í höndum íslenskra stjórnvalda í sakamálum hér á landi. „Íslensk stjórnvöld hafa refsilögsögu í öllum sakamálum samkvæmt varnarsamningnum en hins vegar er hægt að gefa hana eftir og það virðist hafa verið gert í þessu tilfelli. Mér finnst eðlilegt að stjórnvöld hér á landi setji stjórnvöldum Bandaríkjanna skilyrði þegar refsilögsagan er gefin eftir.“

Dauðarefsing er enn við lýði í Bandaríkjunum en á heimsvísu fer þeim ríkjum fækkandi sem beita dauðarefsingu.

Björg segir alþjóðlega dómstóla hafa hjálpað til við að draga úr notkun dauðarefsingar. „Mannréttindadómstóll Evrópu hefur túlkað mannréttindasáttmála Evrópu þannig að ríkjum sé óheimilt að framselja menn til ríkja þar sem þeirra bíði dauðarefsing.“

Jóhanna Kr. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty, segir samtökin ekki ætla að beita sér sérstaklega fyrir því að Hill fái ekki dauðarefsingu, þó hann hafi brotið af sér hér á landi. Hún tekur þó fram að samtökin séu alfarið á móti dauðarefsingum og beiti sér gegn þeim á heimsvísu. „Amnesty er andvígt beitingu dauðarefsingar hvar sem er í heiminum. Amnesty á Íslandi tekur þetta mál ekkert sérstaklega fyrir, þó glæpurinn hafi átt sér stað hér. Samtökin mótmæla dauðadómum hvar og hvenær sem er og hafa gert um árabil.“ **magnush@frettabladid.is**

Sjálfskipt og allt allt öðruvísi

Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



Mánaðargreiðsla 21.033,-*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

1.750.000,- Sjálfskipt - 1.8 l. vél

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt, margt fleira.

Opel Astra er gjörbreytt bifreið eftir að hafa verið endurhugsuð frá grunni. Þrátt fyrir að vera sjálfskipt, með stærri vél og hlaðin aukabúnaði er Opel Astra 1.8 með ódýrustu bílunum á götunni. Kynntu þér alveg nýja Opel Astra í dag.

EURO NCAP ★★★★★

NCAP eru leiðandi í öryggis- og árekstrarprófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði – Aukabúnaður á mynd: álfelgur.

Byggingu Sultartangalínu 3 lokið:

# Kostaði sex milljarða

**VIRKJANIR** Framkvæmdum við Sultartangalínu 3 og aðliggjandi tengivirki vegna stækkunar álvers Norðuráls í Hvalfirði er lokið. Eitt og hálft ár er liðið síðan verklegar framkvæmdir hófust en mat á umhverfisáhrifum hófst í árslok 2000.

Nýja Sultartangalínan er 120 kílómetra löng og liggur að mestu samsíða Sultartangalínu 1 frá tengivirkinu við Sultartangastöð að aðveitustöðinni á Brennimel ofan við Grundartanga. 345 möstur bera línuna uppi og rekstrarspenna hennar er 220 kV í fyrstu en flutningsgetan er helmingi meiri fullnýtt.

Samhliða lagningu Sultartangalínu 3 voru einnig gerðar breytingar á Brennimelslínu 1 og reist 29 möstur á um tíu kílómetra löngum kafla frá Ferstiklu að aðveitustöðinni á Brennimel.

Heildarkostnaður við Sultartangalínu 3 og aðliggjandi tengivirki á Sultartanga og Brennimel, ásamt tengivirkinu við Kolviðarhól, er áætlaður um sex milljarðar króna en það er töluvert undir áætlun.

Bæði innlendir og erlendir verktakar unnu að byggingu línunnar og um 200 starfsmenn unnu við verkið þegar mest var. **- shá**


bollur og sprengjur
allir í nettó
frábært verð
Ómissandi á sprengidag
39 kr.kg
Gulrætur
45% afsláttur við kassa
BK saltkjöt ódýrt
Þú sparar 189 kr/kg
Stórar vatnsdeigsbollur 6 stk.
Sannkölluð sprengja
Þú sparar 437 kr/kg
Þú sparar 250 kr/kg
GOÐI -alltaf góður
30% afsláttur við kassa
BK saltkjöt blandað
30% afsláttur við kassa
Goða sérvalið saltkjöt
Litlar vatnsdeigsbollur 9 stk.
299 kr.stk.
Bollur
Súkkulaði fylgir frítt með
7 kr.pk.
Doris gularmatbaunir
Rjómi
50% lægra verð
Sandwich
50% afsláttur við kassa
Hatting samlokur
Pasta Classico
79 kr.stk.
Náttúra jurtarjómi
79 kr.stk.
Coop sultur
Rjómi 2 fyrir 1
50% afsláttur við kassa
Findus Pasta Classico
HÉR & NÚ / SÍA
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 27. feb. til 28. feb. eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó

## „ORÐRÉTT“

### Það var svosem auðvitað

**„Mér hefur ekki verið boðinn starfslokasamningur, en ég hef hins vegar beðið lögfræðing minn að kanna möguleika á slíkum samningi, eins og algengt er þegar fólk hættir störfum.“**

ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR, SEM VILL HÆTTA SEM SKÓLAMEISTARI MENNTASKÓLANS Á ÍSAFIRÐI. FRÉTTABLAÐIÐ.

### Bévaðir bankarnir

**„Bankarnir hafa boðið í okkar bestu viðskiptavini og við höfum setið eftir með veikara lánasafn en áður fyrir vikið.“**

HERDÍS SÆMUNDARDÓTTIR, STJÓRNARFORMAÐUR BYGGÐASTOFNUNAR, UM TAP STOFNUNARINNAR. MORGUNBLAÐIÐ.

nær og fjær
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? FLOSI ÓLAFSSON LÍFSKÚNSTNER

# Of gamall til að breyta um stíl

„Það er svosum allt gott að frétta af mér og okkur hérna í sveitinni. Mér sýnist að bændurnir hérna um kring séu við það að ljúka vorverkum. Margir þeirra sitja bara með hendur í skauti og bíða sumarsins. Þetta er óvenjulegt veðurlag. Það eru farnir að springa út krókusar,“ segir Flosi Ólafsson þegar blaðamaður slær á þráðinn til hans um helgina. Hann segist njóta veðurblíðunnar með því að njóta hennar, annað sé ekki hægt.



En er Flosi að skrifa þessa dagana? „Nei, ég held að það sé vissara fyrir mig að halda að mér höndum við skriftir. Ég myndi örugglega setja mig alveg á hliðina. Skatturinn er að drepa mig af því að bókin mín seldist betur en ég hafði reiknað með.“ En er þá ekki góð hugmynd að skrifa undir dulnefni, spyr blaðamaður. „Þeir myndu komast að því, það leynir sér ekki minn stíll. Það þýðir ekkert að reyna að ljúga sig út úr því. Það sjá allir hver þetta er. Svo er ég ofan í kaupið orðinn of gamall til að breyta um stíl. En segðu mér, hvernig fór leikurinn með Barcelona og enska liðinu?“ Blaðamaður segir Flosa að Barcelona hafi unnið 2-1 og hann er fljótur til. „Já, það hlaut að vera. Það er ástæðan fyrir því að þetta er hvergi að sjá í fréttum. Þetta er mikill harmur. Þetta er lið Eiðs Smára.“

Eftir að hafa frætt Flosa um nýjustu fréttir í völdum málaflokkum er spurt hvort hann sé eitthvað að ríða út þessa dagana. „Það er heilmikið verið að temja hér hjá okkur. Við búum hérna í nábýli, ég og Ólafur sonur minn og Flosi Ólafsson, afabarnið sem er orðinn afar liðtækur tamningamaður. Þeir eru núna með efnilegar merar sérstaklega, fjögurra og fimm vetra. Það er heilmikið fjör í því. Ég hef aftur á móti verið slæmur í kransinum, svoleiðis að ég er ekki búinn að taka neina hesta á hús. Geri það ekki fyrr en um páska.“ Flosi hefur þetta að segja að lokum. „Þetta er allt voða gott nema maður er að geispa golunni bara. Maður er að taka síðustu andköfina. En maður er alveg öruggur um að komast á góðan stað og þar getur maður farið að skrifa aftur,“ segir Flosi og kveður.



**SVÍNSLEGT BRÚÐKAUP** Kínversk kona heldur á giftingarvottorði svínanna sinna í brúðkaupi þeirra í Suðvestur-Kína á miðvikudag. Lífsgæði fólks fara óðum batnandi í Kína og sést það meðal annars á því að svín eru ekki lengur höfð bara til matar, heldur eru þau gerð að heillandi gæludýrum sem margt er lagt í sölurnar fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ferðamenn sólgnir í vestfirskan veruleika

**Hafi einhver haldið að enginn hefði áhuga lengur á fiski og slori vestur á fjörðum ætti sá hinn sami að skreppa vestur á Suðureyri í sumar þegar verkefnið Sjávarþorpið Suðureyri verður komið á laggirnar. Staðreyndin er nefnilega sú að þar vestra sitja erlendir ferðamenn um tækifærin til að fá að upplifa þennan vestfirska veruleika.**



**ELÍAS GUÐMUNDSSON OG DANÍEL VIÐAR GUÐMUNDSSON** Elías og fóstursonur hans Daníel eru aldir upp við þann veruleika sem menn víða um heim sækjast eftir að kynnast.

„Þetta verkefni snýst um að leyfa ferðamönnum að fara í frystihúsið og fara á sjó með vönum sjómönnum til að kynnast lífi íbúa í litlu sjávarþorpi á Íslandi með fræðslu, upplifun og þátttöku,“ segir Elías Guðmundsson, ferðamálafrömuður þar vestra, sem er einn af forvígismönnum verkefnisins. „Svo getur fólk gefið þorskinum að borða í lóninu við þorpið. Þetta lón myndaðist þegar verið var að leggja veginn en þar hefur þorski verið sleppt og hann er orðinn það gæfur að hann étur jafnvel úr lófa.“ Hægt verður að kaupa sérstakt góðgæti fyrir þann gula í söluskála Esso.

„Svo geta menn komið með aflan í eldhúsið á veitingastað bæjarins og eldað ofan í sig með þrælvönum kokkum,“ segir Vestfirðingurinn.

Ferðamennirnir geta farið í dagstúr eða styttri túr með sjómönnum eða farið í sjóstangveiði. Dagsferðin kostar 15.000 fyrir manninn og ef farið er í styttri ferð er samið um verð á hafnarbakkanum. Vettvangsferð í frystihúsið kostar 1.000 krónur.

„Við höfum verið að prufa þetta síðustu tvö ár og reynslan er sú að það fjölmargir erlendir ferðamenn sækja í þetta og nú ætlum við að gera þetta enn aðgengilegra,“ segir Elías en hann hefur rekið gistiheimili á Suðureyri auk þess að leiða ferðamenn í vestfirskan veruleika. „Fyrirtækið Hvíldarklettur, sem ég er reyndar í, vann hugmyndina og hún fékk viðurkenningu frá nýsköpunar- og vöruþróunarsjóði Samtaka ferðaþjónustunnar síðastliðið haust. Þetta er þó samvinnuverkefni og allir sem hagsmuna eiga að gæta geta tekið þátt í því,“ segir Elías.

jse@frettabladid.is



**RÚSSNESKIR FERÐAMENN Á HAFNARBAKKANUM** Þessir rússnesku ferðamenn kynntust vestfirskum veruleika í fyrrasumar. Ekki fara sögur af því hvernig sjóferðin tókst.





ENNEMM / SÍA / NM20647

Breyting frá Arctic Trucks

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnuþjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

Líttu inn og sjáðu alvöru jeppa!

Verðið á Nissan Patrol er frá 3.990.000 kr.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



Lagerútsala
að Kletthálsi 13, 110 Reykjavík
A Boss HC 1065 3+2+1
Verð aðeins 79.900.-
Pulluborð
Útsöluverð 14.900,-
Verð áður 29.900
TAKMARKAÐ MAGN
ÓTRÚLEG VERÐ
KOMIÐ OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP
Sértilboð sett 3 + 1 + 1 á kr. 69.900.-
Stólar
Útsöluverð 7.900.-
Verð áður 12.900.-
Eikarborð
Útsöluverð 49.900.-
Verð áður 79.900.-
A Boss HC 1096 3 sæta
Útsöluverð 39.900.-
Verð áður 89.900.-
JR leðursófasett 3 + 1 + 1
Útsöluverð 99.900.-
Verð áður 155.700.-
Eikarborð
Útsöluverð 24.900.-
Verð áður 49.900.-
A Boss HC 1062 Hornsófi
Útsöluverð 59.000.-
Verð áður 149.900.-
A Boss HC 1065 2 sæta
Útsöluverð 29.900.-
Verð áður 64.900.-
A Boss HC 1065 3 sæta
Útsöluverð 39.900.-
Verð áður 84.900.-
Xilinman 1107 Hornsófi / hægri
ljóst áklæði / einnig til í beige lit.
Útsöluverð 79.900.-
Verð áður 149.900.-
SJÁIÐ VERÐIN!
Actona Moreno 2 sæta Microfiber
Útsöluverð kr. 29.900
Bogart 3 + 2 sæta sett Ivory
Útsöluverð 119.200.-
Verð áður 199.000.-
Xilinma 3 sæta Beige / einnig til í ljósu.
Útsöluverð 39.900.-
Verð áður 89.900.-
Xilinma stóll
Útsöluverð 19.900.-
Verð áður 44.900.-
MIKIÐ ÚRVAL
OPIÐ Á LAGERÚTSÖLU
Mánudaga til föstudaga kl. 10.00 - 18.00
Laugardaga kl. 11:00 - 16:00
Vöruafgreiðsla
HÚSGÖGNIN HEIM
LAGERÚTSALAN Í REYKJAVÍK ER Í SAMA HÚSI OG GÍSLI JÓNSSON
EÐA UPPI Í ÁRBÆ VIÐ HLIÐINA Á ÖLLUM BÍLASÖLUNUM...
Kletthálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími : 567 2255 og Dalsbraut 1 · Akureyri · Sími 461 5200 · Fax 461 1121



Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

# Borðum á okkur gat á sprengidaginn!

NORÐLENSKA



*Á morgun Sprengidag bjóðum við uppá tilbúna saltkjötsúpu*



| | |
|---|---|
| NÓATÚNS KJÖTFARS NÝTT | 499 kr. kg. |
| NÓATÚNS KJÖTFARS SALTAÐ | 499 kr. kg. |
| NÓATÚNS KJÖTFARS SÆLKERA | 499 kr. kg. |



| | |
|---|---|
| FISKFARS | 399 kr. kg. |
| ÝSUHAKK | 499 kr. kg. |
| FISKIBOLLUR | 599 kr. kg. |

## *Komdu í Nóatún og kláraðu innkaupin fyrir sprengidaginn!*



GULRÆTUR 1kg
99 kr. pk.



RÓFUR
149 kr. kg.



KARTÖFLUR-PREMIUM
169 kr. pk. (2 kg.)



LAUKUR
39 kr. kg.

# Veldu sjálfur saltkjötið úr kjötborði!



SALTAÐIR SÍÐUBITAR 97 kr. kg.
SALTAÐIR HÁLSABITAR 199 kr. kg.



SALTKJÖT
VALIÐ, PAKKAÐ
VERÐ FRÁ: 1.398 kr. kg



SALTKJÖT
BLANDAÐ, PAKKAÐ
VERÐ FRÁ: 299 kr. kg

# Allt fyrir bolluveisluna í Nóatúni



MYLLU
VATNSDEIGSBOLLUR
LITLAR
249 kr. pk

MYLLU
BOLLUR
MEÐ SÚKKULAÐI
398 kr. pk

MYLLU
VATNSDEIGSBOLLUR
MEÐ SÚKKULAÐI
398 kr. pk



SÍRÍUS KONSUM
SUÐUSÚKKULAÐI
199 kr. 200 g



ST. DALFOUR
SULTUR 284 g
299 kr. stk



ÞEYTTUR
SPRAUTURJÓMI
199 kr. stk



Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

## Svona erum við

> Skipting kennara eftir aldri 2005




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** NORÐUR-KÓREA ER EITT DULARFYLLSTA LAND HEIMS:

# *Hulduleiðtoginn Kim Jong-il*

Áratugum saman hefur Norður-Kórea verið eitt leyndardómsfulla land heimsins, en það er eitt fárra landa sem enn eru undir kommúnistastjórn og fá afar fáir útlendingar að sækja það heim. Leiðtogi Norður-Kóreu hefur vakið mikla forvitni margra, en lítið er vitað um hann.



**Hver er Kim Jong-il?**
Kim Jong-il erfði leiðtogaréttindin eftir föður sinn, Kim Il-sung, sem stofnaði ríkið árið 1948. Þó getur sonurinn aldrei hlotið forsetatitilinn sem eilíflega tilheyrir föðurnum. Kim Il-sung lést árið 1994 og tók sonur hans við leiðtogastarfinu þremur árum síðar.

Kim Jong-il er afar sjaldan ljósmyndaður og lætur næstum aldrei heyra í sér í útvarpi eða sjónvarpi. Á undanförnum árum hefur hann hitt nokkra helstu leiðtoga heims, meðal annars forseta Suður-Kóreu og forsætisráðherra Japans. Eftir fundi sem þessa hefur honum verið lýst sem hlédrægum glaumgosa með vandlega blásið hár sem gengur í þykkbotna skóm og þykir koníak gott. Hann er 64 ára og virðist eiga við einhver heilsuvandamál að stríða. Honum er gefið að hafa samið sex óperur á tveimur árum og að hafa hannað stóran turn í höfuðborginni Pjongjang. Hann á þrjá syni, en hefur enn ekki útnefnt neinn þeirra sem erfingja leiðtogatignarinnar.

**Hvernig er lífið í Norður-Kóreu?**
Fátt er vitað um daglegt líf í Norður-Kóreu. Öllum fjölmiðlum er stjórnað af ríkinu og í þeim er ekki sagt frá neinu sem gæti komið stjórninni illa. Til dæmis er aldrei sagt frá hungursneyðum sem reglulega herja á Norður-Kóreubúa. Landið reiðir sig mikið á erlend fjárframlög og telja erlendar hjálparstofnanir að um tvær milljónir manna hafi farist þar úr hungri á síðasta áratug. Auk þess berast óljósar fregnir af miklum mannréttindabrotum svo sem pyntingum, opinberum aftökum, þrælkun, ungbarnamorðum og nauðungarfóstureyðingum. Í landinu er jafnframt einn stærsti starfandi her heims. Um 23 milljónir manna búa í Norður-Kóreu, sem nær yfir 122.762 ferkílómetra - tæplega 20.000 ferkílómetrum stærra svæði en Ísland. Flestir eru trúlausir, en aðhyllast sterkar þjóðarhefðir.

**SPURT & SVARAÐ**

DAUÐAREFSINGAR

## *Ómannúðleg refsing*


**SALVÖR NORDAL**
**Forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.**

Dauðarefsingar hafa lengi verið umdeild leið til þess að fullnægja réttlætinu í sakamálum og fjölmörg mannréttindasamtök um allan heim fordæma dauðarefsingar, án tillits til eðli glæpsins sem dæmt er fyrir.

**Geta dauðarefsingar fullnægt réttlætinu?**
Ef litið er til framkvæmdar dauðarefsinga í Bandaríkjunum er ljóst að kerfið þar er mjög óréttlátt því tilviljanir og fordómar ráða miklu um það hverjir hljóta dauðadóm. Þyngstu rökin gegn dauðarefsingum eru þó þau að dauðarefsing verður ekki aftur tekin. Jafnvel sá sem telur réttlætinu ekki fullnægt fái sakamaður ekki hæfilega refsingu hlýtur að fallast á að enn meira óréttlæti hlýst af því að dæma saklausan mann til dauða.

**Heldur þú að dauðarefsingar minnki glæpatíðni?**
Fjölmargar rannsóknir, sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum þar sem dauðarefsingar hafa verið við lýði, benda alls ekki til þess að dauðarefsingar minnki glæpatíðni. Fælingarmáttur dauðarefsingar virðist því stórlega ofmetinn.

# Stórir í súkkulaði og timbri

**Íslendingar hafa umsvifamikinn atvinnurekstur í Eystrasaltslöndunum, sérstaklega í Lettlandi, og starfa á ólíkum sviðum, allt frá súkkulaðiframleiðslu til timburframleiðslu, heildsölu og hafna- og fasteignarekstrar.**

Íslensku athafnamennirnir í Lettlandi eru nokkrir. Gísli Reynisson ræðismaður er meðal umsvifamestu Íslendinganna í Lettlandi.


FRÉTTABLAÐIÐ Í LETTLANDI
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is

Hann á og rekur stærstu og þekktustu súkkulaði- og sætabrauðsverksmiðju landsins, Laima-Staburadze, og svo á hann einnig safaverksmiðjuna Gutta og pitsu- og samlokuframleiðsluna Euro-Food. Verksmiðjurnar eru flestar í miðborg Riga. Laima er þekktasta súkkulaði- og sætabrauðsmerki Letta.

Gísli á einnig tvær hafnir, sem eru í hópi stærstu hafnanna í Riga. Hann á auk þess fasteignafélag og rekur tvö gríðarstór fyrirtækjahótel undir nafninu Nordic Industrial Park í úthverfum Riga. Fyrirtækin leigja sér þá húsnæði hjá Nordic Industrial Park. Hann hefur einnig fjárfest í timburvinnslu og rekur meðal annars fimm sögunarmyllur og skyldan rekstur, til dæmis trukkafyrirtæki og flutningaskip. Í kringum grúppuna eru líka 25 verslanir.


**NORDIC INDUSTRIAL PARK** Gísli Reynisson ræðismaður er mjög umsvifamikill í Lettlandi og rekur meðal annars fasteignafélag sem á þetta gríðarstóra fyrirtækjahótel undir nafninu Nordic Industrial Park. FRÉTTABLAÐIÐ/KASPARS GOBA

Allt er þetta í samvinnu við aðra Íslendinga og lettneskan fjárfesti.

Jón Helgi Guðmundsson, stjórnarformaður Norvik, er umsvifamikill í timburframleiðslunni en hann á tvö fyrirtæki, timburverksmiðjurnar Byko-Lat og CED í Lettlandi. Byko-Lat framleiðir timbur, glugga, hurðir, girðingar og timburhús, meðal annars fyrir íslenskan markað, og starfa yfir 300 starfsmenn í verksmiðjunni í Valmiera. CED framleiðir einnig timbur og aðrar vörur og starfa þar hátt í 300 manns.

Jón Helgi er einnig með aðra starfsemi í landinu, þar á meðal Depo-byggingavöruverslanirnar í Riga. Umsvifin á því sviði eru að aukast en verslanirnar eru nú þegar tvær og stefnt er að því að opna tvær til þrjár til viðbótar á næstu misserum. Verslanirnar eru afar stórar, á bilinu 6.600 og upp í fjórtán þúsund fermetra hver.

Jón Helgi vakti athygli nýlega þegar hann keypti Lateko-banka í samstarfi við aðra. Loks hefur hann verið með fasteignafélag, aðallega um fasteignirnar sem Depo-verslanirnar eru í.

Jákúp Jacobsen í Rúmfatalagernum og félagar hans reka hrauststlegt uppbyggingastarf í Eystrasaltslöndunum. Jákup er nú þegar með sautján Rúmfatalagera undir nafninu Jysk, sex þeirra eru í Lettlandi, sjö í Litháen og fjórir í Eistlandi. Á næstu átta árum er stefnt að því að verslanirnar verði 25 talsins.

Jákúp á einnig meirihluta í fasteignafélagi sem nú þegar á fjórar verslanamiðstöðvar og eru fjórar á teikniborðinu.

Lýður Friðjónsson, fyrrverandi stjórnandi hjá Coca Cola í Rússlandi, er fyrrverandi samstarfsmaður Gísla. Hann á meðal annars sögunarmyllu í Ligatne, sem er ellefta stærsta sögunarmylla landsins, og svo á hann hlut í heildsölunni Karsten á móti öðrum. Heildsalan veltir jafnvirði fimm til sex milljarða íslenskra króna.

Þá er ótalið Nordic Barter, sem er með vöruskipti og innflutning á timburhúsum, svo að það helsta sé nefnt. ■


**UMSVIFAMIKILL Í LETTLANDI** Gísli Reynisson er ræðismaður í Lettlandi og stundar þar atvinnurekstur af ýmsu tagi. Hann er sennilega umsvifamestur eða með umsvifamestu Íslendingunum í Eystrasaltsríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/KASPARS GOBA


**STERKIR Í TIMBRINU** Gísli Reynisson ræðismaður, Jón Helgi Guðmundsson, stjórnarformaður Norvik, og Lýður Friðjónsson, fyrrverandi stjórnandi hjá Coca Cola, eru í timburframleiðslu í Lettlandi. Myndin er tekin hjá Byko-Lat, sem er í eigu Jóns Helga. FRÉTTABLAÐIÐ/KASPARS GOBA



**STABURADZE** Verksmiðjan Staburadze er í miðborg Riga eins og aðrar verksmiðjur Gísla Reynissonar ræðismanns. Staburadze framleiðir fyrst og fremst sætabrauð. FRÉTTABLAÐIÐ/GHS


**ÞEKKTASTA VÖRUMERKIÐ** Laima er stærsta og þekktasta súkkulaði- og sætabrauðsmerkið í Lettlandi en það er í eigu Gísla Reynissonar ræðismanns. Laima rekur einnig litlar búðir eða kaffihús eins og sést á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/GHS

DV
Hefur þú séð DV í dag?
Amfetamínframleiðsla talin umsvifamikil
Litháíska mafían nær fótfestu á Íslandi
Rannsókn lögreglu vindur sífellt upp á sig



# Upphengd klósett á tilboðsverði!



Upphengd klósett & innbyggður kassi
**frá kr. 29.999,-**

Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunartækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Sveifla á mörkuðum var heppileg áminning á markaði.

## Skynsemi á bjargbrúninni

Síðasta vika var um margt fróðleg á hlutabréfa- og gjaldeyrismarkaði. Sveiflurnar voru þörf áminning um ýmsa þætti sem lúta að hagsæld hér á landi.

Meðal þess sem viðbrögð vikunnar leiddu í ljós er að þótt við séum okkar eigin gæfu smiðir í efnahagslegu tilliti erum við ekki óháð kröftum á mörkuðum heimsins og þeim lögmálum sem um þá gilda. Á margan hátt má segja að markaður hér á landi hafi sýnt styrk og þroska með viðbrögðum sínum. Markaðurinn sveiflast með sama hætti og hann myndi gera á flestum mörkuðum heimsins, lækkaði við vondar fréttir og leiðrétti þá lækkun þegar í ljós kom að fréttirnar voru ekki jafn vondar og virtist í fyrstu.

Hreyfingin var líka þörf áminning um að ekki er á vísan að róa á markaði. Þannig hefur almenningur sýnt hlutabréfum vaxandi áhuga að undanförnu, án þess að meta til fulls að ávinningur og áhætta eru samofin fyrirbæri. Vondar fréttir geta svipt menn viðunandi ávöxtun til margra ára ef tímasetning kaupa er röng. Slík hætta er meiri þegar hagkerfi nálgast topp hagsveiflu. Full ástæða er því fyrir venjulegt fólk að fara varlega á markaði nú og vera þess meðvitað að hægt er að tapa á fjárfestingu í hlutabréfum.

Fjármálakerfið og staða þjóðarinnar í efnahagslegu tilliti er sterk, en mikilvægt er að halda skynsamlega á málum. Ríkið þarf að halda aftur af útgjöldum sínum og nota tímann í uppsveiflunni til að hagræða í rekstri. Það er sársaukaminnst að taka til þegar næg atvinna er í landinu.

Þegar rykið settist eftir lánshæfismat Fitch einkenndist umræðan hér á landi af yfirvegun og stillingu. Í erlendum fjölmiðlum, einkum í Danmörku, mátti greina feginleikatón um það að teikn væru á lofti um að fyrri fullyrðingar um bóluhagkerfi væru réttar.

Það kann að vera að hlutabréfamarkaður eigi eftir að lækka og nokkuð ljóst er að gengi krónunnar mun gefa eftir þegar til lengri tíma er litið. Það er hins vegar fjarri lagi að einhvers konar hrun sé í spilunum. Einkavæðing og kerfisbreytingar í hagkerfinu hafa gert það að verkum að meiri sveigjanleiki er í hagkerfinu en áður. Aðlögun ætti því að taka skemmri tíma og vera sársaukaminni en áður.

Í útlöndum hefur mönnum gengið illa að skilja rætur þeirrar efnahagssprengju sem orðið hefur á Íslandi. Þar er verk að vinna fyrir íslensk fyrirtæki og stjórnvöld. Hitt er svo verra að innanlands eru margir þeir sem hafa áhrif á umræðuna jafn fullvissir og erlendir fjölmiðlar um að útrás íslensks viðskiptalífs og vöxtur fjármálafyrirtækja séu byggð á misskilningi.

Það má því vel spyrja að því hvort ekki sé frekleg tilætlunarsemi að ætla erlendum fjölmiðlum að skilja íslenskan efnahagsveruleika, þegar við á heimavelli sáum ranghugmyndum og villandi áherslum inn í umræðuna.

Breytingar í efnahagsumhverfi okkar og atvinnulífi síðustu ár hafa verið gríðarlegar. Ekki er því að furða að einhverjar eftirlegukindur séu áttavilltar í þessum breytta heimi. Það er sjálfsagt og eðlilegt að við tökum viðvaranir um að ekki sé nægjanlega varlega farið og metum þær af skynsemi. Öllum er ljóst að við fetum veginn eftir bjargbrún þenslunnar. Við slíkar kringumstæður geta tvenns konar tilfinningar orðið okkur til tjóns. Önnur er fífldirfska og hin er lofthræðsla.

Bolla Bolla og Bolla

Mega tilboð

Fiskibollur 499kr/kg

Fiskfars 399kr/kg

HAFIÐ FISKIPRINSINN

Mikið úrval fiskrétta

-Þú getur alltaf treyst á prinsinn-
Hlíðasmári 8 • S:5547200 • www.hafid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ekki andskotalaust**

Hverfulleiki lífsins er Össuri Skarphéðinssyni alþingismanni hugleikinn í pistli sem birtist á heimasíðu hans. Innblásinn af hremmingum nokkurra starfssystkina sinna býður Össur upp á merkilega og mannlega innsýn í starf stjórnmálamannsins, sem er því miður fágætt.



„Það er að minnsta kosti ekki andskotalaust að á örfáum misserum hafa sex eða sjö þingmenn lent í einhvers konar heilsufarsvanda sem liggur einhvers staðar á milli verulegra áfalla og stóráfalla," segir hann og bendir á að það er langt því frá einsdæmi að þingmenn séu hætt komnir á þjóðvegum landsins, eins og henti Steingrím J. Sigfússon á dögunum. Nefnir hann meðal annars að Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hafi eitt sinn fengið grjóthnullung í gegnum bílrúðuna, en málgleðin skildi á milli feigs og ófeigs. „Það er stundum heilsusamlegt að vera málglaður. Einari var svo mál að tala að hann hallaði sér fram í sætinu - og slapp því við grjótið."

**Vaxandi baugar og vanrækt börn**

Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í framlínu stjórnmálanna og breitt bak þarf til að þola álagið sem fylgir. „Mín sjóuðu augu sjá þegar ungir ráðherrar bogna tímabundið undir oki þungs málaflokks, biðja um frið með augunum, horast, súpa hveljur - af því þeir eru mannlegir og sjá ekki alltaf framúr endalausu verki," segir hann og rekur dæmi um hið sífellda áreiti sem fylgir því oft að vera í forystuhlutverki; bauga sem vaxi í öfugu hlutfalli við fylgið, síma sem ekki hætti að hringja og börn sem ekki sé hægt að sinna „með tilheyrandi samviskubiti." Sumir söðla um áður en þeir „springa á limminu", aðrir eftir.
Össur býður þó forystusauðunum vonarglætu og klykkir út með þeim orðum að sjálfur er hann „fjaðurmagnaðri í spori en fyrir ári síðan - og hugsanlega léttari í lund."

bergsteinn@frettabladid.is

## Vantar fólk í álverin?

Í DAG
STYTTING NÁMS Í FRAMHALDSSKÓLA



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

*Hvers vegna er svo brýnt að draga úr menntun íslenskra ungmenna? Vantar fólk í álverin?*

Ástæða er til að hlusta á varnaðarorð kennara um að í bígerð sé að skerða nám til stúdentsprófs - ekki bara stytta það. Spurt er: hví skyldu íslensk ungmenni vera fjögur ár að því sem evrópsk ungmenni gera á þremur árum? Það er reyndar sérlega áhrifarík og lævísleg röksemd á þessum tímum þegar sjálfsmynd þjóðarinnar finnur einkum speglun í Silvíu Nótt, þessari skringilegu blöndu af Ragnheiði Birnu úr Þetta er allt að koma og eyðingargyðjunni Kalí með tunguna úti, fullri af ofsafengnu oflæti og bernskri sjálfhverfu...

Já - hví ættu íslenskir krakkar að vera ári lengur í menntaskóla en jafnaldrar í Evrópu? Kannski er ekki rétt spurt. Mætti ekki allt eins spyrja: hví geta evrópsk ungmenni lært það á þremur árum sem tekur þau íslensku fjögur ár. Svarið liggur í undirbúningnum - í grunnskólanum. Af einhverjum ástæðum virðist tíminn ekki nýtast sem skyldi hjá íslenskum börnum, að minnsta kosti ekki ef miðað er við börn í Evrópu sem almennt virðast læra meira og markvissar en þau íslensku. Þegar maður fylgist með blessuðum börnunum nema á augabragði öll júróvisjónlögin, hvert orð í hverju lagi, þá spyr maður sig óneitanlega hvort ekki væri hægt að nýta þetta ógnarnæmi til fleiri hluta líka.

Ekki sýnist vera óhætt að skerða nám í framhaldsskólunum fyrr en við höfum verið sannfærð um að nám í íslenskum grunnskólum sé sambærilegt við það sem gerist best í Evrópu.

Önnur spurning sem velta mætti fyrir sér: hvað er að? Hver er nákvæmlega vandinn? Of mikil menntun? Hvers vegna er svo brýnt að draga úr menntun íslenskra ungmenna? Vantar fólk í álverin? Eða eru íslensk ungmenni of vel menntuð þegar komið er í framhaldsnám? Benda umsagnir háskólakennara til dæmis í stærðfræði um undirbúning nýnema við háskólana til þess að nú sé brýnast af öllu að skerða nám í þessum greinum?

Það er helst að maður hafi orðið var við raddir um nauðsyn þess að stytta nám frá því fólki sem kallar sig alltaf „atvinnulífið" - eða „viðskiptalífið" - þegar það tekur til máls og er sennilega sama fólkið og skrifar á nokkurra ára fresti skýrslur um að Íslendingar skuli taka upp ensku. Hugsunin virðist þá sú að atvinnulífið þurfi á því að halda að þetta menntaða vinnuafl komi fyrr á vinnumarkaðinn, nýtist fyrr. En hinar svokölluðu þarfir atvinnulífsins geta aldrei orðið einhlítur mælikvarði á það hvernig íslenskri menningu skuli háttað.

Fyrst og fremst er ástæða til að leggja eyrun við því sem kennarar segja um þessi mál, því að þeir þekkja vitanlega best til þeirra - kennararnir vita best hvernig börnin koma undirbúin í framhaldsskólana, hvað þau læra þar, hverju verður fórnað nái hugmyndir menntamálaráðherra fram að ganga. Óneitanlega hefur manni stundum virst sem forysta samtakanna hafi gengið fram af meiri röggsemi en nú, og undarlegt að fylgjast með hálfgerðu karpi þessara forystumanna við umbjóðendur sína, þar sem þeir eru nánast að biðja þá um að vera ekki að skipta sér af þessu, en skuli „treysta" forystunni; þarna skortir átakanlega á samhljóm. Það hvarflar að manni að ef til vill hafi verið gengið á baráttueldsneyti stéttarinnar og forystu hennar í hinu langa verkfalli grunnskólakennara í fyrra.

Án þess að vilja gerast talsmaður frjálshyggju og anarkisma: þarf ekki fyrst og fremst að draga dálítið úr miðstýringu í íslensku skólakerfi? Láta völdin í hendur kennurunum og skólastjórunum í stað þess að í ráðuneytinu sitji fólk við að skipuleggja allt milli himins og jarðar? Hvað er málið með öll þessi samræmdu próf sem skólastarfið miðast svo mikið við að börnin þurfi að standast - og voru meira að segja látin taka eftir að hafa húkt heima mánuðum saman meðan geisaði verkfall? Hvað mæla þessi próf, hvað segja þau okkur, hvernig gagnast þau börnunum?

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**DÚKKUHÚS Í HAFNARFIRÐI**
Magný Jónsdóttir og Reynir Sigurðsson eru að endurbyggja húsið að Vörðustíg 2 í Hafnarfirði.
HÚS 4



# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ


| FASTEIGNASÖLUR | |
|---|---|
| Atlas | 37 |
| Ás | 16-18 |
| Árborgir | 33 |
| Bifröst | 9 |
| Netla | 32 |
| Draumahús | 21-24 |
| Eignamiðlun Suðurn. | 36 |
| Eignastýring | 14 |
| Fasteignamarkaðurinn | 13 |
| Fasteignastofan | 14 |
| Fasteignam. Grafarv. | 26 |
| FMH fasteignasala | 30 |
| Foss | 10 |
| Hof | 7 |
| Húsið | 28-29 |
| Höfði | 6 |
| Húsalind | 8 og 26 |
| Húsanaust | 35 |
| Húseign | 19 |
| Lundur | 12-13 |
| Lyngvík | 15 |
| Nýtt | 27 |
| Remax Mjódd | 33 |
| Perla | 36 |
| Valhöll | 34 |
| Viðskiptahúsið | 11 |
| X-hús | 31 |


## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 27. febrúar, 58. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.43 | 13.40 | 18.40 |
| Akureyri | 8.32 | 13.25 | 18.20 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Gnitaheiði 8.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Endaraðhús með útsýni yfir sjóinn

***Fasteignamarkaðurinn er með glæsilegt 175,8 fermetra endaraðhús í suðurhlíðum Kópavogs til sölu.***

Gengið er inn á miðhæð í flísalagða forstofu með fatahengi og hillum. Hol er parkettlagt með fataskápum. Gestasnyrting er með glugga og vaskaskáp. Eldhús er flísalagt með fallegum birkiinnréttingum og innfelldri uppþvottavél. Stofur eru samliggjandi og parkettlagðar með útgengi út á suðursvalir og fallegu útsýni til vesturs út á sjóinn og til suðurs að Reykjanesinu.

Af miðhæð liggur fallegur viðarstigi upp í ris, þar sem er stórt parkettlagt rými með stórum þakglugga og steyptur parkettlagður stigi niður á neðri hæð.

Á neðri hæð eru svefnherbergi og parkettlagt sjónvarpshol. Barnaherbergi eru tvö og eru parkettlögð með fataskápum. Hjónaherbergi er parkettlagt með fataskáp sem nær yfir heilan vegg. Baðherbergi er flísalagt með innréttingu og baðkari með sturtu. Þvottaherbergi er lakkað með vaski og útgangi út á á baklóð.

Við húsið er 26,1 fermetra bílskúr með hita, rafmagni, rennandi vatni og rafmagnsopnara.

Ásett verð er 44,9 milljónir.



Viðbygging við skólann er meðal nýframkvæmda á Reyðarfirði.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

## Húsin rísa ört á Reyðarfirði

HUNDRAÐ OG EIN ÍBÚÐ ER Í BYGGINGU Á REYÐARFIRÐI AUK IÐNAÐARHÚSNÆÐIS OG ÍÞRÓTTAHALLAR.

Byggingariðnaðurinn blómstrar á Reyðarfirði. Að sögn Steindórs Stefánssonar, starfsmanns byggingafulltrúa, er eitt hundrað og ein íbúð í byggingu í fjölbýlishúsum, raðhúsum, parhúsum og einbýli. Þær eru mismunandi langt á veg komnar. Verktakar eru meðal annarra Íslenskir aðalverktakar og Akur. Iðnaðar- og verslunarhúsnæði rís líka á Reyðarfirði. Jóhann Rönning er með stórhýsi í smíðum og úti á svokölluðu hrauni er iðnaðarhverfi í uppbyggingu í tengslum við væntanlegt álver, enda í næsta nágrenni þess. Ekki má svo gleyma íþróttamannvirkinu mikla sem gengur undir nafninu Fjarðabyggðarhöllin. Byrjað er að reisa stálvirki þess og áformað að vígja það í vor.

Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið

Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is

**Eldhúsinnréttingar** safna oft mikilli fitu og ryki ofan á sig ef efri skáparnir ná ekki alveg upp í loft. Gott er að þvo ofan af þeim með uppþvottalegi, smá vatni og svampi og þurrka svo vel yfir.

# Vasar víða að úr heiminum

***Fallegur blómavasi er mikil heimilisprýði. Það er hægt að fá í ýmsum gerðum og öllum regnbogans litum, eftir íslenska hönnuði og erlenda, fyrir stakt blóm eða vönd og fyrir 5.000 eða 200.000 kr.***


Pernille Vea - Tékk kristal.

Ingunn Magnúsdóttir er afgreiðslukona í Tékk kristal. Hún segir að vasar séu æði mismunandi, allt frá því að vera klassískir og einfaldir yfir í að draga til sín athyglina. „Sterkir litir eru það nýjasta. Til dæmis erum við með ítalska vasa, Ali Baba, sem eru svona fyrir heimili þar sem skreytt er með tveimur sítrónum á borðinu,“ segir Ingunn og hlær. Ali Baba vasarnir eru frá Flórens og það er skondið að segja frá að einungis karlmenn hanna og gera vasana en konurnar eru einráðar þegar kemur að því að mála þá.

„Ég er líka mjög hrifin af þessum tvöfalda vasa sem Pernille Vea hefur hannað. Hann gefur mikla möguleika á að leika sér með liti og uppsetningu,“ segir Ingunn.

Íslenskir hönnuðir eiga einnig sinn fulltrúa í Tékk kristal. „Aldís Einarsdóttir hefur hannað vörur í yfir þrjátíu ár og vasarnir hennar eru mjög fallegir,“ segir Ingunn.

Ingunn Sæmundsdóttir vinnur í versluninni Í húsinu í Kringlunni. Hún segir að vasar fyrir stök blóm séu í tísku. „Við höfum einnig mikið verið að selja stutta, litaða og einfalda vasa í skreytingar fyrir fermingarnar,“ segir Ingunn.


Paola Navone - Art form.

Í Art Form á Skólavörðustíg kennir margra grasa. Þar má til dæmis finna klassískan vasa hannaðan af Alvar Aalto, en varla finnst Íslendingur sem ekki kannast við verk hans. Silfurlína Paola Navone er einnig áberandi en hún blandar saman gleri og handunnu silfri og verður útkoman stórglæsilegur vasi. „Glerlistin er mun hærra skrifuð erlendis en hér,“ segir Hlöðver Sigurðsson, eigandi Art Form. „Við Íslendingar áttum það til að leita ekkert út fyrir Norðurlöndin í hönnun svona gripa og því misstum við af ýmsum straumum.“

Oft liggur mikil vinna á bak við hvern vasa og er verðið eftir því. „Ég sleppi því að versla með dýrustu vasana því það er einfaldlega enginn markaður hér fyrir þá. Fólk er bara ekki tilbúið að borga 200.000 fyrir vasa en það eru langt í frá dýrustu vasarnir sem hægt er að fá,“ segir Hlöðver.

*tryggvi@frettabladid.is*


Stigahúsateppi
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND ehf.

SPARKY PROFESSIONAL
– fyrir iðnaðarmanninn
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is

STIGAR & HANDRIÐ
Heildarlausnir og verð sem koma á óvart.
Bognir stigar og handrið ekkert vandamál.
Nýtt, ekta harðviður sem hægt er að beygja eftir þörfum*, heppilegt t.d. í stigahandrið og allskonar bogna lista, gólflista og frágangslista.
Harðviðar parketlistar og spónlögð gerefti á lager.
Mex byggingavörur, Lynghals 3 Árbæjarhverfi
Sími 567 1300 Gsm 848 3215 www.imex.is
* allt að radius 10 x þykkt efnis

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

HANDRIÐ
Settu saman sjálfur úr einingum
Hagkvæmt verð
STIGAR
HANDRIÐ
Stigalagerinn
Dalbrekku 26 - Kópavogi
www.stigalagerinn.is s:5641890

pgv
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...
· ENGIN MÁLNINGAVINNA
· HVORKI FÚI NÉ RYÐ
· FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
· FALLEGT ÚTLIT
· MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
· ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING
PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u
Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð
Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds
PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is

Pólýhúðun
Powder coating
Húðum felgur og dráttarbeisli
Felguhúðun á 4.500kr stk
Eigum á lager 350 RAL liti
Pólýhúðun ehf
S: 544 5700 * www.polyhudun.is
Smiðjuvegi 1 * 200 Kópavogur

GLUGGA LAUSNIR
Hafðu samband og við komum heim til þín
Vandað, einfalt og ódýrt
Budget Blinds 534 1300
www.gluggalausnir.is

allt atvinna
Alla sunnudaga


Aldís Einarsdóttir - Tékk kristal.


Alvar Aalto - Art form.


Ali Baba - Tékk kristal.


Í húsinu.


Í húsinu.

## HVAÐ ER... BITASKRÚFJÁRN?

Fyrir nokkrum árum síðan voru eingöngu til tvö skrúfjárn á hverjum heimili, eitt venjulegt og eitt stjörnu. Nú eru skrúfur hins vegar orðnar mun fjölbreyttari, til dæmis með tilkomu Torx-skrúfuhausanna. Ætli maður að eiga skrúfjárn fyrir alla þá fjölbreyttu flóru skrúfa sem sem nú finnst er hætt við að verkfæraskúfann eigi fljótt eftir að fyllast. Til að einfalda þetta vandamál hefur í nokkuð langan tíma verið til skrúfjárn fyrir bita. Ef eitthvað eitt verkfæri á að vera til á heimilinu þá er það bitaskrúfjárn. Skrúfjárnið hefur haus með segli þar sem hægt er að koma fyrir mismunandi skrúfjárnsbitum. Hægt er að fá bita sem ná yfir alla flóruna, allt frá venjulegu yfir í sexkant.



Hægt er að fá sérstakt bitabox fyrir bitaskrúfjárnið en 20-30 bitar eiga að nægja fyrir venjuleg heimilisstörf.





JÁRN&GLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsmegin - S: 58 58 900
GEZE
www.jarngler.is



Svefnsófar með heilsudýnu



15 sekúndur




Svefnsófar með MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.






Svefnkollar

www.design.is @ 2006

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16












Þótt enn sé margt ógert þar til Magný getur flutt inn hefur mikið áunnist. Það sér hún þegar hún skoðar filmur af húsinu eins og það var þegar hún og Reynir keyptu það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eldhúsinnrétting frá 1916

***Litla dúkkuhúsið að Vörðustíg 2 í Hafnarfirði er að verða mikill dýrgripur.***

„Við reynum að halda öllu sem upprunalegustu og förum alveg eftir bókinni,“ segir Magný Jónsdóttir, sem ásamt eiginmanni sínum Reyni Sigurðssyni er að endurbyggja húsið að Vörðustíg 2. Það hefur staðið í látleysi á grunni sínum frá árinu 1916 og fyrir tveimur árum stóð til að það viki fyrir nýbyggingu. „Hjartað í mér tók kipp þegar ég frétti að þetta hús ætti að hverfa því þar hafði nánast engu verið breytt frá upphafi,“ segir Magný, sem eignaðist húsið með því að bjóða betur en sá sem ætlaði að rífa það. Hún segir þau hjón hafa notið ráðlegginga Magnúsar Skúlasonar hjá Húsafriðunarnefnd við endurbæturnar og að húsið hafi hlotið styrk úr húsverndarsjóði Hafnarfjarðarbæjar á liðnu ári.



Húsið við Vörðustíg 2 stendur rétt ofan við höfnina og hefur horft á skipin koma og skipin fara síðan 1916.

Grunnflötur hússins er aðeins um 32 fermetrar og íbúðin var á einni hæð en geymslur uppi í risi og í kjallara. Nú hafa Magný og Reynir látið stækka kjallarann og koma þar fyrir nútíma snyrtingu og svefnherbergi sem gengið er niður í úr stofunni. Að utanverðu er húsið komið í endanlegt horf en inni eru mörg handtök eftir. Allt þarf að sérsmíða, hurðir, glugga og lista, til að yfirbragðið verði nákvæmlega eins og það var. „Þetta er dýrt því það verður að hugsa fyrir hverju smáatriði,“ segir Magný og strýkur panelinn í stofunni, sem er ótrúlega heillegur og verður pússaður upp. Gólfin fá svipaða meðferð og meira að segja litla eldhúsinnréttingin frá 1916 verður látin halda sér. „Svo verður kamína í litlu stofunni,“ segir Magný brosandi og bætir við. „Það verður að láta rjúka úr litla skorsteininum öðru hvoru.“

*gun@frettabladid.is*



Húsið var í niðurníðslu þegar Magný og Reynir keyptu það enda hafði það staðið autt og óupphitað í tíu ár. MYND/MAGNÝ



Eldhúsinnréttingin frá 1916 verður pússuð upp og látin lifa áfram.



Vinalegur snerill.



Litla húsið er í góðum félagsskap annarra með upprunalegt yfirbragð. Grjóthleðslan neðan við húsið er á minjaskrá.



**RÁÐ frá Rakel**

RAKEL ÁRNADÓTTIR SKRIFAR UM FRUMLEGT VIÐARBÆS

# Falu-rauður

Tjara er eitt elsta fúavarnarefni sem til er. Síðar voru þróuð betri fúavarnarefni úr olíum hennar, en tjörguð hús, sem voru algeng hérlendis, voru yfirleitt „biksvört“. Fúavarnarefni eru líka til úr málmsöltum. Rauðu sænsku sumarhúsin eru dæmi um hús sem eru fúavarin með slíkum efnum. Rauði liturinn, sem kallast Falu-rauður, á sér merkilega sögu. Hann er kenndur við bæinn Falun í Svíþjóð en þar var stór koparnáma. Talið er að námuvinnslan hafi byrjað fyrir um 1000 árum, en vinnsla hætti 1992. Allan tímann gaf náman mikið af sér og lagði hún grundvöll að stofnun elsta hlutafélags í heimi, Stora Kopparberg sem nú heitir StoraEnso.

Sagan segir að aðrir kostir námunnar í Falun hafi orðið bónda nokkrum ljósir þegar geithafur hans birtist einn daginn fyrir löngu með rauð horn eftir að hafa rótað í jarðveginum hjá námunni. Í upphafi 18. aldar var svo byrjað að nota hið rauða duft sem til féll þegar málmur var unninn úr henni í málningu. Þá var duftið blandað með vatni, rúgmjöli, bjór, lýsi, síldarpækli og jafnvel skvettu af þvagi. Ekkert mátti fara til spillis, en sem betur fer er þetta einfaldara í dag. En ef maður vill vera svaka frumlegur má búa til svona viðarbæs heima:

Sjóðið 28 l af vatni í stórum potti. Blandið 2,5 kg af rúgmjöli saman við 5 l af köldu vatni. Hellið blöndunni hægt út í sjóðandi vatnið. Látið sjóða í korter og hrærið allan tímann. Bætið út í 10 kg af Falu-rauðu dufti, úr námunni í Falun, og ½ kg af járnsúlfati. Soðið í korter. Bætt er 4 kg af línolíu út í, til að liturinn smiti ekki eftir að málað hefur verið. Látið malla í korter. Skvetta af uppþvottalegi bætir eiginleika línolíunnar svo öll efnin loði saman. Látið litinn þykkna en bætið smá vatni út í ef hann verður of þykkur. Kostur þessarar sérstöku blöndu er að hún er ódýr og hvorki þarf að þvo né undirbúa gamla málningu fyrir nýja umferð. Nóg er að bursta viðinn lauslega og rjóða á nýrri málningu með stórum pensli.

Eitt ráð að lokum: Orðið „bæs“ er ekki tökuorð úr sænsku og biðjið aldrei sænskan málara að setja „bæs“ á tréverkið hjá ykkur.

Falleg sófasett á góðu verði

Allar Guzzini og Lexon hönnunarvörur á 20% afslætti



Noaher leður hornsófi m/skemli verð 209.000 kr

local
Húsgögn og gjafavara

Skeifan 3A við hlið
Atlantsolíu 108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is



Sítrónan þrífur vel.

# Þrif á örbylgjuofni

***Oft getur það reynst erfitt að finna réttu efnin og aðferðina við að þrífa örbylgjuofninn.***

Allir kannast við hversu tímafrekt og leiðinlegt það er að þrífa örbylgjuofninn. Matarslettur sem festast vel og vandlega vegna hitans sem örbylgjurnar flytja. Oft virðast venjuleg hreinsiefni ekki ná langt í að vinna á drullunni. Auk þess þarf að finna efni sem þrífur vel og eitrar ekki matinn.

En eitt gott ráð er til til að þrífa hann hratt og örugglega. Sneiðið sítrónu í nokkrar sneiðar og setið í skál með vatni. Stingið svo skálinni í örbylgjuofninn og setjið hann af stað í svona 10 mínútur.

Eftir þetta er enginn vandi að strjúka yfir ofninn með rakri tusku, óhreinindin eru öll á bak og burt og í húsinu verður hressandi sítrónukeimur. Ef örbylgjuofninn er mjög skítugur er um að gera að endurtaka allt ferlið.

Risaútsala

Veggflísar frá kr. 500 fm²
Gólfflísar frá kr. 990 fm²

Sturtuklefar
80x80 kr. 25.000
90x90 kr. 30.000

Sýningareintak: sturtuklefi m/nuddi 40% afsláttur

HÚSHEIMAR

Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S: 553 4488

Við hjálpum þér af stað...

byrjaðu að spara reglulega og SPK leggur þér lið við fyrstu innborgun



- Auka innborgun frá SPK við upphaf sparnaðar
- Fjölbreyttar sparnaðarleiðir
- Góð ávöxtun
- Sveigjanleiki, hægt að draga úr eða auka við sparnaðinn eftir hentugleika
- Góð yfirsýn í Heimabanka

eitt símtal... og þú byrjar að spara
515 1950

spk

Sparisjóður Kópavogs – Hlíðasmára 19 – Digranesvegi 10 – Select við Smáralind – Sími: 515 1950 - Fax: 515 1909 - www.spk.is - spk@spk.is

# HÖFÐI FASTEIGNASALA

**Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhrauni 22**
Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafr., lögg. fast.- og skipasali
Kristín Pétursdóttir, lögg. fasteignasali

## SKOÐAÐU NÝJA OG GLÆSILEGA HEIMASÍÐU HÖFÐA - www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafræðingur, lögg. fast.- og skipasali · Ásmundur Skeggjason sölustjóri · Kristín Pétursdóttir lögg. fasteignasali · Davíð Davíðsson sölumaður · Gústaf Adolf Björnsson sölumaður · Daði Rúnar Jónsson Viðskiptafr./sölumaður · Arnhildur Árnadóttir, ritari/skjalagerð · Eyrún Ragnarsdóttir, ritari/skjalagerð

## Sími 533 6050 • 565 8000

### Eskivellir - 3ja - Hfj.



Ný, falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi á Völlunum í Hafnarfirði. Fullbúin án gólefna, þó er baðherbergið flísalagt í hólf og gólf og flísar á þvottahúsgólfi. Eikar innréttingar. Laus STRAX. Hagstæð lán. **Verð 18,6. millj.**

### Fífulind - 3ja - Kóp.



Vorum að fá í sölu sérlega glæsilega 92 fm 3-ja herbergja íbúð á þessum eftirsótta stað. Sérinngangur er af svölum. Parket og flísar eru á gólfum. Grill suðursvalir. Sérþvottahús. **Verð 22,9 millj.**

### Grasarimi - jarðhæð.



Gullfalleg neðri sérhæð í 3býli. Sérinngangur og sérverönd. Komið er inn í flísalagða forstofu m/geymslu innaf. Hol flísalagt. Eldh. er með glæsil. maghony-innrétt., flísar á gólfum og milli skápa, borðkr. Opið úr eldh. í borðst. Baðherb. flísal.. Innk. og bílaplan er hellulagt. **Verð 29,5 millj.**

### Lækjarsmári - 3ja - 4ra - Kóp.



Til sölu sérlega falleg 110 fm 3-4ra herbergja íbúð á 7. hæð í þessu glæsilega klædda lyftuhúsi. Sérstæði í bílageymslu. Yfirbyggðar svalir. Parket og flísar eru á gólfum. **Verð 31,5 millj.**

### Mýrargata - einbýli - Vogar



Fallegt 162 fm einbýlishús í Vogum. Verönd með heitum potti. Glæsileg innrétting er í eldhúsi. **Verð 31,9 millj.**

### Öldugata - einbýli - Hfj.



Vorum að fá í einkasölu fallegt mikið endurnýjað einbýlishús á eftirsóttum stað nálægt læknum í Hafnarfirði. Parket og flísar á gólfum. Stór og mikill garður í góðri rækt. Húsið er hæð+ris. Í kj. er þvottahús og geymslur. **Verð 32,9 millj.**

### Gljúfrasel - e.sérhæð - aukaíbúð



Mjög vel staðsett efri sérhæð með auka íbúð og innbyggðum bílskúr. Rúmgóð setu - og borðstofa. Glæsilegt útsýni. **Verð 43,5 millj.**

### Bjarnhólastígur - einbýli - Kóp.



Ef við víkjum að hinni þrenningunni, föðurnum, syninum og heilögum anda, til samanburðar. Við getum velt því fyrir okkur hvort fólk geti elskað guð en hatað jafnframt son hana og auk þess heilagan anda, eða elskað soninn en fyrirlitið föðurinn og heilagan anda. Það er ekki hægt. Með sama hætti er öldungis ómögulegt að ímynda sér að unnt sé að elska tunguna og gera allt til að varðveita hana og fegra - en vanvirða landið og fyrirlíta þjóðina.

Þessir þrír þættir, landið, þjóðin og tungan verða ekki að skilin. Við verðum að sýna landinu ást okkar og virðingu í verki, við verðum að sýna hvert öðru þann kærleika sem gerir okkur kleift að kalla okkur samfélag. Jafnframt þessu getum við farið að standa vörð um okkar dýru tungu, ekki fyrr.

*Höfundur er dósent í íslensku við Kennaraháskóla Íslands.*











**IVAN PAVLOV (1849-1936) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Þegar þú stundar rannsóknir skaltu aldrei gera þig ánægðan með yfirborð hlutarins.“*

*Ivan Pavlov var rússneskur sálfræðingur sem hlaut nóbelsverðlaun fyrir rannsóknir sínar á hundum.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 27. FEBRÚAR 1995

## *Milljónum rænt af starfsfólki Skeljungs*

Á þessum degi árið 1995 var ráðist að tveimur konum sem voru að koma með peningasendingu frá Skeljungi hf. í útibú Íslandsbanka við Lækjargötu. Þrír grímuklæddir menn réðust að konunum, börðu aðra þeirra í höfuðið og hrifsuðu síðan af þeim peningatöskur sem í voru 5,2 milljónir króna, þar af um þrjár milljónir í reiðufé.

Ræningjarnir höfðu flóttabíl til umráða. Þeir keyrðu á braut og sáust aldrei síðan. Málið er enn í dag óupplýst.

Bíll ræningjanna fannst síðar yfirgefinn. Kom í ljós að honum hafði verið stolið og voru númeraplöturnar af öðrum stolnum bíl. Peningatöskurnar fundust hálfbrunnar nálægt Hvammsvík í Hvalfirði og þar fundust einnig leifar af brunnum fötum.

Búnaður var í peningatöskunum sem hefði átt að springa og úða lit yfir seðlana til að gera þá ónothæfa. Svo virðist sem sá búnaður hafi ekki virkað.

Málið vakti mikla athygli en ljóst þótti að ránið hefði verið vel skipulagt. Ekki er það sama hægt að segja um peningaflutninga fyrirtækja á þessum tíma.



SKELJUNGUR

## MERKISATBURÐIR

**1900** Verkamannaflokkurinn á Englandi er stofnaður.

**1928** Togarinn Jón forseti frá Reykjavík ferst við Stafnes. Fimmtán skipverjar drukkna.

**1941** Togarinn Gullfoss frá Reykjavík ferst úti af Snæfellsnesi og með honum nítján manns.

**1953** Barnaskólahúsið í Hnífsdal fýkur af grunni og gjöreyðileggst.

**1975** Samþykkt er að friða Hornstrandir.

**1997** Skilnaður er gerður löglegur á Írlandi.

## JARÐARFARIR

11.00 **Árni Jónsson** verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Björn M. Loftsson**, Drápuhlíð 42, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

13.00 **Emil Fjölnisson**, Þórðarsveigi 2, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Þorgeir Pálsson** frá Grænavatni, Espigerði 10, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

13.30 **Sigurliði Jónasson**, Mýrarvegi 111, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Ásta Gísladóttir**, Lindargötu 61, Reykjavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

## AFMÆLI

**Jón Anton Speight** tónskáld er 61 árs.



## ANDLÁT

**Guðmundur Jónsson**, vélfræðingur, Dalbraut 20, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 23. febrúar.

**Ingvar Ágústsson**, Blesugróf 15, Reykjavík, lést af slysförum mánudaginn 6. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Magnús Jónsson**, Flétturima 27, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 24. febrúar.

**Sigríður Baldursdóttir**, Stórateigi 7, Mosfellsbæ, lést á lungnadeild Landspítala Fossvogi föstudaginn 17. febrúar. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigurður Trausti Kjartansson**, til heimilis í Kaupmannahöfn, áður Hjarðarhaga 44, Reykjavík, lést í vinnuslysi í Kaupmannahöfn miðvikudaginn 22. febrúar.

**Steinunn Magnúsdóttir** lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 22. febrúar.

**Þorbjörg Sveinbjarnardóttir**, Huppahlíð, Miðfirði, lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 19. febrúar.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir og fósturfaðir okkar, tengdafaðir og afi*

**Ingvar Ágústsson**

Blesugróf 15, Reykjavík

lést af slysförum mánudaginn 6. febrúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Þökkum þeim fjölmörgu sem sýnt hafa okkur hlýhug og stuðning á erfiðum tímum. Guð blessi ykkur öll.

**Bergþóra Ögmundsdóttir**
**Ágúst Ottó Ingvarsson** **Jóhanna K. Jóhannsdóttir**
**Anna Gyða Rebekka Reynisdóttir** **Vincenzo R. Piras**
**Ögmundur Smári Reynisson** **Jónína G. Skaftadóttir**
**Hulda Björg Reynisdóttir**
**og afabörn**


Fróðleikur af gardur.is



**Nýrómantískt skáld og rithöfundur:**

***Guðmundur Guðmundsson skólaskáld***

Guðmundur Guðmundsson var f. 5. sept. 1874 í Hrólfsskálahelli á Landi, sonur Guðm. b. þar Guðmundss. og k.h. Guðrúnar Jónsd. Ólst upp hjá for. sínum fátækum, en faðir hans var hagorður vel. Varð snemma skáldhneigður. Stúdent frá Rvíkurskóla 1897, þá þegar kunnur undir viðurnefninu skólaskáld. Las læknisfræði um hríð, fekkst svo við blaðamennsku og ljóðagerð, lengst í Rvík, en 1906–9 á Ísaf. Undrum sætti hve létt honum lék að yrkja. Trúhneigður, með sterka taug til dulúðar; reit í anda nýrómantíkur og symbólisma. Ástarljóð með döprum undirtónum eru meðal hans beztu ljóða. Kvæðaflokkurinn Friður á jörðu hefst svo: Friðarins Guð, in hæsta hugsjón mín, / höndunum lyfti ég í bæn til þín! / Kraftarins faðir, kraftaverkið gjörðu: / Gefðu mér dýrðar þinnar sólarsýn, / sigrandi mætti gæddu ljóðin mín,–/ sendu mér kraft að syngja frið á jörðu. Mörg ljóðanna urðu alkunn, m.a. Í fjalladal, í fjalladal ... og Kirkjuhvoll. Naut skálda-styrks frá Alþingi. Bindindis- og guðspekimaður; form. Stórstúku Ísl. 1915–17. Rit m.a.: Ljóðmæli, 1900, Strengleikar, Gígjan, Ljóð og kvæði. Þýddi fjölda ljóða (Erlend ljóð, 1924). Átti stóran þátt í Alþingisrímum. Ljóðasafn I-III var útg. 1934. Þýddi og skáldrit merkra höfunda. Lézt úr spænsku veikinni 19. marz 1919. – K.h. (1908): Ólína Þorsteinsd. frá Ísafirði. B.þ.: Hjördís, Steingerður leikkona, Droplaug.

Guðmundur hvílir í leiði nr. 16 á svæði A 6 í Hólavallakirkjugarði, sjá nánar á www.gardur.is

Meira um hann á gardur.is

gardur.is

Hægt er að setja inn æviágrip látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.




**Í FYRSTA SINN Á ALÞINGI** Sandra Franks hefur undanfarnar vikur setið á Alþingi fyrir Rannveigu Guðmundsdóttur. Hún segir upplifunina athyglisverða og spennandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SANDRA FRANKS: LÝKUR FYRSTU SETU SINNI Á ALÞINGI

# Jafnréttissinni í hjarta

Á Alþingi Íslendinga hefur síðastliðnar vikur birst nýtt andlit innan um þau kunnuglegu. Sandra Franks kom inn sem varaþingmaður fyrir nokkrum vikum og hefur setið á þingi í stað Rannveigar Guðmundsdóttur fyrir Samfylkinguna. Hún lýkur í vikunni sinni fyrstu þingsetu og hefur líkað ljómandi vel.

„Þetta er mjög athyglisvert og spennandi og það hefur ýmislegt komið mér á óvart,“ segir Sandra, sem er stjórnmálafræðingur frá Háskóla Íslands og stundar nú mastersnám í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. „Það er margt sem kemur óvænt uppá og maður veit aldrei hvað gerist næst,“ segir Sandra, sem segir nauðsynlegt fyrir þingmenn að sýna sjálfstæð vinnubrögð.

Þrátt fyrir stutta setu fannst Söndru hún geta komið ýmsu til leiðar. „Maður getur lagt fram ýmsar fyrirspurnir um mál sem eru manni ofarlega í huga,“ útskýrir hún en á þessum vikum hefur Sandra lagt fyrirspurn fyrir dómsmálaráðherra út af barnaklámi og fyrir heilbrigðisráðherra um dagpeningagreiðslur til foreldra langveikra barna sem koma með börn sín til Reykjavíkur en búa úti á landi. Finnst Söndru það eiga jafnt við fyrir þá foreldra og þá sem verða að fara til útlanda með börn.

Fyrir helgina lagði Sandra fram sína fyrstu þingsályktunartillögu, um skattaumhverfi í kringum líknarfélög. „Það er hellingur að gerast en það er líka undir manni sjálfum komið hvað maður er tilbúinn að leggja á sig,“ segir Sandra og finnst mastersnámið hjálpa sér mikið við að vera fljót að átta sig á hvernig hún eigi að nálgast hlutina.

Sandra gekk í Samfylkinguna þegar hún var stofnuð. „Þar áður var ég algerlega landlaus í pólitík,“ útskýrir hún en áréttir að hún hafi ávallt verið jafnréttissinni í hjarta. „Mér fannst vera pláss fyrir mig í Samfylkingunni og hefur alltaf liðið vel þar,“ segir Sandra, sem hefur ekki tekið neina ákvörðun um framtíð í pólitík. Þingmannastarfið finnst henni áhugavert en tíminn verði að leiða í ljós hvort það verði hennar köllun í lífinu.

Sandra hefur gaman af allri útivist og eyðir stórum hluta hvers sumars á fjöllum. Á haustin skellir sér hún á gæsaskytterí en hún hefur einnig mjög gaman af öllum ferðalögum. „Svo er maður lesandi allan sólarhringinn,“ segir Sandra glaðlega, en þingsetu hennar lýkur á miðvikudaginn og fer hún þá að sinna náminu af krafti. ■

# Af fálkum og rjúpum

Ólafur K. Nielsen vistfræðingur frá Náttúrufræðistofnun Íslands flytur í dag erindið Af fálkum á mánaðarlegum fræðslufundi Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Ólafur hefur fengist við rannsóknir á fálkum síðan 1981 og unnið mest við þær á Norðausturlandi. Í erindinu fjallar hann um lífsferil fálkans og tengsl hans og rjúpunnar. Einnig verða sýndar ljósmyndir af fálkum og rjúpum eftir Jóhann Óla Hilmarsson og Daníel Bergmann en þeir eru báðir þekktir fyrir myndir af fuglum og bækur sínar um fugla og náttúru landsins. Í lok fyrirlestrar verða sýnd nokkur myndskeið úr mynd um fálka og rjúpu sem Magnús Magnússon kvikmyndagerðarmaður er að ljúka við að gera.

Fræðsluerindi HÍN eru ávallt haldin síðasta mánudag hvers mánaðar á tímabilinu september til maí að desember undanskildum. Erindin hefjast klukkan 17:15 og eru haldin í Öskju, stofu 132, Náttúrufræðahúsi Háskólans við Sturlugötu í Vatnsmýri. ■



**GRÆNLANDSFÁLKI** Ólafur K. Nielsen vistfræðingur heldur erindið Af fálkum.



**DANSINN DUNAR** Þessi ungu og litríku börn tóku þátt í fjölmenningarlegri hátíð á landamærum Texas og Mexíkó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Botnverð

19"

6600GT skjákort
300GB harður diskur
1024MB vinnsluminni

4.156

Þráðlaust lyklaborð og mús!

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

| 4.156* | 11.999** | 143.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## MEDION V8

8077IS
**MEDION V8 X2**
- 19" medion skjár
- Intel Pentium4 Dual Core 820 (2.8GHz)
- nVidia GeForce 6600 256MB PCIX
- 1024MB DDR2 (512MB*2) Vinnsluminni
- 300GB, 7.200rpm, 2MB Cache, S-ATA
- DVD skrifari 16x Dual Layer
- DVD drif 16x
- Medion Media Bay
- Innbyggt 10/100 netkort
- Þráðlaust lyklaborð og geislamús

Flightplan á DVD fylgir
FYLGIR

Heill kassi
FYLGIR
24 dósir af Pepsi MAX

Takmarkað magn

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

15"

**Super DVD skrifari**
Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

**ATI skjástýring**
DirectX 9.0 samhæf með PCI Express tækni.

2.429

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

| 2.429* | 6.599** | 79.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## TOSHIBA

PSL2XE-01201MED
**Toshiba Satellite L20-153**
- Intel® Celeron M 360
- 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
- 40GB diskur
- 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
- ATI Radeon® Xpress 200M
- DVD Super Multi brennari
- 10/100 Ethernet og V.90 mótald
- VGA, TV-OUT
- 3x USB 2.0, hljóð inn/út
- 33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg
- Lithium-ion, Allt að 2.9 klst
- Þráðlaus netstýring 802.11BG
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

Flightplan á DVD fylgir
FYLGIR

Heill kassi
FYLGIR

**Frí fartölvutaska**
Trust fartölvutaska
14419-TRU
FYLGIR
3.999

## Hátalarar

Ótrúlegt verð!
7.999
9.999

14253-TRU
**TRUST HÁTALARAR SP-6300P**
Öflugt 5.1 rása surround hljóðkerfi
5 x 3 W + 1 x 18 W RMS - Samtals 33 RMS Wött

## Heyrnatól

Gæða Headsett!

12576-TRU
**TRUST HEADSET 410 BASS**
- Stereo heyrnatól með hljóðnema
- Mikill bassi fyrir tölvuleiki
- Stillanlegur hljóðstyrkur og bassi
- USB tengdur fyrir meiri kraft
- Mjúk og þægileg heyrnatól

2.999

## Heyrnatól

Ótrúlegt verð!

11916-TRU
**TRUST MULTI FUNCTION HEADSET**
- Stereo heyrnatól
- Stillanlegur hljóðnemi
- 2 metra kapall
- Aðeins 100 grömm

999

## Vefmyndavél

Ótrúlegt verð!
3.999
4.999

14384-TRU
**NETMYNDAVÉL HI-RES**
- Háhraða netmyndavél
- USB 2.0 hraði
- 640 x 480 pixlar - 30 rammar á sek.
- Hægt að hengja beint á skjá

## Vefmyndavél

Vinsælasta vélin!
4.999

961420-0914
**LOGITECH QUICKCAM MESSENGER**
Vinsælasta netmyndavélin frá Logitech með innbyggðum hljóðnema. Virkar með MSN!

## Vefmyndavél

Geggjuð vél!
3.999

961413-0914
**LOGITECH QUICKCAM CHAT**
- Vönduð netmyndavél og höfuðtól
- 640 x 480 upplausn
- 30 rammar á sekúndu
- USB 2.0 samhæf
- Mikið af skemmilegum hugbúnaði fylgir

## Lyklaborð

Nett og létt!
3.499

967559-0106
**LOGITECH MEDIA KEYBOARD ELITE**
Vandað lyklaborð frá Logitech. Þunnt og þægilegt.

## Leikjamús

Besta leikjamúsin!
5.999
7.999

931376-0914
**G5 LASER MOUSE**
- Laser Engine
- 2000dpi - 6.4MPixel á sek
- Næmni hnappur
- Stillanleg þyngd!

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444





# STUÐ MILLI STRÍÐA Aldrei að snúa við á miðri leið

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** RIFJAR UPP RAUNIR JOBS



Það var farið að kvölda í Ús. Það eina sem heyrðist var sakleysislegt hvísl vindsins að sandinum sem hlustaði ekki heldur horfði einbeittur á fjögurra manna hóp. Þeir sátu allir saman í kringum eld sem reyndist vera eina tíran í myrkrinu auk stjarnanna og tunglsins. Þrír þeirra voru nokkuð heilbrigðir og öruggir með sig en sá fjórði virtist vera þjáður. Hann var alsettur kýlum og augu hans voru grátbólgin. Þremenningarnir þögðu en í augum þeirra mátti greina þakklæti. Þakklæti fyrir að vera ekki jafn illa settir og fjórði maðurinn.

Það á ekki af Job að ganga í samnefndri bók. Hann missir fjölskylduna, dýrin og jörðina og að endingu leggst á hann sjúkdómur. Aldrei leyfir Job sér að formæla Guði sínum eða kveinka sér. Þegar Job barðist við djöfulinn vissi hann sem var að slæmir hlutir koma líka fyrir gott fólk. Það er meira að segja yfirleitt reglan frekar en undantekning. Einfaldlega gangur lífsins.

Ég trúði því einu sinni að ekkert illt gæti hent mig. Það væru bara aðrir sem ættu bágt og þá væri hægt að hugga. Eins og hendi væri veifað breyttist þessi bjargfasta trú mín og ég áttaði mig á því að tilvera mín væri jafn brothætt og annarra. Í fyrstu vældi ég og vældi undan erfiðleikum mínum en áttaði mig svo á því að lífið leggur manni ákveðin verkefni á herðar sem okkur er gert að leysa.

Lífið er hvorki bein leið né lygn sjór heldur illfær fjallabaksleið sem býður uppá þó nokkra útsýnismöguleika yfir fegurð lífsins. Sá sem reynir að sveigja framhjá erfiðleikum endar eins og Hafnfirðingurinn sem ætlaði að leggja á sig Grettissundið. Þegar það var hálfnað sneri Gaflarinn við af því honum var svo kalt. ■


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

**Aukasýningar í mars:** Sun. 5/3 **uppselt** og sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 nokkur sæti laus, sun. 26/3. **Síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

**Aukasýningar sun. 5/3 kl. 13:00** örfá sæti laus og **sun. 12/3 kl. 13:00**. **Allra síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN

**Frumsýning fös. 3/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 4/3 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 **uppselt**, þri. 7/3 **uppselt**, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 **kl. 17:00** örfá sæti laus **og kl. 20:00** nokkur sæti laus, mið. 22/3 **uppselt**, lau. 25/3 **kl. 17:00 uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 5/3 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/3 kl. 18:00 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

**Frumsýning lau. 4/3 uppselt**, fim 9/3 **uppselt**, fös. 10/3 **uppselt**, lau. 11/3 nokkur sæti laus, fim. 16/3, fös. 17/3.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.


## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 1 | 3 | 6 | 7 |
| 7 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 7 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 1 | 5 | 7 | 9 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 9 | 4 | 3 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 7 | 3 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 | 8 | 9 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 6 | | | |
| | 6 | 2 | | | 3 | 8 | 4 | 1 |
| | | | | | 4 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | | 5 |
| | | 4 | 6 | | 7 | 3 | | |
| 8 | | | | | | | | 2 |
| | 9 | | 3 | | | | | |
| 7 | 2 | 3 | 1 | | | 5 | 6 | |
| | | | 2 | | | | | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILID
SECURITAS

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Konur og aðrar kvenverur

„Ég hef verið að fást við konur og kvenverur undanfarin tuttugu ár,“ segir Magdalena Margrét Kjartansdóttir, sem opnaði sýningu á verkum sínum á föstudagskvöldið. Sýningin var opnuð í Grafíksafni Íslands, sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu.

Sýningunni fylgir langur listi af orðum sem til eru í íslensku máli um konur og kvenpersónur af ýmsu tagi.

„Þetta er dálítið skemmtilegur listi,“ segir Magdalena. „Þarna eru bæði falleg orð og ofsalega ljót.“

Meyjar, stúlkur, stelpur og yngismeyjar eru í fallegri kantinum, en meðal þeirra ljótari má nefna tæfur, forynjur, skækjur og kvensviftar. Þarna má einnig sjá pissudúkkur og prinsipissur, hækjur og langbrækur, fjallkonur, mömmur og konur. Og er þá langt í frá allt saman upptalið því alls eru kvenheitin vel á annað hundrað.

„Ég settist bara niður við tölvuna og hugsaði,“ segir Magdalena þegar hún er spurð hvernig hún hafi safnað orðum í þennan langa lista. Fyrirmyndir að svona lista er meðal annars að sækja í Snorra-Eddu, sem Magdalena myndskreytti reyndar á sínum tíma.

Myndirnar á sýningunni eru allar grafíkverk sem sérstaklega eru unnin fyrir sal Íslenskrar grafíkur í tilefni Vetrarhátíðarinnar, sem lauk í gær.

„Þetta eru allt saman stórar myndir og eiginlega allar í hvítum lit,“ segir Magdalena.

Sýningin verður opin áfram um næstu helgi, en hún stendur aðeins til 5. mars og er aðeins opin föstudaga, laugardaga og sunnudaga.

Magdalena Margrét er listamaður ársins 2006 hjá Grafíkfélagi Íslands. Grafíkvinafélagið gefur út eina mynd á hverju ári og í ár varð mynd eftir Magdalenu fyrir valinu.

Grafíksafn Íslands er til húsa hafnarmegin í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. ■



**MAGÐALENA MARGRÉT KJARTANSDÓTTIR** Um síðustu helgi opnaði hún sýningu í Grafíksafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LILJA BRAGADÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR** Sýnir olíumálverk og akrýlverk í Gullkúnst Helgu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lét ung heillast af myndlistinni

Á föstudaginn var opnaði Lilja Bragadóttir sína fyrstu einkasýningu í versluninni Gullkúnst Helgu að Laugavegi 13.

Lilja hefur komið víða við á lífsleiðinni, rak meðal annars blómabúð í Garðabænum í þrjú ár. Fyrir nokkrum árum lét Lilja svo verða af því að láta gamlan draum rætast og hélt til Danmerkur í myndlistarnám.

„Annars hef ég verið viðloðandi málun alla mína tíð, meðal annars sótt ýmis námskeið hérna heima.“

Á sýningunni í Gullkúnst Helgu sýnir Lilja bæði akrýlmálverk og olíumálverk.

„Það má segja að þetta sé yfirlitssýning á því sem ég hef verið að gera undanfarin ár. Ég hef málað mikið fígúratívt en er að fara út í meira abstrakt myndir. Kannski svipað og Danir eru með. Þeir eru mikið með abstraktmyndir og mér finnst það mjög spennandi sem þeir eru að gera.“

Fátt verður um svör þegar hún er spurð hvað hafi dregið hana að myndlistinni.

„Ég veit það nú ekki, en ég er mikill fagurkeri. Mér finnst gaman að öllu sem hefur fagurfræðilegt gildi.“

Hún segir áhugann alltaf hafa verið fyrir hendi, allar götur frá því hún var krakki og fylgdist með móður sinni læra teikningu hjá Hring Jóhannessyni.

„Ég fór stundum með henni í tíma og sat þá og fylgdist með. Stundum sat ég fyrir hjá henni sem barn. Svo sat ég líka löngum stundum úti í náttúrunni og gerði myndir sjálf þegar ég var yngri.“ ■

# Komið í fremstu röð

Þjóðminjasafnið hefur verið valið í undanúrslit til samkeppni um safn Evrópu 2006.

Í janúar á síðasta ári tilnefndi íslenska Safnaráðið Þjóðminjasafn Íslands til þátttöku í samkeppni Evrópuráðs safna um Safn Evrópu árið 2006. Í framhaldi af tilnefningunni heimsóttu fulltrúar Evrópuráðsins safnið og gerðu úttekt á því í september síðastliðnum.

Skilyrði tilnefningar og þátttöku safns í samkeppninni er að safnið hafi lokið umfangsmiklum breytingum eða endurskipulagningu á einhverjum þætti starfseminnar á síðastliðnum tveimur árum, eða að safnið sé nýtt, stofnað á síðastliðnum tveimur árum.

Úrslit samkeppninnar verða tilkynnt í maí á aðalfundi EMF í Lissabon í Portúgal.

Síldarminjasafnið á Siglufirði var fyrst íslenskra safna tilnefnt til samkeppninnar árið 2004 og hlaut safnið Micheletti-verðlaunin það ár. ■



**Á ÞJÓÐMINJASAFNINU** Breytingarnar á Þjóðminjasafninu mælast vel fyrir í alþjóðlegum safnaheimi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

























„Ég vil geta leyft mér skemmtilega og óvænta hluti.
Þess vegna spara ég reglulega.“

LANDSBANKI.IS SÍMI 410 4000
EYDDU Í SPARNAÐ

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**


GOTT FOLK McCANN 28374




★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| CONTANT GARDENER | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 16 ÁRA |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 og 5.50 |
| UNDERWORLD | kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| ZATHURA m/ensku tali | kl. 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 3.40, 8 og 10.10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| CAPOTE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| TRANSAMERICA | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NANNY MCPHEE | kl. 6 og 8 |
| CONSTANT GARDENER | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| UNDERWORLD | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| FINAL DESTINATION 3 | kl. 6 B.I. 16 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kate Moss mætti á tískuvikuna í Mílanó þar sem vetrarlína tískuhússins Burberry var kynnt. Þetta er í fyrsta sinn sem hún sækir opinberan viðburð síðan myndir af henni að sniffa kókaín birtust framan á tímariti. „Mér finnst svolítið erfitt að vera hérna. Það er svo langt síðan ég hef verið á tískusýningum,“ sagði Moss á viðburðinum. Samningi hennar við Burberry var rift eftir að myndirnar birtust en hún hefur nú skrifað undir nýjan samning og mun birtast á myndum fyrir fyrirtækið á næstunni.



Katie Holmes eyðir mörgum klukkutímum á hverjum degi að biðja í vísindakirkju nokkurri. Hún er sögð heimsækja kirkjuna þrisvar á dag til að læra meira um trúna. „Fjölskylda Katie er orðin mjög áhyggjufull og þau vita ekki hvað er verið að kenna henni þarna,“ sagði vinur Holmes. „Hún virðist dýrka vísindakirkjuna jafn mikið og hún dýrkar Tom.“



Keira Knightley er í tygjum við Rupert Friend, meðleikara sinn í kvikmyndinni Pride and Prejudice, en parið er í fríi á Bahamaeyjum. „Keira og Rupert eru yfir sig hrifin hvort af öðru,“ sagði heimildarmaður. Keira hætti með fyrirsætunni Jamie Dornan á síðasta ári.



Óskarsverðlaunahafinn Hilary Swank hefur skrifað undir milljón dollara samning um að verða andlit næsta ilmvatnsins frá Guerlain. Ilmurinn hefur ekki enn fengið nafn en auglýsingarnar munu birtast í september og áfram á næstu þremur árum. Aðrar leikkonur sem hafa verið andlit fyrir ilmvötn eru til dæmis Nicole Kidman fyrir Chanel No. 5 og Gwyneth Paltrow fyrir Pleasures frá Estee Lauder.


Keramik fyrir alla

## Námskeið



Sprunguaðferðin vinsæla.
Fimmtudagskvöld
2.mars kl. 20-23.
Þátttökugjald kr. 1000.

**Keramik fyrir alla**
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is







# Enginn vildi gera þessa mynd

Þrjátíu ár eru liðin síðan All the President‘s Men var frumsýnd í Bandaríkjunum. Myndin er byggð á samnefndri sögu Bob Woodward og Carl Bernstein en þeir sviptu hulunni af Watergate-hneykslinu sem varð til þess að forseti Bandaríkjanna, Richard Nixon, varð að segja af sér. Í tilefni af afmælinu kemur út tveggja diska útgáfa af þessari frægu mynd sem varpaði skýru ljósi á upplifun blaðamannanna af málinu.

Robert Redford sagði í samtali við AP-fréttastofuna að á sínum tíma hefði enginn viljað gera myndina. „Fólkið í Hollywood sagði að öllum væri sama og að enginn vildi heyra af málinu,“ segir Redford, sem taldi hins vegar að þessi saga yrði að fá að heyrast. „Myndin fjallar alls ekki um Nixon heldur um rannsóknarblaðamennsku og erfiða vinnu,“ útskýrir hann. Redford hafði sjálfur veg og vanda af því að myndin væri gerð. Hann hitti meðal annars Woodward og Bernstein á sínum tíma þegar þeir voru að skrifa bókina en þeir voru efins í fyrstu um hvort saga þeirra ætti erindi við almenning. „Ég sannfærði þá um að fólk vildi heyra þeirra hlið af málinu,“ sagði Redford, sem hefur barist ötulega gegn Bush-stjórninni og er þekktur fyrir afdráttarlausar skoðanir sínar.



**NIXON** Richard Nixon varð fyrsti forseti Bandaríkjanna sem neyddist til að segja af sér, eftir að Washington Post fletti ofan af Watergate-málinu.




**HOFFMAN OG REDFORD** All the President‘s Men hlaut mikið lof gagnrýnenda en leikararnir undirbjuggu sig vandlega fyrir gerð hennar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Redford fékk góðvin sinn Alan J. Pakula til að leikstýra myndinni og Dustin Hoffman gekk svo til liðs við þá en leikararnir tveir undirbjuggu sig vandlega fyrir gerð myndarinnar. „Nákvæmni skipti öllu. Við máttum ekki klúðra neinu,“ segir leikarinn. Mörgum vikum var eytt á ritstjórn Washington Post og þegar tökur fóru fram var meira að segja rusl frá blaðinu notað. „Ef eitthvað hefði farið úrskeiðis hefðu gagnrýnendurnir tætt myndina í sig og sagt að Hollywood væri enn og aftur að skrumskræla mikilvægan atburð,“ segir Redford.

# Newsom til Íslands

Söngkonan og hörpuleikarinn Joanna Newsom heldur tónleika í Fríkirkjunni fimmtudaginn 18. maí Á undan Newsom spilar hljómsveitin Slowblow en þeir félagar hafa ekki spilað á Íslandi í langan tíma.

Joanna Newsom er án efa með forvitnilegri tónlistarmönnum sem komið hafa fram á síðustu árum. Harpa og söngur er nóg til þess að menn leggja við hlustir en það er samt svo miklu meira sem bíður þeirra sem sökkva sér ofan í tónlist hennar; einstök rödd og sérstakar lagasmíðar sem skarta bæði næmni og fegurð. Fyrstu tvær stuttskífur Newsom voru heimagerðar; Walnut Whales og Yarn and Glue. Vöktu þær athygli manna eins og Will Oldham og Devendra Banhart.

Fljótlega eftir útkomu Walnut Whales var henni boðið að spila á tónleikum með þeim báðum og jókst hróður hennar upp úr því. Eina breiðskífa Joanna Newsom kom síðan út árið 2004, The Milk-Eyed Mender, og hefur hún fengið mjög góðar viðtökur gagnrýnenda.

Miðasala á tónleikana er hafin á midi.is og í verslunum Skífunnar og BT úti um allt land. Miðaverð er 2.500 kr. auk miðagjalds en aðeins verða seldir um 400 miðar á tónleikana.



**JOANNA NEWSOM** Söngkonan og hörpuleikarinn heldur tónleika í Fríkirkjunni í maí.







| | | |
|---|---|---|
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10:10 | |
| BLÓÐBÖND VIP | KL. 4-6-8-10:10 | |
| CASANOVA | KL. 3:30-5:45-8-10:10 | |
| NORTH COUNTRY | KL. 5:15-8-10:30 | B.I. 12 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 4 | |
| DERAILED | KL. 10:20 | B.I. 16 |
| MUNICH | KL. 9 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 8 | |
| OLIVER TWIST | KL. 3:30 | B.I. 12 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6 | |
| KING KONG | KL. 4 | B.I. 12 |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

| | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 8 | B.I. 16 |
| OLIVER TWIST | KL. 8 | B.I. 12 |

| | |
|---|---|
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10 |
| CASANOVA | KL. 8-10 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

| | | |
|---|---|---|
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10:10 | B.I. 16 |
| UNDERWORLD 2 | KL. 6-8:15-10:30 | B.I. 16 |
| DERAILED | KL. 8:15-10:30 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 | B.I. 16 |

KRINGLAN S: 588-0800

| | | |
|---|---|---|
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10:10 | |
| CASANOVA | KL. 5:40-8-10:20 | |
| NORTH COUNTRY | KL. 8 | B.I. 12 |
| MUNICH | KL. 5:50-9 | B.I. 16 |
| CACHÉ | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUD. | KL. 5:45-8:15 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**COCOROSIE** Hljómsveitin CocoRosie er á leiðinni til Íslands.

# Dýrahljóð og leikföng

Hljómsveitin CocoRosie heldur tónleika á Nasa þann 17. maí. Systurnar Bianca og Sierra Casady mynda kjarnann í sveitinni. Þær hafa gefið út tvær plötur sem hafa fengið mjög góðar viðtökur hjá gagnrýnendum og almenningi. Sú seinni, Noah's Ark, kom út í fyrra og var ofarlega á árslistum margra tónlistarspekúlanta. Sveitin blandar saman ólíkum tónlistarstefnum og notar meðal annars dýrahljóð og leikföng í lögunum sínum.

Antony úr hljómsveitinni Antony and the Johnsons hefur unnið mikið með CocoRosie. Hann deilir oft með stúlkunum sviði á tónleikum og syngur með þeim í laginu Beautiful Boyz á Noah's Ark. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Philip Seymour Hoffman segist vera himinlifandi með tilnefningu sína til Óskarsverðlauna vegna þess að hann fær að eyða miklum tíma með hinum leikurunum sem eru tilnefndir. Hinir útvöldu þurfa að mæta í þó nokkrar athafnir fyrir verðlaunaafhendinguna og segist Hoffman hlakka til að eignast svona mikið af frábærum vinum. „Það besta við tilnefninguna er að ég fæ tækifæri til að hitta leikara á borð við Terence Howard, Heath Ledger, Joaquin Phoenix og David Strathairn,“ útskýrði Hoffman. „Suma þekki ég fyrir en það er alltaf gott að treysta vinaböndin,“ bætti hann við og líkti þessu við tónleikaferðalag hjá rokkhljómsveit. „Við ferðumst allir saman, frá einum stað til annars.“



Óskatabelgurinn Mickey Rourke er orðinn svo hændur að leikstjóranum Robert Rodriguez að hann íhugar að flytjast búferlum til að geta verið nálægt honum. Leikstjórinn, sem gerði Sin City með Rourke, býr á búgarði í Austin og segist leikarinn alltaf vilja vera til taks fyrir öll verkefni hans. „Ég ætla að flytjast þangað um leið og ég get. Rodriguez er kóngurinn í Austin, kannski verð ég drottningin,“ lét Rourke hafa eftir sér.



Gæðaleikarinn William H. Macy hefur boðist til að verða sendiherra fyrir Los Angeles vegna þess að hann er orðinn þreyttur á slæmu orðspori borgarinnar. Fjölmargar stjörnur búa ekki lengur í Englaborginni og segja hana vera ógeðfelldan stað. Macy er hins vegar ekki á sama máli og elskar hið ljúfa líf Kaliforníu. „Ég elska þessa borg en áður fyrr skammaðist ég mín fyrir að segjast búa hérna,“ sagði Macy, sem býr í Hollywood-hæðunum ásamt eiginkonu sinni, Felicity Huffman, og tveimur dætrum þeirra. „Það besta við Los Angeles er að hún er ekki stór. Þegar fólk finnur einhverja íbúð í New York kemur því ekkert á óvart en þegar það kemur hingað segir það vanalega að þetta sé bara alls ekki eins og það hafði ímyndað sér að Los Angeles væri.“





**DRIFSKAFT** Glysrokksveitin Drifskaft heldur tónleika á Nasa 18. mars.

# Glysrokk á Íslandi

Glys-rokksveitin Drifskaft heldur tónleika á Nasa laugardagskvöldið 18. mars. Drifskaft hefur einu sinni áður komið fram á Íslandi og var það á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum á síðasta ári. Liðsmenn hljómsveitarinnar, sem þykja lifa hinu ljúfa lífi til fullnustu, munu lenda í Reykjavík fimmtudaginn 16. mars og segjast hlakka til að kynnast Reykjavík og öllu því sem borgin hefur upp á að bjóða.

Hljómsveitin Í svörtum fötum mun hita upp á tónleikunum og einnig má eiga von á fleiri góðum gestum. Miðasala verður auglýst síðar.

# Taylor styrkir alnæmissjúklinga

Leikkonan Elizabeth Taylor ætlar sér að fagna 74 ára afmæli sínu með því að gefa læknatæki að andvirði 300 þúsund dollara til alnæmissjúklinga í New Orleans. Tækin eru tólf metra há, innihalda tvær rannsóknarstofur og aðstöðu til röntgenmynda og verður stýrt af alnæmislæknum sem misstu læknastofur í fellibylnum Katrínu. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Elizabeth styrkir alnæmissjúklinga en hún stofnaði Elizabeth Taylor alnæmissjóðinn árið 1991. ■




Uppbyggjandi námskeið:

## Símaþjónusta og samskiptavarsla

**Hvers vegna?**
Af því að símaþjónusta og samskiptavarsla í fyrirtækjum og stofnunum er eitt vandasamasta og flóknasta þjónustustarf sem til er.

**Hverjum er námskeiðið ætlað?**
Öllum þeim sem starfa við símaþjónustu og samskiptavörslu á einhverju sviði. Námskeiðið nýtist einnig riturum og fulltrúum sem þurfa stöðugt að gefa eða nálgast upplýsingar í gegnum síma.

**Markmið Námskeiðsins**
Að þátttakendur öðlist leikni á sviði samskipta og upplýsingamiðlunar.

Námskeiðið er kennt frá 7. til 10. mars, kl. 09.00 til 12.45.



**Nánari upplýsingar**
Allar nánari upplýsingar um efnisþætti og skipulag námskeiðsins er að finna á ***www.iti.is***.
Skráning er á ***www.iti.is*** eða í síma ***570 7100***.

NÝ HUGSUN - ÖGUÐ VINNUBRÖGÐ!

TIL BERLÍNAR – HEIM FRÁ MÍLANÓ

NÝTT – OPIN FERÐ Nú er hægt að bóka NETSMELL til eins áfangastaðar og heim frá öðrum. Þetta gildir um alla áfangastaði Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.

OPNA FERÐ verður að bóka á milli áfangastaða í sömu heimsálfu.

ALLT AÐ 140 FLUG Á VIKU TIL 22 ÁFANGASTAÐA.

ICELANDAIR
www.icelandair.is



## Nýr formaður

Hörður J. Oddfríðarson var kjörinn formaður Sundsambands Íslands á ársþingi sambandsins um helgina. Hann tekur við af Benedikt Sigurðarsyni, sem gaf ekki kost á sér ti endurkjörs.

**sport**

sport@frettabladid.is

GRETA MJÖLL SAMÚELSDÓTTIR HJÁ BREIÐABLIK: SIGRAÐI Í SÖNGVAKEPPNI MK Í SÍÐUSTU VIKU

# *Tæki sennilega boltann fram yfir sönginn*





Greta Mjöll Samúelsdóttir, knattspyrnukona úr Breiðabliki og efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar kvenna á síðasta tímabili, sýndi og sannaði í síðustu viku að hún er liðtæk í fleiru en fótboltanum. Þá gerði hún sér lítið fyrir og bar sigur úr býtum í söngvakeppni Menntaskólans í Kópavogi, en þar stundar hún sitt nám. „Ég er nú engin söngkona og þetta hefur aldrei verið neitt meira en bara áhugamál hjá mér. En það eru til spólur heima sem ég hef sungið inn á frá því að ég var fjögurra ára," sagði Greta Mjöll við Fréttablaðið og bætti því við að sigurinn í keppninni hefði komið henni mjög á óvart. „Ég hef aldrei lært söng og aldrei lært á hljóðfæri. Ég sé mikið eftir því en þetta er samt alveg að koma – ég er búin að læra fjögur grip á gítarinn!"

Greta Mjöll hefur tekið þátt í hinum ýmsu söngvakeppnum í gegnum tíðina og býr því yfir nokkurri reynslu af þeim. Með sigrinum í MK öðlast Greta Mjöll sjálfkrafa rétt í söngvakeppni framhaldsskólanna sem framundan er, en sigurlag Gretu Mjallar í keppninni var dægurlagið kunna „Ó, María", þó með nokkuð breyttu sniði. „Þetta er lag sem allir þekkja úr útilegunum en fáir hafa líklega pælt í textanum, sem er í raun mjög sorglegur. Systir mín og kærastinn hennar sömdu því nýtt lag við þennan texta sem kemur líka svona miklu betur út," segir Greta Mjöll.

Spurð um hvað yrði á undan, fótboltinn eða söngurinn, yrði hún neydd til að velja, sagði Greta Mjöll að sá samanburður væri heldur ósanngjarn. „Fyrir mér er fótboltinn orðinn miklu meira en bara áhugamál en það er söngurinn að minnsta kosti enn sem komið er. Þannig að ég held nú að fótboltinn hafi miklu meira fram að færa fyrir mig eins og er."

## > Kári úr leik



Kári Árnason hefur dregið sig út úr íslenska landsliðshópnum í knattspyrnu fyrir leikinn gegn Trinidad og Tobago vegna meiðsla sem hann hlaut í leik með Djurgården á dögunum. Enginn hefur verið kallaður í hópinn í hans stað. Þá hefur KR-markvörðurinn Atli Jónasson verið kallaður í U-21 árs hópinn í stað Eyjapeyjans Hrafns Davíðssonar sem er meiddur. U-21 árs liðið mætir Skotum á þriðjudag.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

24 25 26 **27** 28 1 2

**Mánudagur**

### LEIKIR

- 19.00 **ÍS** og **Grindavík** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta.

### SJÓNVARP

- 16.20 **Spænski boltinn** á Sýn. Endursýndur leikur frá því í gær.
- 18.30 **Enski deildabikarinn** á Sýn. Leikur Man. Utd. og Wigan endursýndur.
- 20.30 **Ítölsku mörkin** á Sýn.
- 21.00 **Ensku mörkin** á Sýn.
- 21.30 **Spænsku mörkin** á Sýn.
- 22.30 **HM 2002** á Sýn. Magnaður leikur endursýndur.
- 00.10 **Ítalski boltinn** á Sýn.

# Landsliðsþjálfaramálin í hnút

**Enn er pattstaða í þjálfaramálum íslenska handboltalandsliðsins. Alfreð Gíslason hefur enn ekki fengið úrlausn sinna mála hjá Magdeburg og Geir Sveinsson bíður þolinmóður á hlíðarlínunni.**

**HANDBOLTI** Upprunalegi tíminn sem Guðmundur Ingvarsson og félagar í stjórn HSÍ ætluðu sér til að leysa landsliðsþjálfaramálin er brátt á enda og enn er málið fast á fyrstu hindrun. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru síðan er Alfreð Gíslason að reyna að fá sig lausan frá Magdeburg og takist það er líklegt að hann taki við landsliðinu enda er hann samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eini þjálfarinn sem HSÍ hefur rætt við um þjálfarastöðuna.

Það er járn í járn í viðræðum Alfreðs og Magdeburgar um starfslokasamning en Alfreð staðfesti við Fréttablaðið í gær að hann hefði ætlað að gefa sér fram að helginni til að leysa málið. Hann hefur framlengt þann tíma örlítið en ljóst er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins að hann getur ekki dregið málið mikið lengra enda er stjórn HSÍ farið að lengja verulega eftir niðurstöðu í máli Alfreðs.

Alfreð vildi að öðru leyti ekkert tjá sig um málið rétt eins og Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ. „Ég vil ekkert tjá mig fyrr en eftir svona tvo til þrjá daga. Þá verðum við vonandi búnir að klára málið og þá getum við upplýst allan sannleikann," sagði Guðmundur.

Geir Sveinsson er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins næstur á lista HSÍ verði ekkert úr því að Alfreð fái sig lausan. Hann sagði við Fréttablaðið í gær að HSÍ hefði ekki haft samband við sig og finnst honum ekkert að því þar sem hann styður það að HSÍ sé að reyna að fá Alfreð til starfa.

„Miðað við það sem ég sé í fjölmiðlum er verið að bíða eftir niðurstöðu hjá Alfreð. Meira veit ég ekki. Ef svo er þá er það hið besta mál því ég er hlynntur því að HSÍ ræði við Alfreð enda er hann mjög öflugur kostur fyrir Íslands hönd og HSÍ á klárlega að athuga með hans stöðu," sagði Geir, sem bíður rólegur en hans afstaða í málinu hefur ekkert breyst. „Ef hlutirnir ganga ekki upp með Alfreð og HSÍ vill hitta mig mun ég fara á fund með þeim en ég veit ekkert hvað myndi koma út úr þeim fundi."

**henry@frettabladid.is**



**Á EKKERT AÐ LÁTA MANN LAUSAN?** Alfreð Gíslason er í miklum vandræðum með að fá sig lausan frá Magdeburg og er að falla á tíma ef hann vill taka við íslenska landsliðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS


# Foreldrar athugið!

Við viljum ekki missa fleiri ungmenni í neyslu fíkniefna. Því viljum við minna ykkur á foreldrafundi í eftirtöldum skólum á vegum Maritafræðslunnar:

Grunnskóli Snæfellsbæjar Ólafsvík Þri. 28. feb. kl 18:00
Lækjarskóli Hafnarfirði Fim. 2. mars. kl 20:00

*frekari upplýsingar er að fá í viðkomandi skóla*

Markmiðið er að samhæfa aðgerðir foreldra í því að styðja unglinga til að taka afstöðu gegn neyslu vímuefna. Reynsla undanfarinna ára sýnir að það ber árangur þegar foreldrar standa saman og setja sameiginlegar reglur og markmið. Nýlega var árangur starfsins metin og benda niðurstöður til þess að þessi fræðsla hafi áhrif á viðhorf unglinga. Að félaginu standa Lögreglan í Reykjavík, Reykjavíkurborg og Marita, forvarnarsvið Samhjálpar.

SECURITAS kostaði auglýsinguna

HÆTTU
ÁÐUR EN ÞÚ BYRJAR




**SAMUEL ETO´O** Búinn að fá upp í kok af kynþáttahöturum á knattspyrnuvöllum heimsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Samuel Eto´o fékk nóg gegn Real Zaragoza:

# Hótaði að yfirgefa leikvöllinn

**FÓTBOLTI** Uppi varð fótur og fit í leik Real Zaragoza og Barcelona á laugardagskvöldið þegar kamerúnski framherjinn Samuel Eto´o hótaði að yfirgefa völlinn þar sem honum ofbauð kynþáttahatrið sem hann mátti þola frá stuðningsmönnum Real Zaragoza.

Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, og nokkrir leikmenn ræddu við Eto´o og fengu hann ofan af því að fara út af. Dómari leiksins lét stöðva leikinn og í kjölfarið kom tilkynning í hátalarakerfi vallarins þar sem stuðningsmennirnir voru beðnir um að láta af þessari hegðun.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem stuðningsmenn Zaragoza verða uppvísir að slíkri hegðun en félagið hefur áður verið sektað vegna kynþáttahaturs stuðningsmannanna og nú virðist önnur sekt vera á leiðinni. **- hbg**



**BJÖRN OG SIGURBJÖRN ÁRNI** Í fínu formi í Svíþjóð.

Sænska meistaramótið:

# Björn fékk brons

**FRJÁLSAR** Björn Margeirsson gerði sér lítið fyrir og nældi í bronsverðlaun í 1500 metra hlaupi á sænska meistaramótinu í gær. Hann varð rúmri sekúndu á eftir fyrsta manni.

Þingeyingurinn Sigurbjörn Árni Arngrímsson tók einnig þátt í mótinu en hann hljóp 800 metra hlaup á 1,52,97 sekúndum, sem er þriðji besti tími Íslendings í greininni.

Birtir til í Eyjum:

# Knattspyrnuhús mun rísa

**FÓTBOLTI** Langþráður draumur knattspyrnumanna í Vestmannaeyjum fer að verða að veruleika þar sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samþykkt að hefja viðræður við Fasteign ehf. um byggingu knattspyrnuhúss á eynni.

Verður það svokallað dúkahús eins og má meðal annars finna í Kaplakrika hjá meisturum FH en Grindvíkingar ætla einnig að byggja sams konar knattspyrnuhús. **- hbg**



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Skoraði þrjú mörk í Meistaradeildinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Evrópukeppni í handbolta:

# Íslendingar í sviðsljósinu

**HANDBOLTI** Fjöldi leikja fór fram í Evrópukeppnum í handbolta í gær þar sem Íslendingar létu til sín taka. Í Meistaradeildinni lagði Ciudad Real Evrópumeistara Celje Lasko að velli með sjö mörkum, 34-27, á Spáni og veitir liðinu ekki af forskotinu fyrir síðari leikinn, sem fram fer á einum erfiðasta útivelli í Evrópu. Ólafur Stefánsson skoraði þrjú mörk fyrir Ciudad, þar af tvö úr vítum. Mirza Dzomba fór mikinn fyrir Ciudad í leiknum og skoraði níu mörk og Siarhei Rutenka, fyrrum leikmaður Celje, skoraði fimm mörk fyrir Ciudad.

Jaliesky Garcia Padron er loksins orðinn góður af támeiðslunum alræmdu en hann lék á alls oddi með liði sínu Göppingen þegar það flengdi danska liðið GOG, 24-29, í Danmörku í EHF-keppninni. Garcia skoraði 11 mörk í öllum regnbogans litum. Íslendingaliðið Lemgo var einnig á ferðinni í sömu keppni og vann öruggan sigur á Dynamo Astrakhan, 33-18, en allir þessir leikir eru fyrri leikirnir í átta liða úrslitum keppnanna. Logi Geirsson skoraði fjögur mörk fyrir Lemgo en Ásgeir Örn Hallgrímsson komst ekki á blað að þessu sinni.

Íslendingaliðið Skjern er svo gott sem úr leik í Evrópukeppni bikarhafa eftir fjögurra marka tap á heimavelli, 31-35, gegn rúmenska liðinu Constanta. Vignir Svavarsson skoraði fimm mörk fyrir Skjern í leiknum en Vilhjálmur Halldórsson og Jón Þorbjörn Jóhannesson komust ekki á blað. **- hbg**

Hinn brasilíski Rivaldo hefur spilað frábærlega í Grikklandi í vetur:

# Ætlar sér á HM í sumar

**FÓTBOLTI** Brasilíski sóknarmaðurinn Rivaldo hefur ekki enn gefið upp á bátinn að vera valinn í landsliðshóp Brasilíu sem tekur þátt á HM í Þýskalandi í sumar. Rivaldo hefur farið á kostum með liði Olympiakos í Grikklandi í vetur og vonast til að sú frammistaða veiti honum sæti í brasilíska liðinu.

„Sá draumur verður fjarlægari með hverjum deginum en ég hef ekki enn gefið upp alla von. Það eina sem ég get gert er að leggja mig allan fram með Olympiakos og vona að það verði til þess að ég geti endað landsleikjaferil minn í Þýskalandi,“ segir Rivaldo, en hann lék lykilhlutverk í landsliði Brasilíu sem varð heimsmeistari árið 2002.

„Nokkrar af mínum eftirminnilegustu minningum á ferlinum eru frá heimsmeistarakeppninni og mig langar ekkert heitar en að spila þar einu sinni enn. Ég veit að það er langt síðan ég spilaði síðast fyrir landsliðið en ég tel mig enn eiga heima í 23 manna hópi liðsins. Nú er það mitt að sanna það fyrir þjálfaranum,“ segir Rivaldo. **- vig**



**RIVALDO** Hefur verið hylltur af grískum fjölmiðlum sem besti leikmaðurinn sem nokkurn tímann hefur leikið í grísku úrvalsdeildinni. Olympiakos er langefst í grísku deildinni og er það ekki síst mögnuðum leik Rivaldo að þakka. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**SVEN-GÖRAN ERIKSSON** Gefur góð ráð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sven-Göran Eriksson:

# Nýjan þjálfara fyrir HM

**FÓTBOLTI** Hinn sænski landsliðsþjálfari Englendinga, Sven-Göran Eriksson, hefur hvatt enska knattspyrnusambandið til þess að ráða nýjan landsliðsþjálfara fyrir HM en sem kunnugt er hættir hann með liðið eftir keppnina.

„Ég held það ætti að klára þetta mál hið fyrsta því það gæti verið of seint eftir keppnina. England á vináttuleik í ágúst og undankeppni EM hefst síðan í september þannig að tíminn er ekki mikill,“ sagði Eriksson en hann vill ekki heyra á það minnst að nýi þjálfarinn verði að sniglast í kringum liðið á HM. „Ég held að England eigi aðeins að fara með einn þjálfara á HM en ekki tvo. Nýja þjálfarann er samt velkomið að sitja í stúkunni.“ **- hbg**





**BARÁTTA** Víkingurinn og fyrrum KR-ingurinn Björgvin Vilhjálmsson sést hér í baráttunni við tvo KR-inga í Egilshöllinni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Deildabikarinn:

## KR tapaði fyrir Víkingi

**FÓTBOLTI** Lærisveinar Teits Þórðarsonar í KR sóttu ekki gull í greipar Víkinga í Egilshöllinni í gær þegar liðin mættust í deildarbikarnum.

Leikurinn var dramatískur í meira lagi en Víkingur fór með sigur að lokum, 4-3, eftir að KR hafði leitt í leikhléi, 2-1.

KR var yfir, 3-1, þegar tólf mínútur voru eftir af leiknum en tvö mörk Davíðs Þórs Rúnarssonar undir lokin tryggðu sigur Víkinga. Björgólfur Takefusa, Sigmundur Kristjánsson og Bjarnólfur Lárusson skoruðu mörk KR.

Viktor Bjarki Arnarsson og Stefán Sveinbjörnsson skoruðu hin mörk Víkinga. - hbg



**SKRAUTSÝNING** Það var mikið um dýrðir á lokaathöfn ÓL í gærkvöldi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ÓL í Tórínó:

## Þjóðverjar unnu flest gull

**ÓL Í TÓRÍNÓ** Vetrarólympíuleikunum í Tórínó lauk formlega í gærkvöldi með glæsilegri lokahátíð. Flestir eru sammála um að leikarnir hafi tekist vel og var almenn ánægja meðal skipuleggjenda í gærkvöldi.

Þjóðverjar gerðu sér lítið fyrir og hirtu flest gullverðlaun á leikunum, 13 talsins. Þeir unnu einnig til flestra verðlauna, samtals 29.

Bandaríkjamenn komu næstir með 25 verðlaun, þar af níu gull. Austurríkismenn voru með 23 verðlaun og einnig níu gull en Rússar urðu að sætta sig við átta gullverðlaun að þessu sinni.

Mestu vonbrigðin voru í herbúðum Noregs, sem lenti í þrettánda sæti á verðlaunalistanum með nítján verðlaun og þar af aðeins tvö gull en Norðmenn ætluðu sér stóra hluti á leikunum eins og Bandaríkjamaðurinn Boide Miller sem fór tómhentur heim. - hbg



**KEWELL AÐ KOMA TIL** Harry Kewell er farinn að spila sífellt betur og hann skoraði markið mikilvæga í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Liverpool vann enn og aftur með einu marki:

# Benitez vill sjá fleiri mörk frá Liverpool

**FÓTBOLTI** Liverpool vann þriðja leikinn í röð með markatölunni 1-0 gegn Manchester City í gær. Þrátt fyrir góðan sigur var stjóri liðsins, Rafael Benitez, ekki alveg nógu sáttur því hann vill sjá liðið skora fleiri mörk en það er að gera þessa dagana.

„Ég er ekki sáttur við niðurstöðuna því enn og aftur vinnum við 1-0. Vissulega mjög mikilvæg stig en ég vil sjá liðið skora fleiri mörk. Það er hættulegt að vera alltaf 1-0 yfir og við þurfum að læra að ganga frá leikjum, sérstaklega þegar við erum manni fleiri eins og gerðist í dag,“ sagði Benitez en Joey Barton fékk að líta rauða spjaldið í leiknum og það ekki í fyrsta skipti á ferlinum.

„Við fengum samt færin en einhverra hluta vegna eru leikmennirnir ekki að nýta færin sín. Svo urðu leikmennirnir stressaðir og þá fékk City færi, sem er ekki nógu gott. Við verðum að læra að gera okkur lífið auðveldara því það er óþarfi að bjóða alltaf upp á svona spennu,“ sagði Benitez. - hbg

# Tileinkuðu Alan Smith sigurinn

**Manchester United vann enska deildabikarinn í annað sinn í gær. Mótherjinn Wigan var lítil fyrirstaða og Man. Utd. vann öruggan og mjög sannfærandi stórsigur, 4-0. Tímabilinu er því bjargað hjá liðinu.**

**FÓTBOLTI** Það var aðeins eitt lið á Þúsaldarvellinum í Cardiff í gær þegar úrslitaleikur deildabikarkeppninnar fór fram. Stórlið Manchester United er vant því að spila slíka leiki en slíkt hið sama verður ekki sagt um mótherjana í Wigan, sem voru að spila sinn fyrsta úrslitaleik og reynsluleysið var augljóst á löngum köflum. United þakkaði pent fyrir sig og rúllaði andstæðingnum upp með fjórum laglegum mörkum. Tvö komu frá Wayne Rooney og þeir Louis Saha og Cristiano Ronaldo skoruðu hin tvö. Eftir leikinn fóru leikmenn United í boli með skilaboðum til Alans Smith um að sigurinn hefði verið fyrir hann en Smith fótbrotnaði mjög illa um síðustu helgi.

„Það voru allir í molum yfir þessum hræðilegu meiðslum hjá Smith. Hann gat ekki verið með okkur hér í dag og þess vegna tileinkuðum við honum sigurinn,“ sagði Gary Neville, fyrirliði Man. Utd., en hann var að taka við sínum



**KAFMASSAÐUR** Portúgalinn Ronaldo fagnaði marki sínu með því að fara úr að ofan og sýna vöðvana. Hann fékk gult spjald fyrir athæfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**KAMPAVÍN OG GLEÐI** Gleðin réð ríkjum hjá leikmönnum Man. Utd. eftir leikinn í gær. Á bolum leikmanna stendur: "For you, Smudge" eða fyrir þig, Smudge en það er gælunafn Alans Smith, leikmanns liðsins, sem fótbrotnaði illa um síðustu helgi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

fyrsta bikar sem fyrirliði liðsins.

Athygli vakti að hollenski markahrókurinn Ruud van Nistelrooy mátti gera sér að góðu að verma tréverkið í leiknum en í hans stað var Frakkinn Louis Saha.

„Saha átti skilið að spila þar sem hann var búinn að skora fimm mörk í síðustu leikjum og tíu mörk í síðustu þrettán leikjum,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd. „Ruud virtist vera í lagi í búningsherberginu fyrir leikinn og spjallaði við strákana. Auðvitað er hann vonsvikinn samt með að spila ekki og hann á að vera það. Ég var líka svekktur þegar ég var settur á bekkinn fyrir úrslitaleikinn 1965. Svona kemur fyrir en það er eðli leiksins að menn fara inn og út úr byrjunarliðum,“ sagði Sir Alex, sem vildi ekki meina að það hefði verið léttir að vinna leikinn.

„Mér er alls ekki létt en það er gott að vita að við getum enn unnið bikara. Það hefur verið sagt að við höfum kallað þennan bikar „einskis verða bikarinn“ en það er ekki satt. Bikar er bikar og það var mjög ljúft að fagna sigri hér í dag.“

Louis Saha sýndi enn og aftur að hann á sætið í byrjunarliðinu vel skilið, skoraði mark og lék mjög vel. „Við vildum vinna bikar í vetur og það er mjög gott að hafa náð því takmarki,“ sagði Saha en maður leiksins, Wayne Rooney, var einnig í skýjunum með árangurinn. „Þetta er alveg magnað og ég er mjög sáttur við mörkin tvö þar sem ég hef ekki verið að skora mikið upp á síðkastið.“

Paul Jewell, stjóri Wigan, var stoltur í leikslok. „Ég er mjög stoltur af mínu liði og ekki bara í dag. Það voru fjölmargir búnir að afskrifa okkur fyrir tímabilið en við komumst í bikarúrslit og erum með fjórutíu stig í deildinni, sem er ekki ónýtt.“ henry@frettabladid.is



**LÉTTIR** Þjálfarateyminu Ferguson og Queiros var greinilega mikið létt í leikslok.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Bolton lagði Fulham í skrautlegum leik:

# Heiðar skoraði bæði fyrir Fulham og Bolton

**FÓTBOLTI** Það er óhætt að segja að Heiðar Helguson hafi verið allt í öllu þegar Bolton og Fulham mættust í ensku deildinni í gær. Heiðar skoraði fyrsta mark leiksins fyrir Fulham en varð síðan fyrir því óláni að jafna leikinn fyrir Bolton er hann skoraði sjálfsmark. Kevin Nolan skoraði svo sigurmarkið fyrir Bolton.

Fyrir utan mörkin tvö átti Heiðar skot í þverslána og svo vildi hann fá víti í leiknum en fékk ekki. „Heiðar gat ekkert gert við sjálfsmarkinu en ég var ekki ánægður með varnarleikinn í síðara markinu,“ sagði Chris Coleman, stjóri Fulham, svekktur en kollegi hans hjá Bolton, Sam Allardyce, var aftur á móti í skýjunum. Stóri Sam vill sjá Nolan í enska landsliðinu en hann var ekki valinn í hópinn fyrir leikinn gegn Úrúgvæ.

„Það kom mér ekki á óvart en ég var samt svekktur að sjá hann ekki í hópnum. Strákurinn getur ekki spilað mikið betur en hann er að gera í vetur en það eru menn eins og Lampard og Gerrard fyrir í hópnum þannig að hann verður að vera þolinmóður og halda áfram að spila vel. Hans tími mun koma,“ sagði Allardyce. - hbg



**ÚPPS** Heiðar Helguson skorar hér sjálfsmark rétt fyrir hlé og jafnar þar með leikinn fyrir Bolton.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Spænski boltinn:

## Enn tapar Real Madrid

**FÓTBOLTI** Spænska stórliðið Real Madrid fékk enn eitt kjaftshöggið í gærkvöldi þegar það tapaði fyrir Real Mallorca sem er í botnbaráttu í deildinni.

Eftir leikinn er Madrid í þriðja sæti deildarinnar, heilum tíu stigum á eftir toppliðinu Barcelona sem á sigurinn í deildinni vísan enda níu stig í liðið í öðru sæti, Valencia.

Real Mallorca eygir að sama skapi góða von um að forðast fallið eftir sigurinn þótt liðið sé enn í fallsæti. Það er nefnilega jafnt fjórum öðrum liðum að stigum og allt því galopið fyrir lokaumferðirnar, sem verða vafalítið æsispennandi. - hbg

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### Enski deildabikarinn:

MANCHESTER UNITED-WIGAN 4-0

1-0 Wayne Rooney (33.), 2-0 Louis Saha (55.), 3-0 Cristiano Ronaldo (59.), 4-0 Wayne Rooney (61.).

### Enska úrvalsdeildin:

LIVERPOOL-MAN. CITY 1-0

1-0 Harry Kewell (40.).

BOLTON-FULHAM 2-1

0-1 Heiðar Helguson (22.), 1-1 Heiðar Helguson, sjálfsmark (45.), 2-1 Kevin Nolan (68.).

WBA-MIDDLESBROUGH 0-2

0-1 Jimmy Floyd Hasselbaink (17.), 0-2 Jimmy Floyd Hasselbaink (44.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **27** | **22** | **3** | **2** | **54-16** | **69** |
| MAN. UTD. | 26 | 16 | 6 | 6 | 52-27 | 54 |
| **LIVERPOOL** | **27** | **16** | **6** | **5** | **33-17** | **54** |
| TOTTENHAM | 27 | 12 | 10 | 5 | 37-24 | 46 |
| **BLACKBURN** | **27** | **13** | **4** | **10** | **34-31** | **43** |
| **BOLTON** | **25** | **11** | **9** | **5** | **32-24** | **42** |
| ARSENAL | 27 | 12 | 5 | 10 | 39-22 | 41 |
| **WEST HAM** | **26** | **12** | **5** | **9** | **39-34** | **41** |
| WIGAN | 27 | 12 | 4 | 11 | 32-34 | 40 |
| MAN. CITY | 27 | 11 | 4 | 12 | 36-31 | 37 |
| **NEWCASTLE** | **27** | **10** | **6** | **11** | **26-29** | **36** |
| EVERTON | 27 | 11 | 3 | 13 | 19-34 | 36 |
| **CHARLTON** | **27** | **10** | **5** | **12** | **32-37** | **35** |
| FULHAM | 27 | 9 | 5 | 13 | 37-39 | 32 |
| **ASTON VILLA** | **27** | **7** | **10** | **10** | **32-35** | **31** |
| MIDDLESBR. | 26 | 8 | 7 | 11 | 35-44 | 31 |
| **WBA** | **27** | **7** | **5** | **15** | **24-40** | **26** |
| BIRMINGH. | 26 | 6 | 5 | 15 | 22-37 | 23 |
| **PORTSM.** | **27** | **4** | **6** | **17** | **18-47** | **18** |
| SUNDERL. | 27 | 2 | 4 | 21 | 18-49 | 10 |

### Meistaradeildin í handbolta:

CIUDAD REAL-CELJE LASKO 34-27 (14-12)

**Ólafur Stefánsson** skoraði þrjú mörk í leiknum og þar af tvö úr vítum.

MONTPELLIER-VESZPREM 23-21

### EHF-keppnin:

LEMGO-DYNAMO ASTRAKHAN 33-18

**Logi Geirsson** skoraði fjögur mörk fyrir Lemgo en Ásgeir Örn Hallgrímsson komst ekki á blað.

GOG-GÖPPINGEN 24-29

**Jaliesky Garcia** Padron fór á kostum fyrir Göppingen í leiknum og skoraði 11 mörk.

### Evrópukeppni bikarhafa:

SKJERN-CONSTANTA 31-35

**Vignir Svavarsson** skoraði fimm mörk fyrir Skjern en Vilhjálmur Halldórsson og Jón Þorbjörn Jóhannesson komust ekki á blað í leiknum.

### Spænska úrvalsdeildin:

| | |
|---|---|
| ALAVES-RACING SANTANDER | 2-2 |
| REAL BETIS-REAL SOCIEDAD | 2-0 |
| ATHLETIC BILBAO-VILLARREAL | 1-1 |
| CELTA VIGO-CADIZ | 2-0 |
| ESPANYOL-SEVILLA | 5-0 |
| VALENCIA-GETAFE | 1-1 |
| MALLORCA-REAL MADRID | 2-1 |

Pisculichi, Arango - Ramos.

### Ítalska úrvalsdeildin:

JUVENTUS-LECCE 3-1

Emerson, Kovac, Del Piero - Delvecchio.

PALERMO-AC MILAN 0-2

- Inzaghi, Shevchenko.

INTER-UDINESE 3-1

Cruz 2, Martins - Iaquinta.

| | |
|---|---|
| ASCOLI-MESSINA | 1-0 |
| CAGLIARI-CHIEVO | 2-2 |
| EMPOLI-TREVISO | 1-1 |
| SIENA-SAMPDORIA | 1-0 |

### Hollenski boltinn:

AZ ALKMAAR-PSV EINDHOVEN 1-2

**Grétar Rafn** Steinsson sat á bekknum hjá Alkmaar allan leikinn.

### Iceland Express-deild karla:

KR-ÍR 88-87

**Stig KR:** Skarphéðinn Ingason 21, Melvin Scott 18, Ljubodrag Bogavac 17, Fannar Ólafsson 12, Brynjar Þór Björnsson 12, Níels Dungal 6.

**Stig ÍR:** Theo Dixon 22, Eiríkur Önundarson 19, Ómar Sævarsson 14, Fannar Helgason 12, Ólafur Sigurðsson 6, Ásgeir Bachmann 5, Sveinbjörn Clausen 3, Rob 2.

HAUKAR-HAMAR/SELFOSS 74-83

**Stig Hauka:** Jason Pryor 33, Kristinn Jónasson 20 (15 fráköst), Sævar Haraldsson 10, Bojan Bojovic 5, Marel Guðlaugsson 3, Sigurður Einarsson 3.

**Stig Hamars/Selfoss:** Clifton Cook 36 (12 fráköst), Hallgrímur Brynjólfsson 17, Svavar Pálsson 12 (11 fráköst), Atli Gunnarsson 8, Rúnar Sævarsson 7, Bragi Bjarnason 3.

| | |
|---|---|
| SKALLAGRÍMUR-SNÆFELL | 64-79 |
| NJARÐVÍK-HÖTTUR | 120-77 |
| FJÖLNIR-GRINDAVÍK | 99-98 |
| ÞÓR AK.-KEFLAVÍK | 87-93 |

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **UMFN** | **19** | **16** | **3** | **1663:1351** | **32** |
| **KEFLAVÍK** | **19** | **15** | **4** | **1719:1577** | **30** |
| **KR** | **19** | **13** | **6** | **1611:1497** | **26** |
| **SNÆFELL** | **19** | **12** | **7** | **1610:1526** | **24** |
| **GRINDAVÍK** | **19** | **12** | **7** | **1839:1632** | **24** |
| **SKALLAGRÍ.** | **19** | **12** | **7** | **1681:1511** | **24** |
| **ÍR** | **19** | **9** | **10** | **1611:1650** | **18** |
| **FJÖLNIR** | **19** | **8** | **11** | **1715:1737** | **16** |
| **HAMAR/SELF.** | **19** | **6** | **13** | **1491:1693** | **12** |
| **HAUKAR** | **19** | **4** | **15** | **1561:1690** | **8** |
| **ÞÓR A.** | **19** | **4** | **15** | **1490:1667** | **8** |

KR-ingar unnu sigur á ÍR með eins stigs mun:

# Klaufaskapur hjá ÍR

**KÖRFUBOLTI** „Ég er ánægður með stigin tvö, við lögðum mjög gott lið ÍR-inga. Mínir menn þurftu að leggja sig alla fram og sigurinn gat lent báðum megin. Við settum niður mikilvæg víti undir lokin og það telur," sagði Herbert Arnarson, þjálfari KR, eftir að liðið sigraði ÍR naumlega 88-87 í úrvalsdeild karla í gær. Hann var þokkalega sáttur við sitt lið og sagði jákvæða breytingu á liðinu frá því á fimmtudag.

Jafnræði var með liðunum allan tímann, KR hafði átta stiga forskot eftir fyrsta leikhluta en í öðrum voru það ÍR-ingar sem voru betri og höfðu yfir 45-43 í hálfleik. Fyrri hálfleikur var reyndar frekar leiðinlegur áhorfs, lítill kraftur í leiknum og deyfð yfir leikmönnum. Það átti síðan eftir að skána í seinni hálfleik.

Fyrir síðasta leikhlutann var ÍR einu stigi yfir en fljótlega náði KR að komast yfir og var með nauma forystu nánast allt til loka. Theo Dixon, stigahæsti leikmaður ÍR, stal boltanum þegar stutt var eftir og minnkaði muninn í 87-85, ÍR braut af sér og KR skoraði aðeins úr öðru vítinu. Þrettán sekúndur voru eftir þegar ÍR fór í sókn og KR með þriggja stiga forskot en af einhverjum ótrúlegum ástæðum reyndu Breiðhyltingar ekki við þriggja stiga skot heldur fór Ásgeir Bachmann í gegn og skoraði tveggja stiga körfu.



**HVERT ERT ÞÚ AÐ FARA?** KR-ingurinn Fannar Ólafsson reynir hér að stöðva ÍR-inginn Eirik Önundarson. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Þetta er vægast sagt mjög svekkjandi. Mikill klaufaskapur að taka ekki þriggja stiga skot í lokin, við töluðum um að gera það en svo var leiðinlegur misskilningur. Ef við horfum á jákvæðu punktana þá vorum við að spila talsvert betur en í síðustu tveimur leikjum. Við höfum verið að vinna í varnarleiknum og höldum því áfram," sagði Jón Örn Guðmundsson, þjálfari ÍR. - egm



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Englishmen, you're all so fucking pompous. None of you have got any balls."**

**Svar:** Dauðinn úr kvikmyndinni The Meaning of Life árið 1983.

# dagskrá

*VIÐ TÆKIÐ* **Freyr Bjarnason horfði á Nip/Tuck og trúði varla eigin augum.**

## *Með „aflimunaráráttu" á hæsta stigi*

Síðasti þáttur af Nip/Tuck var heldur betur opinskár og þótt hann hafi ekki farið yfir strikið var hann ansi nálægt því á köflum. Þátturinn gerir út á að sýna fallega lýtalækna takast á við lífið og tilveruna. Ýmis álitamál koma upp á milli þeirra og siðferðislegum spurningum þarf að svara áður en farið er út í hinar ýmsu aðgerðir.

Þessi siðferðismál voru tvö í síðasta þætti. Fyrst kom upp spurningin hvort taka ætti fót af manni þrátt fyrir að fóturinn væri í fullkomnu lagi. Maðurinn var haldinn svokallaðri „aflimunaráráttu" sem hann hafði þjáðst af frá barnæsku. Gekk hann um með hækju og löppina í fatla þrátt fyrir að vera fullkomlega heilbrigður líkamlega. Á endandum var löppin tekin af honum, honum til mikillar ánægju, eftir að hann hafði skotið byssukúlu í hana. Ekki hef ég heyrt um „aflimunaráráttu" áður, en ef hún er til hlýtur að vera hræðilegt að vera haldinn henni.

Annað álitamál var það hvort selja ætti andlitskrem með sæði sem uppistöðuefninu og í framhaldinu hvort þekkt andlit kremsins út á við fengi að vita leyndarmálið á bak við kremið eður ei. Framleiðendurnir ákváðu að segja ekki frá sannleikanum og horfðu þar til þeirra miklu fjármuna sem voru í húfi. Komust þær upp með það þótt ótrúlegt sé. Ef svona krem er til í raun og veru hugsa ég að konur myndu vilja vita sannleikann.

Þrátt fyrir að leyndardómar geti verið heillandi þarf stundum að segja hingað og ekki lengra.

Loks má geta þess að ein aðalpersónan í Nip/Tuck er núna farin að vinna fyrir vitnavernd FBI við að breyta útliti fólks. Þetta á tvímælalaust eftir að auka fjölbreytni þáttarins og gera hann meira spennandi og áhugaverðari en áður.



**NIP/TUCK** Lýtalæknarnir í Nip/Tuck framkvæma hinar ótrúlegustu aðgerðir.



▶ **22.25** *Spenna*

LOST



▶ **21.45** *Keppni*

THE APPRENTICE – MARTHA STEWART



▶ **21.00** *Keppni*

AMERICAN IDOL



▶ **20.00** *Drama*

THE O.C.



▶ **22.00** *Keppni*

STUMP THE SCHWAB

### SJÓNVARPIÐ

**13.40** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **15.35** Helgarsportið **16.00** Ensku mörkin **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Gurra grís **18.06** Bú! **18.15** Fæturnir á Fanney **18.27** Elli eldfluga

**18.32 Geimálfurinn**

**18.40 Orkuboltinn (8:8)**

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35 Kastljós**

**20.40 Átta einfaldar reglur (73:76)** (8 Simple Rules) Bandarísk gamanþáttaröð.

**21.05 Lífið í lággróðrinum (3:5)** (Life in The Undergrowth) Breskur náttúrumyndaflokkur þar sem David Attenborough leiðir áhorfendur um undraveröld skordýranna.

**22.00 Tíufréttir**

▶ **22.25 Lífsháski (30:49)** (Lost II) Bandarískur myndaflokkur um strandaglópa á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Bannað börnum.

**23.15** Spaugstofan **23.40** Ensku mörkin **0.35** Kastljós **1.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.05** Veggfóður **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** The John F. Kennedy Jr Story **14.35** Osbournes **15.00** Jack Osbourne – Adrenaline Rush **16.00** Shoebox Zoo **16.25** Stróri draumurinn **16.50** Yoko Yakamoto Toto **16.55** Kýrin Kolla **17.05** Froskafjör **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.35 Strákarnir**

**20.05 Grey's Anatomy (17:36)** (Læknalíf 2) (Let It Be)

**20.50 Huff (4:13)** (Control))

▶ **21.45 The Apprentice – Martha Stewart (1:14)** (Lærlingurinn – Martha Stewart) Fyrst var það Donald Trump og nú er komið að athafnakonunni og fjölmiðladrottningunni Mörthu Stewart að taka að sér lærlinga og gera úr þeim harðsvíraða kaupsýslumenn.

**22.30 Derek Acorah's Ghost Towns (2:8)** (Draugabæli) Nýir draugarannsóknarþættir.

**23.15** Meistarinn **0.05** Prison Break (Bönnuð börnum) **0.50** Rome **1.45** The Closer (Bönnuð börnum) **2.30** Clockers (e) (Stranglega bönnuð börnum) **4.35** The Contaminated Man **6.10** The Simpsons 15 (e) **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Fashion Television (16:34)**

**20.00 Friends (7:24)** (Vinir 7)(The One With Ross's Library Books)

**20.30 Kallarnir (1:20) (e)** Gillzenegger og Partý-Hans taka ýmsa karlmenn úr þjóðfélaginu og markmiðið er að breyta þeim í hnakka.

▶ **21.00 American Idol 5 (12:41)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)

**22.30 American Idol 5 (13:41)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)(Vika 6 – #513A/516A 4 detta út)

**23.20** Smallville (11:22) (e) **0.05** Idol extra 2005/2006 (e) **0.35** Friends (7:24)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fasteignasjónvarpið (e)

**15.30** Bak við tjöldin: Syriana **16.00** Game tíví (e) **16.30** Charmed (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers – 10. þáttaröð**

**19.25 Fasteignasjónvarpið**

**19.35 Malcolm in the Middle (e)**

▶ **20.00 The O.C.** Sandy bregður í brún þegar hann kemst að því að Kirsten er komin úr meðferð og farin að búa með Charlotte, konu sem að hún kynntist í meðferðinni.

**21.00 Survivor: Panama**

**22.00 C.S.I.** CSI er frumleg og óvenjuleg glæpaþáttaröð þar sem persónurnar nota tæknilegar meinafræðirannsóknir til rannsókna á sönnunargögnum sem sanna eiga glæpi af ýmsu tagi.

**22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Boston Legal (e) **0.55** Threshold – tvöfaldur (e) **2.35** Cheers – 10. þáttaröð (e) **3.00** Fasteignasjónvarpið (e) **3.10** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**16.20** Spænski boltinn beint **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Enski deildabikarinn** (Man. Utd. – Wigan)

**20.30 Ítölsku mörkin** (Ítölsku mörkin 2005-2006) Öll mörkin, flottustu tilþrifin og umdeildustu atvikin íltalska boltanum frá síðustu umferð.

**21.00 Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næst efstu deild.

**21.30 Spænsku mörkin** Síðasta umferð í spænska boltanum eru gerð ítarlega skil.

▶ **22.00 Stump the Schwab** (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur þar sem íþróttaáhugamenn láta ljós sitt skína.

**22.30 HM 2002 endursýndir leikir**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Stealing Harvard **8.00** Anger Management **10.00** Virginia's Run **12.00** Two Weeks Notice **14.00** Stealing Harvard **16.00** Anger Management **18.00** Virginia's Run **20.00 S.W.A.T.** (Sérsveitin) **22.00 Independence Day (e)** (Þjóðhátíðardagurinn)

**0.20** Windtalkers (Stranglega bönnuð börnum) **2.30** The Tuxedo (Bönnuð börnum) **4.05** Independence Day (e) (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News Weekend **14.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **15.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **16.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **17.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **18.00** It's Good To Be **18.30** Celebrity Soup **19.00** E! News Weekend **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Dr. 90210 **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Celebrity Soup **1.00** Dr. 90210 **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Helgaruppgjör (e) **8.00** Helgaruppgjör (e) **14.00** Charlton – Aston Villa frá 25.02 **16.00** WBA – Middlesbrough frá 26.02 **17.55** Þrumuskot

**19.00 Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt**

**20.00 Newcastle – Everton frá 22.02**

**22.00 Að leikslokum**

**23.00** Þrumuskot (e) **0.00** Birmingham – Sunderland frá 25.02 **2.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Lífið í lággróðrinum** **Sjónvarpið kl. 21.05**

### *Uppfinning hryggleysingja*

***David Attenborough fræðir áhorfendur um hið sterka og teygjanlega silki.***



Í þessum þriðja þætti er fjallað um hina merkilegu uppfinningu hryggleysingjanna, silkið. Það er sterkara en stálþráður af sama sverleika og auk þess teygjanlegt upp í tvöfalda lengd sína. Lífverurnar í lággróðrinum þróuðu með sér eiginleikann til að framleiða þetta einstaka efni snemma í þróunarferli sínu, fyrir meira en 300 milljónum ára, og þær nota það á margvíslegan hátt. Attenborough segir í þættinum að skordýrin noti silki til flutninga, til að gæta að ungviðinu, í tilhugalífinu og auðvitað við veiðar og að þótt mannfólkið sé snjallt hafi því ekki enn tekist að búa til jafn sterkt, létt og teygjanlegt efni eins og silkið er.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt **21.30** Á kassanum e **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.20** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.03** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Þar sem austrið er ekki lengur rautt **17.03** Víðsjá **18.00**

Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Söngvamál **21.00** Hve glöð er vor æska **22.15** Lestur Passíusálma hefst **22.22** Úr tónlistarlífinu – Myrkir músíkdagar 2006

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **21.30** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**21.10** *Fréttir*

60 MINUTES

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Silfur Egils** Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut**

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Olympic Games: Winter Olympic Games Torino Italy **13.30** Olympic Games: Olympic Extra **15.00** Football: Football World Cup Season Magazine **15.30** Football: Football World Cup Season Legends **16.30** Football: Eurogoals **17.30** Football: Goooooal ! **17.45** All Sports: Daring Girls **18.00** Olympic Games: Olympic Extra **19.30** Fight Sport: Fight Club **21.30** Football: Eurogoals **22.30** Car Racing: Daytona United States **23.30** Volleyball: European Champions League **0.00** All Sports: Daring Girls **0.15** Football: Goooooal !

**BBC PRIME**

**12.00** The Brittas Empire **12.30** 2 point 4 Children **13.00** Down to Earth **14.00** Balamory **14.20** Teletubbies **14.45** Tweenies **15.05** Binka **15.15** Fimbles **15.35** Ace Lightning **16.00** Animal Hospital **16.30** Bargain Hunt **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** No Going Back: A Year in Tuscany **19.30** Little Angels **20.00** Judge John Deed **21.30** Red Dwarf III **22.00** Days that Shook the World **22.50** Casualty **23.40** Radical Highs **0.00** Wild Weather **1.00** The Man Who Lost His Body **2.00** The Mark Steel Lectures

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Alien Worlds **13.00** Hunting Hounds of Arabia **14.00** Megastructures **15.00** Megastructures **16.00** Megastructures **17.00** Alien Worlds **18.00** Battlefront **18.30** Battlefront **19.00** Shadow of the Red Giants **20.00** Megastructures **21.00** Megastructures **22.00** Megastructures **23.00** War of the Worlds – The Real Story **0.00** Megastructures **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Animal Icons **14.00** Animal Planet at the Movies **14.30** Animal Planet at the Movies **15.00** Animal Cops Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** RSPCA – Have You Got What it Takes? **19.30** Wildlife SOS **20.00** Equator **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Animal Precinct **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Equator **2.00** RSPCA – Have You Got What it Takes?

**DISCOVERY**

**12.00** American Chopper **13.00** Thunder Races **14.00** Building the Ultimate **14.30** Building the Ultimate **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Mega-Wars **17.00** Rides **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** The History of Plastic Surgery **21.00** Trauma **22.00** Dr G – Medical Examiner **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Al Murray's Road to Berlin


# Ný námskeið að hefjast hjá Hress

8 vikna

**Kvennaátak, Karlaátak og Rope yoga 6. og 7. mars**



Eftir



Fyrir

**11 kg** á átta vikum

**Heiða Sigríður Davíðsdóttir** Ég ákvað að fara á átaksnámskeið til að losa mig við aukakíló eftir meðgöngu og barnsburð. Ég breytti einnig um mataræði, jók grænmetisneyslu og sneiddi hjá feitum vörum. Á þessu eina námskeiði náði ég öllum mínum markmiðum og gott betur, 11 kg „duttu" af. Mér fannst þetta rosalega gaman og leiðbeinandinn hvatti mannskapinn jákvætt áfram. Ég mæli með svona átaksnámskeiði fyrir konur því hver og ein hreyfir sig eftir getu og ástandi.

Námskeiðið kostar 17.990 kr.
Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2212 eða á mottaa@hress.is
**Hringdu strax og skráðu þig!**
Síðast komust færri að en vildu.

**Kvennaátak**
kl. 6.05 mán., mið., fös.
kl. 10.15 mán., þri., fim.
kl. 15.30 mán., mið., fös.
kl. 17.30 mán., mið., fös.
kl. 18.30 mán., þri., fim.

**Karlaátak**
kl. 18.30 þri., mið., fös.
kl. 19.30 mán., þri., fim.

**INNIFALIÐ Í VERÐI:**
- Þrír lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar í viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálsmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði

# Rope yoga

Rope yoga-kort veitir aðgang að öllum öðrum opnum tímum og tækjasal. Opinn tími á laugardögum.



**Námskeiðin hefjast 6. og 7. mars**
**Skráning er hafin í síma 565 2212 eða á mottaka@hress.is**

Námskeið 19.900 kr. Vönduð námsgögn 1.500 kr
*Kennari: Kolbrún Hauksdóttir*

Tímar
kl. 6.15 þri., mið. og fös.
kl. 17.30 mán., mið. og fim.
kl. 18.30 mán., mið. og fim
Opinn tími á laugardögum kl. 9.30

ROPE YOGA WORKOUT

HRESS HEILSURÆKT

Dalshrauni 11 · 220 Hafnarfirði · Sími 565 2212 · www.hress.is · hress@hress.is



## HRÓSIÐ

*...fær Aron Brink, sem stendur sig eins og hetja og stelur senunni í kvikmyndinni Blóðböndum.*



**LÁRÉTT**
**2** nautasteik **6** klukkan **8** sjór **9** ar **11** óreiða **12** ráðagerð **14** greinilegt **16** hvað **17** ferð **18** spíra **20** eldsneyti **21** eignarfornafn.

**LÓÐRÉTT**
**1** listi **3** kringum **4** lest **5** titill **7** apótekari **10** í hálsi **13** hljóð svína **15** traðkaði **16** rámur **19** bardagi.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** buff, **6** kl, **8** mar, **9** ryk, **11** rú, **12** áform, **14** skýrt, **16** ha, **17** túr, **18** ála, **20** mó, **21** sitt.
**LÓÐRÉTT: 1** skrá, **3** um, **4** farmrúm, **5** frú, **7** lyfsali, **10** kok, **13** rýt, **15** tróð, **16** hás, **19** at.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á síðu 8

1. Viðey.
2. Ólína Þorvarðardóttir.
3. Haukar.


Lottó
Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Vinningstölur laugardaginn 25.2.2006
1 2 5 12 29
Bónus tala 28
Einfaldur 1. vinningur nk. laugardag
Jókertölur vikunnar
Jóker 2 8 8 6 2
Fyrsti vinningur gekk út.

VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum
Vinningstölur miðvikudaginn 22.2.2006
Aðaltölur
4 20 27 42 43 47
Bónustölur 29 35
Ofurtala 26
Einfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag
Jókertölur vikunnar
1 8 5 8 2
Fyrsti vinningur gekk ekki út.
Birt með fyrirvara um prentvillur


## SÉRFRÆÐINGURINN ÞORMAR ÞORBERGSSON Í CAFÉ KONDITORI COPENHAGEN BAKAR 10.000 BOLLUR Á BOLLUDAG

# Bolluát með góðri samvisku

Margir vöknuðu við bank á bossann í morgun, enda sívinsæll og góður siður barna að reiða til höggs með litríkum bolluvendi á afturenda foreldranna áður en dagur hefst og boðið er til hlaðborðs rjómabollna í eldhúsinu. Reyndar hafa landsmenn að mestu fært bolluátið fram um einn dag, og segir Þormar Þorbergsson bakari í Café Konditori Copenhagen að sunnudagurinn sé orðinn mun stærri en bolludagurinn sjálfur.



„Þetta er danskur siður sem kom hingað snemma á síðustu öld og er enn stærsti dagur ársins í íslenskum bakaríum þótt um heila helgi sé að ræða. Danir byrja hins vegar strax að bjóða fram bollur í sínum bakaríum í janúar, sem er hrein viðbót við rjómakökuhefð þeirrar þjóðar, sem er vinsæl allt árið en nær hámarki á bolludaginn,“ segir Þormar, en Íslendingar eru meira fyrir súkkulaðitertur, frómasfyllingar og bakaðar þurrar kökur.

„Á Íslandi er til siðs að baka tvær tegundir af bollum; annars vegar vatnsdeigsbollur og svo gerdeigsbollur, en við bökum vínarbrauðsbollur eins og tíðkast í Danmörku, þar sem gerdeigsbollur eru með öllu óþekktar,“ segir Þormar og rifjar upp snjallræði íslenskra bakara fyrri tíma.

„Í gamla daga, þegar Danir voru með smjör í öllu sínu, var hreint ekki hlaupið í það að komast í gott hráefni hér. Þá redduðu menn sér með brauðbollum í stað vínarbrauðsbollna og úr varð hefð sem haldist hefur æ síðan, eins og reyndar mikið af íslenskum bakarísvörum sem urðu til úr því hráefni sem var til hverju sinni, en þá stóð upp á bakarana að finna eitthvað sniðugt úr því sem til var,“ segir Þormar, sem býður engum upp á megrunarbollur í sínu bakaríi.

„Við notum smjör í deigið, rjóma í kremið og sýnum enga miskunn þar. Þetta er auðvitað engin hollustuvara og þýðir ekkert að þykjast neitt með það. Þetta á fyrst og fremst að vera rosalega gott, enda skemmtileg hefð með tilheyrandi syndum í mataræði. Óhóf hefur þó minnkað og færri raða í sig bollum í tugavís, en flestir leyfa sér bolluát á sunnudeginum og aftur í vinnunni daginn eftir með góðri samvisku.“





**RAGNAR KJARTANSSON OG ÁSDÍS SIF GUNNARSDÓTTIR** Myndlistarfólkið og hjónin sjá um helgarnámskeið í Myndlistaskólanum í Reykjavík þar sem þau skoða myndlist út frá tónlistinni.

## MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK: HELGARNÁMSKEIÐ Í MARS

# Myndlist og tónlist renna saman

Myndlistarfólkið Ragnar Kjartansson og Ásdís Sif Gunnarsdóttir sjá um helgarnámskeið fyrir ungt fólk í annað sinn og fara námskeiðin fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Á námskeiðunum munu þau taka fyrir þann bræðing sem skapast þegar myndlist og tónlist renna saman. „Þarna verðum við að skoða myndlist út frá tónlistinni því tónlist er svo góður inngangur að nútímamyndlist. Fólk er oft með fordóma gagnvart nútímalist ef það sér hana í listasöfnum en þegar fólk sér hana í tónlistarmyndböndum skilur það hana miklu frekar,“ segir Ragnar Kjartansson, sem er einnig söngvari hljómsveitarinnar Trabant.

Myndlistin hefur haft gífurleg áhrif á mótun tónlistarsögunnar og margir tónlistarmenn tengjast myndlistinni á einhvern hátt. Þar má meðal annars nefna The Rolling Stones, Pink Floyd, Björk, David Bowie, The Velvet Underground, Beck og fleiri. Á námskeiðinu verður farið yfir þessa sögu auk þess sem gerð verða verkefni sem tengja saman tónlist og myndlist.

„Tónlistin vinnur mikið með myndlistinni og sömuleiðis myndlistin með tónlistinni. Á námskeiðunum verðum við með kynningu á þessari tengingu auk þess sem við fáum fólk til að vinna út frá henni. Maður lærir mest á því. Fólk virðist vera nokkuð forvitið um þetta því það er slatti búinn að skrá sig.“

Aðspurður hvað þau vilji að fólk fái út úr námskeiðunum segir hann: „Við vonum bara að fólki finnist þetta spennandi og muni vinna áfram með þessa hugmynd. Það er draumurinn, að starta einhverju í hausnum á fólki.“ Námskeiðið stendur yfir þrjár fyrstu helgarnar í mars og lýkur með uppákomu í Hinu húsinu.

hilda@frettabladid.is

# Sjónvarpsfyrirsæta til Íslands

Shandi Sullivan, sem flestir Íslendingar þekkja úr sjónvarpsþættinum vinsæla America's Next Top Model kemur til Íslands 4. mars til að þeyta skífum á Gauki á Stöng.

Shandi er einn af þekktari plötusnúðum sem spila tónlist níunda áratugarins í New York um þessar mundir auk þess sem hún sinnir fyrirsætustörfum.

Með Shandi í för verður hip hop-plötusnúðurinn DJ Lord Sess og Karaoke Killed the Cat, sem er karókíhópur Shandi og vina hennar.

„Eftir að hún var í Top Model fór hún aftur að vinna í Walgreens og flutti til New York. Þar kynntist hún þessum karókíkrökkum og þeir komu henni á framfæri úti,“ segir Margrét Mack, sem stendur að komu þeirra Shandi og félaga til lands. „Hún er í litlum verkefnum sem fyrirsæta og var til dæmis á pöllunum á Fashion Week í byrjun febrúar. Hún er að fá fjölbreytt verkefni því hún lítur svo venjulega út og er ofsalega há og grönn. Það er hægt að nota hana í svo margt,“ segir hún um Shandi.

Margét fór með vinkonu sinni á tónleika The White Stripes síðasta haust í New York og fóru þær m.a. á stað sem heitir Pianos. „Á efri hæðinni var karókí í gangi en við föttuðum það ekki fyrr en eftir svona fjögur til fimm lög því þetta var alveg geðveikt. Þeir voru búnir að spila yfirgnæfandi á lögum og þetta var dálítið flottara en á Ölveri,“ segir hún.

Shandi og félagar munu dvelja í eina viku á Íslandi. Mun einn félaganna nota ferðina sem brúðkaupsferð. Eftir Íslandsdvölina verður ferðinni síðan heitið til London vegna frekara tónleikahalds.

- fb



**SHANDI SULLIVAN** Fyrirsætan og plötusnúðurinn er á leiðinni hingað til lands í næstu viku.

# RISA ÚTSALA!

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

## 100.000 KRÓNA ÚTTEKT Í SMÁRALIND FYLGIR HVERJUM TILBOÐSBÍL!




**SJÓNVARP? ÖRBYLGJUOFN? FISKABÚR? UPPÞVOTTAVÉL? MAT? HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA VIÐ ÞINN 100 ÞÚSUND KALL?**

100% FJÁRMÖGNUN!
ALLT AÐ 600.000 KR. LÆKKUN!
MIKIÐ ÚRVAL TILBOÐSBÍLA

Rafrænt inneignarkort




NOKKUR DÆMI UM NOTAÐA TILBOÐSBÍLA:

| KIA SORENTO | OPEL ZAFIRA COMFORT | CITROEN XSARA P. |
|---|---|---|
| Árgerð 2005 - Ekinn 7. þús. Sjálfskiptur – 3.480.000 kr. | Árgerð 2000 - Ekinn 150. þús. Beinskiptur – 1.090.000 kr. | Árgerð 2003 - Ekinn 34. þús. Beinskiptur – 1.390.000 kr. |
| **Tilboð: 2.990.000,-** | **Tilboð: 870.000,-** | **Tilboð: 1.240.000,-** |

**Ingvar Helgason** | **NOTAÐIR BÍLAR** OPIÐ: Virka daga kl. 9:00 -18:00, laugardag kl. 10:00 -16:00 og sunnudag kl.12:00 -16:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



98,9 BYLGJAN




**BAKÞANKAR**


ÞRÁINS BERTELSSONAR


## *Hveitibrauðsdögum aflýst*

Það var yndislegt veður á laugardaginn eins og vorið hefði misst allt tímaskyn og væri mætt á stuttermabol til að fagna hækkandi sól. Fuglarnir á Reykjavíkurtjörn virtust eiga von á kalli náttúrunnar á hverri stundu, skilaboðum um að hefja makaval, hreiðurgerð og tilhugalíf. Roskin og athugul andamaddama horfði forvitnislega á mig þegar ég rétti fram sneið af trefjaríku heimilisbrauði og vildi að hún tæki við því úr hendinni á mér.

**UNDARLEGUR** maður þetta, hugsaði hún og lét sem hún sæi ekki brauðsneiðina þar til ég gafst upp á að dekstra hana og fleygði sneiðinni til hennar. Hann hefur greinilega ekki tekið eftir því að það er búið að aflýsa hveitibrauðsdögum á Tjörninni þetta árið að minnsta kosti og sömuleiðis heilhveiti-, vínar- og rúgbrauðsdögum, hugsaði öndin og nartaði hneyksluð í brauðsneiðina sem hafði drukkið í sig Tjarnarskólpið og var orðin að lystugri andamáltíð.

**UNDARLEGI** maðurinn sá ekki neitt undarlegt þegar hann skoðaði spegilmynd sína í móbrúnu vatninu, en þegar hann leit upp og fór að horfa í kringum sig áttaði hann sig á því hvað andamaddömunni þótti svona undarlegt: Á þessum fagra degi var hann eini einstaklingurinn sem var staddur í námunda við Reykjavíkurtjörn án þess að hafa sundfit á milli tánna, ef frá eru taldir nokkrir englar sem voru að æfa listflug kringum stólstaf sem var kominn um langan veg til að varpa nýju ljósi á Tjarnarhólmann.

**LOKSINS** skynjaði undarlegi maðurinn að ekki var allt með felldu við Tjörnina þennan yndislega morgun. Hann hafði greinilega villst inn á bannsvæði óttans. Þrátt fyrir að einungis 91 manneskja í gervallri veröldinni hafi látist úr fuglaflensu frá því að hennar varð vart meðal manna í Hong Kong 1997, þrátt fyrir að stjórnmálamenn, vísindamenn og fjölmiðlar keppist við að útskýra fyrir fólki að það hafi ekkert að óttast - enn þá - hefur óttinn við drepsótt tekið sér bólfestu meðal fólksins í landinu. Þeir sem vilja skynja óttann sem enginn talar um geta lagt leið sína niður að Reykjavíkurtjörn þar sem hveitibrauðsdögum vorsins hefur verið aflýst um óákveðinn tíma.


Sjálfskipt og allt allt öðruvísi

Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Mánaðargreiðsla 21.033,-*

1.750.000,- Sjálfskipt - 1.8 l. vél

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, vhiti í sætum, aksturstölva og margt, margt fleira.

Opel Astra er gjörbreytt bifreið eftir að hafa verið endurhugsuð frá grunni. Þrátt fyrir að vera sjálfskipt, með stærri vél og hlaðin aukabúnaði er Opel Astra 1.8 með ódýrustu bílunum á götunni. Kynntu þér alveg nýja Opel Astra í dag.

EURO NCAP ★★★★★

NCAP eru leiðandi í öryggis- og árekstrarprófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði – Aukabúnaður á mynd: álfelgur.





Hefur þú smakkað hreinan ávaxtasafa?

Þegar þú pressar hreinan ávaxta- eða grænmetissafa úr Solis safapressunni, þá áttarðu þig á því hvað hreinn safi er.



Þú setur ávexti í heilu lagi í pressuna og færð hreinan safa á svipstundu.

Verð 13.900 kr.



RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Kynningarmyndband á www.avaxtabillinn.is og www.ormsson.is